

2

Heimaslátrun og markaðssetning heimil næsta haust



10

Áframhaldandi stuðningur við smáframleiðendur



28-29

Ný Oddakirkja verður byggð og Sæmundarstofa verður menningar- og fræðasetur



Bændablaðið

5. tölublað 2021 • Fimmtudagur 11. mars • Blað nr. 582 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Vetrarhátíð var haldin í Mývatnssveit um liðna helgi og tókst einkar vel, fjölmenni mætti og fylgdist með viðburðum sem á dagskrá voru í blíðskapar vetrarveðri. Greinilegt var að menn kunnu vel að meta að gera sér dagamun. Vetrarhátíðin við Mývatn er einstakur viðburður þar sem bæði hefðbundnar og óhefðbundnar vetrarípróttir eru stundaðar úti í náttúrunni. Hið árlega hestamót, Mývatn Open – Hestar á is, var á dagskrá, til að byrja með á Mývatni en var svo fært frá Stakhólstjörn yfir á Skútustaðaengi þar sem ísinn var ekki nægilega traustur á vatninu. Dorgveiði var einnig á dagskrá og fylgdust um 120 manns með þeirri keppni, en fyrir henni stendur Veiðifélag Mývatns, elsta veiðifélag landsins, stofnað í febrúar árið 1905.

Myndir / Marcin Kozaczek

Breytingar á félagskerfi landbúnaðarins verður helsta málið á Búnaðarþingi 2021:

„Hugnast ekki óbreytt ástand“

– segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, sem vill efla stöðu BÍ sem hagsmunasamtaka fyrir alla bændur á landinu

Búnaðarþing 2021 verður haldið á Hótel Sögu dagana 22. og 23. mars að öllu óbreyttu. Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að helsta málið á dagskrá séu breytingar á félagskerfi landbúnaðarins og að efla stöðu Bændasamtakanna sem hagsmunasamtök fyrir alla bændur á landinu.

„Megináherslan á þinginu eru félagskerfisbreytingar þar sem stjórn Bændasamtaka Íslands mun leggja fram tillögu að tvenns konar sviðsmyndum. Annars vegar óbreyttu fyrirkomulagi, sem okkur hugnast illa, og hins vegar fyrirkomulagi þar sem búgreinafélögin renna undir Bændasamtökin og starfsemi því tengdu. Slík sameining gerir okkur kleift að ná fram áherslubreytingum í starfsemi samtakanna og um leið verulegri hagræðingu í tengslum við hagsmunagæslu fyrir bændur í landinu.“



Gunnar Þorgeirsson.

Samþætting vinnu

Gunnar segir að við það að búgreinafélögin renni undir Bændasamtökin þýði að megináherslur verði lagðar af stjórn samtakanna með stuðningi búgreinaeilda.

„Gert er ráð fyrir að starfsmenn búgreinafélaganna muni með breytingunni færast til Bændasamtakanna og búgreinaeildirnar yrðu þannig til stuðnings fyrir mál sem varða hverja búgrein fyrir sig.

Á sama tíma er hægt að samþætta vinnuna þegar kemur að sameiginlegum málum þannig að það séu ekki margir að vinna sömu vinnuna hver í sínu horni og á það til dæmis við vinnu við gerð athugasemda við lagafrumvörp, í sambandi við umhverfismál, matvælamerkingar og önnur mikilvæg verkefni. Með þessu tel ég að við munum efla starfsemi Bændasamtakanna og gera vinnu innan þeirra mun skilvirkari.“

Hugnast ekki óbreytt ástand

Gunnar segir að honum hugnast það illa ef breytingarnar á félags-

kerfinu verða ekki samþykktar og að þá verði bændur að fara að gera upp við sig hver tilgangur Bændasamtakanna sé og hvert sé hlutverk þeirra í framtíðinni.

„Eitt af því sem þarf að skoða, verði ástandið óbreytt, er hvernig verkaskipting á að vera milli Bændasamtakanna og búgreinafélaganna. Það er gersamlega ótækt til lengdar að það séu allir að grauta í sama pottinum.“

Að sögn Gunnars hafði stjórn BÍ talsverðar áhyggjur af því hversu margir mundu skrá sig í samtökin eftir að tekið var upp veltugt félagsgjald en ánægjulegt að bændur sjái sér hag í að tilheyra samtökum bænda. „Þrátt fyrir þær áhyggjur eru félagar í samtökunum svipað margir og þeir voru, þó að mínu mati séu of margir bændur enn fyrir utan

samtökin þrátt fyrir að njóta góðs af starfsemi þeirra.“

Umhverfismál og búvörusamningar

„Ef breytingarnar verða samþykktar taka þær gildi 1. júlí og í framhaldinu verða umhverfismál tengd íslenskum landbúnaði tekin til skoðunar og dregin saman í eina heildstæða skýrslu svo hægt verði að gera áætlun um hvað þurfi að gera á næstu árum til að bæta stöðuna og helst að kolefnisjafna allan landbúnað og alla bændur í landinu.

Annað er að horfa til endurskoðunar á búvörusamningnum 2023 og hverjar áherslur Bændasamtakanna eiga að vera og hvað verður um búvörusamninginn 2026 þegar hann rennur út og hvaða sýn við höfum til framtíðar eftir það,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. /NH

Lely Center Ísland

Aðeins í vefverslun lci.is í mars

LCI.is



20% afsláttur í vefverslun LCI.is af sauðburðarvörum og leikföngum í mars



Allar sendingar yfir 12.000.- kr. eru sendar heim með póstinum án sendingarkostnaðar.

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is

Lely Center Ísland

breviglieri

cosmo

BPF ruddasláttuvél
2,25m vinnslubreidd
kr. 950.000 + vsk (1 stk. til)



RXX 1600 áburðardreifari - 1600 lítra 2 skífu
kr. 795.000 + vsk **Tilboðsverð!** (2 stk. til)

RXX 1900 áburðardreifari - 1900 lítra 2 skífu
kr. 855.000 + vsk **Tilboðsverð!** (1 stk. til)



Cosmo

UH 72 jarðtætari 1,9 metra vinnslubreidd kr. 590.000 + vsk (2 stk. til)
UH 84 jarðtætari 2,1 metra vinnslubreidd kr. 640.000 + vsk (3 stk. til)
VH 90 jarðtætari 2,3 metra vinnslubreidd kr. 920.000 + vsk (2 stk. til)

Breviglieri

B170 jarðtætari 3 metra vinnslubreidd HD "Heavy Duty" gerð m. jöfnunarvals kr. 2.190.000 + vsk
B123 jarðtætari 3 metra vinnslubreidd án vals kr. 1.640.000 + vsk (1 stk. til)
Mek 150 pinnatætari 3,5 metra vinnslubreidd með vökvastilltum jöfnunarvals kr. 2.370.000 + vsk (1 stk. til)



Verð m.v. gengi EUR 155

Vorið nálgast !

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

 **Kverneland**



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni

 **JCB**



Nýsköpun - metnaður - framsækni

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvönnu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Góður gangur

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 hefur hrist heldur betur upp í samfélögum manna um allan heim og fengið fólk til að átta sig á að góð heilsa er ekki jafn sjálfgefið fyrirbæri og við höfum flest talið. Þá hefur COVID haft mikil áhrif á hegðun fólks og efnahagslíf þjóða.

Íslendingar eru sennilega betur settir en margar aðrar þjóðir í þessum heimsfaraldri af ýmsum ástæðum. Hér var efnahagsstaða ríkisins ótrúlega góð til að takast á við áfall af þessum toga. Þá hefur okkur auðnast að fara að verulegu leyti eftir leiðbeiningum sérfræðinga sem hefur reynst okkur farsælt.

Vissulega var það mikill skellur að missa nær alveg þá veigamiklu stoð sem ferðaþjónustan er úr atvinnulífinu svo að segja í einu vetfangi. Eigi að síður hefur Íslendingum tekist að halda uppi tiltölulega stórum hluta atvinnulífs sem er meira en hægt er að segja um margra aðrar þjóðir. Lögð hefur verið mikil áhersla á að halda matvælaframleiðslu gangandi eins og landbúnaði og sjávarútvegi, enda er fátt mikilvægar á svona tímum en að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Það er því ekki nein tilviljun að þjóðir heims hafi lagt ofuráherslu á fæðuöryggi sitt, því flestum er ljóst að ef menn geta ekki brauðfætt sig sjálfir þá er ekki á vísan að róa með aðstoð þegar í harðbakkann slær.

Á Íslandi poppa samt upp annað slagð vitringar sem hafa gert lítið úr fæðuöryggisumræðunni. Sama fólk gerir gjarnan lítið úr hættu á að hingað berist sýklalyfjaónæmar bakteríur. Samt er útbreiðsla ofurbaktería talin vera af helstu faralds-sérfræðingum heims mesta viðvarandi ógn við lýðheilsu jarðarbúa, jafnvel að COVID-19 faraldrinum meðtöldum.

Það er líka dapurlegt að fylgjast með því þegar úr hópi ríkisrekkinna sérfræðinga berast stöðugar neikvæðar raddir í garð íslensks landbúnaðar þar sem látið er í veðri vaka að það sé einsdæmi á heimsvísu að landbúnaður njóti ívilunar af hálfu ríkisins eins og hér er gert. Þessu sama fólk finnst svo ekkert siðferðilega athugasvert við það að kaupa helst öll okkar matvæli frá útlöndum sem eru niðurgreidd í stórum stíl af viðkomandi ríkjum.

Óneitanlega er svolítið pirrandi að heyra svo sömu fræðimenn flytja síbylju um að Bændablaðið sé rekið fyrir fé úr ríkissjóði. Undirritaður hefur starfað við þennan fjölmiðil í rúm tíu ár og allan þann tíma hafa auglýsingatekjur staðið undir rekstrarkostnaði blaðsins og oftast gott betur. Kannski er þessi tilraun til að sverta blaðið í augum almennings sprottin af öfund, því þekkt er að sumir þola ekki velgengni annarra og alls ekki ef sú velgengni er sprottin af eigin verðleikum.

Til fróðleiks má geta þess að frá 2010 hefur stærð blaðsins aukist um 180% og upplag um nærri 58% þó starfsmannaföldi sé enn sá sami. Auglýsingatekjur hafa haldist nokkuð vel í hendur við vaxandi gengi blaðsins. Bændablaðinu er dreift frítt en ekki troðið upp á nokkurn mann. Áhugsamir verða því að hafa fyrir því að sækja sér blað ef þeir vilja lesa það. Lesendakannanir Gallup árum saman hafa líka staðfest mikinn meðbyr. Hefur það verið vinsælasti prentmiðillinn á landsbyggðinni um árabíl og var fyrir COVID komið í annað sæti yfir landið allt ef höfuðborgarsvæðið er tekið inn í myndina. Vissulega hefur heimsfaraldurinn haft nokkur áhrif á dreifingu Bændablaðsins, en tryggð og velvilji lesenda hefur samt haldist ótrúlega vel og sömu sögu er að segja af tekjustreymi. Öllu tali um ríkisrekstur á Bændablaðinu er því enn og aftur vísað til föðurhúsanna. /HKr.

Sameinumst um mikilvæg verkefni

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Búnaðarþing verður haldið 22. og 23. mars næstkomandi þar sem félagskerfið verður meginsteifið á þinginu. Það fer óneitanlega um okkur hér varðandi þau COVID-19 smit sem eru að greinast í samfélaginu. Við stefnum ótraud á staðarþing þar sem okkur finnst nauðsynlegt að fara yfir málefni landbúnaðarins í góðu samtali við búnaðarþingsfulltrúa.

Boðað er til þingsins með öllum fyrirvörum um takmarkanir og byggjum við undirbúninginn á núgildandi reglugerð um takmarkanir á samkomum sem gildir til 17. mars næstkomandi. Við biðjum alla að fylgjast vel með ef einhverjar breytingar verða eftir þann 17., hvort sem er til frekari takmarkana eða rýmkanar. Á grunni núgildandi fyrirkomulags þá munu þingfulltrúar fá afhentar leiðbeiningar um fyrirkomulag og sætaskipan og er nauðsynlegt fyrir okkur að gæta vel að persónulegum sóttvörnum.

Mælaborð landbúnaðarins

Ráðuneyti landbúnaðarins hefur kynnt fyrir Bændasamtökunum fyrstu drög að mælaborði landbúnaðarins og það verður að segjast að verkefnið lofar góðu. Þetta er málefni og verkfæri sem hefur verið áhersluatriði undanfarinna ára að fá þessar upplýsingar samanteknar á einum stað. Það er ástæða til að koma á framfæri hrósi til ráðuneytisins með þessa framsetningu sem nýtast mun öllum sem starfa að málefnum landbúnaðarins. Ég treysti því að þetta verði opnað með viðhöfn þegar búið verður að fylla inn í fleiri glugga í mælaborðinu.

Landbúnaðarháskólinn

Eftir tveggja ára samtal og viðræður er



Frá Búnaðarþingi 2020.

Mynd / HKr.

starfsnámi í garðyrkju óskrifað blað, þó hefur verið tekin ákvörðun um að færa starfsmenntanamið til Fjölbrautaskóla Suðurlands, sem er jákvætt. En að staðan á Reykjum á að vera á hendi Landbúnaðarháskólans, þar sem helst á ekki að hleypa grunnáminu að með sína starfsemi, samkvæmt nýrri þarfagreiningu Lbhí. Við í garðyrkjuni höfum nálgast málefni námsins af mikilli yfirvegum síðastliðin tvö ár og vilja til að leita sátta, en nú er mællirinn fullur. Enn og aftur skal horft til þess að Lbhí þurfi alla aðstöðuna á Reykjum fyrir sína rannsóknarstarfsemi. Við höfum ekki rannsóknunum en teljum skynsamlegt skref að byrja á grunnáminu svo einhverjir verði til að framleiða og skapa verðmætin á grundvelli allra rannsókna. Ef fer fram sem

horfir verður væntanlega ekkert grunnnám á Reykjum. Ég er líka hugsu yfir því hvert Landbúnaðarháskólinn stefnir á grundvelli frumframleiðslunnar í landbúnaði. Nú skrifa fræðimenn greinar og skýrslur um ofbeiti á Íslandi sem sé svo umfangsmikil og umtalsverð að eina lausnin liggi hreinlega í því að fella allan bústofn. Væri ekki nær að skólinn og þeirra starfsmenn væru með uppbyggilegar leiðbeiningar til bænda hvernig betur mætti fara heldur en að mála þá sem skúrka náttúrunnar? Við verðum að auka veg og vanda þessarar menntastofnunar í stað þess að nota hann í pólitískum áróðri gegn bændum þar sem engan stuðning og leiðbeiningar er að fá til þeirra mikilvægu verkefna sem við þurfum öll í sameiningu að takast á við.



ÍSLAND ER LAND ÞITT



Af Djúpavatnsleið. Þetta er hluti af Krísuvíkurgosbeltinu á Reykjanesi, en sprungusveimurinn frá því teygir sig m.a. í gegnum Norðlingaholt ofan við Breiðholtið í Reykjavík og að Rauðavatni. Vestan til í þessu belti hefur verið nokkuð um jarðskjálfta að undanfögnu, en til vinstri við vegginn og hæðina sem þarna sést er Djúpavatn. Það er 0,15 km² stöðuvatn sunnan Trölladyngju og Soga á Reykjaneskaga og er í 195 m hæð yfir sjó. Miklið er af bleikju í vatninu, en bleikju af Þingvallastofni var sleppt í það í kringum 1960.

Mynd / Hörður Kristjánsson



Dalvíkurbyggð:

Foreldrafélagið gaf 100 skauta

Foreldrafélag Dalvíkurskóla og styrktaraðilar færðu á dögunum Íþróttamiðstöðinni í Dalvíkurbyggð alls 100 skauta til afnota fyrir þá sem vilja.

Skautarnir eru í fjölbreyttum stærðum, frá númer 25 og upp í 48, þannig að nánast allir ættu að geta brugðið sér á skauta á Dalvík. Fyrir hendi er fínasta skautasvell. Foreldrafélagið gaf einnig 14 hokkíkylfur, 4 pökka og 40 hjálma. Starfsfólk íþróttamiðstöðvar lána skautana út.

Myndirnar voru teknar þegar skautarnir voru afhentir en viðstaddir voru m.a. Freyr Antonsson, formaður foreldrafélagsins, og Friðrik Arnarson, skólastjóri Dalvíkurskóla, ásamt Katrínu Sigurjónsdóttur, bæjarstjóra í Dalvíkurbyggð.

Við afhendingu gjafarinnar var börnum í Dalvíkurskóla greint frá umgengnisreglum bæði varðandi skautana og skautasvellið. /MPP



Viðbúnaður dýraeigenda vegna náttúruhamfara:

Hver og einn umráðamaður dýra ætti að gera áætlanir

Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar fyrir dýraeigendur vegna mögulegra náttúruhamfara á Reykjanesi. Þar kemur fram að allir eigendur dýra og umráðamenn fyrirtækja með starfsemi með dýr ættu að gera áætlanir og undirbúa viðbrögð eftir því sem kostur sé. Hver og einn þurfi að velta fyrir sér hvernig hann telur að dýrum í hans umsjá sé best borgið.

Stofnunin telur að þörf sé á því að viðbrögð séu undirbúin í ljósi þess að ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir hættustigi almannavarna á Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu.

Sýkt eða ósýkt svæði

„Komi til þess að flytja þurfi sauðfé burt af svæðinu þarf að hafa í huga að vegna riðu má ekki flytja fé í önnur varnarhólf, nema með aðkomu Matvælastofnunar. Svæðið tilheyrir Landnámshólfi, sem skiptist í sýkt og ósýkt svæði hvað varðar riðu. Innan sýkta svæðisins eru sveitarfélögin Ölfus, Hveragerði og Grímsnes- og Grafningshreppur en í ósýkta hlutanum eru sveitarfélögin á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Fé má ekki flytja frá sýktu svæði til ósýkts. Því þurfa fjáreigendur á Reykjanesi að leitast við að finna stað í ósýkta hluta hólfsins, til að flytja féð á ef nauðsyn krefur. Ef enginn kostur innan ósýkts svæðis er mögulegur skal samband haft við Matvælastofnun sem mun þá meta þau úrræði sem völ er á,“ segir í tilkynningu Matvælastofnunar.

Varðandi dýr sem ekki er hægt að flytja

burt þarf að skoða þann möguleika hvort aðrir geti sinnt þeim ef dýraeigendurnir sjálfir eru ekki í stakk búinir – eða hafa þurft að yfirgefa þau í skyndi. Matvælastofnun bendir á að til að auðvelda björgunarsveitum eða öðrum ókunnugum umhirðu dýrana ættu eftirfarandi upplýsingar að vera sýnilegar og uppfærðar á þeim stað sem dýrin eru:

1. Nöfn, heimilisföng og símanúmer þeirra sem þekkja best til
2. Upplýsingar um hvar finna megi lista yfir dýrin með númerum og/ eða öðrum einkennum
3. Upplýsingar um veikindi dýra, burði og aðra mikilvæga þætti
4. Upplýsingar um fjölda dýra og staðsetningu þeirra í húsum og beitarhólfum
5. Kort yfir hús og beitarhólf
6. Leiðbeiningar um helstu verk, s.s. fóðrun og mjaltir
7. Upplýsingar um fóður, s.s. staðsetningu og birgðir
8. Upplýsingar um stjórnun mikilvægs tækjabúnaðar, s.s. mjalta-, fóður- og loftræstikerfis, vararafstöðva o.s.frv.

Mikilvægt sé að einstaklingsmerkja og skrá gæludýr, hross og önnur dýr sem hætta er á að sleppi úr haldi og lendi á flækingi við skyndilegar náttúruhamfarir, meðal annars til að auðveldara sé að koma þeim til síns heima.

Sérstakar leiðbeiningar vegna mögulegs eldgoss

Matvælastofnun er með sérstakt ítarefni með leiðbeiningum vega mögulegs eldgoss. Þar segir að gosefni sem berast með vindi geti mengað gróður og vatn og borist ofan í skepnur. Öskukornin séu oddhvöss eins og örmá glerbrot. Þau særa augu, öndunarfæri og meltingarveg, geta valdið niðurgangi, tannsliti og fótisæri.

„Flúor loðir við yfirborð kornanna. Magn flúors eykst því eftir því sem askan er finni. Fín aska langt frá eldstöð er því ekki síður hættuleg skepnur en aska sem fellur nær. Flúor bindur kalsíum í torleyst sambönd og stuðlar þannig að kalkskorti. Bráð eitrun getur valdið doða í ám og kúm, og klumsi í hryssum, einkum seint á meðgöngu og um burð eða köstun. Langvinn eitrun getur leitt af sér alvarlegt misslit á jöxlum (gadd), sem gerir skepnunum erfitt að tyggja, sem og óeðlilegar beinmyndanir á fótleggjum, sem valda holti. Hætta vegna eldgoss er breytileg eftir árstíð, dýrategund, aldri, magni flúors og annarra efna í öskunni og hvert askan berst. Hindra skal ef unnt er öskufall á skepnurnar og í fóður þeirra og sjá til þess að þær hafi aðgang að hreinu drykkjarvatni. Ef aska fellur á óslegið tún á heyskapartíma, er vissara að biða með slátt þar til rígt hefur, sama gildir um beitiland. Flúorinn þynnist fljótt og eitrunarhætta dvínar, þegar rignir. Falli flúormenguð aska á hey þarf að meta magn flúors, sem gæti borist í skepnurnar og taka ákvörðun um nýtingu heysins á grundvelli þess,“ segir í leiðbeiningum Matvælastofnunar.

/smh

MÆLT AF MUNNI FRAM

269

Við upphaf þessa þáttar er tilefni til að gjöra ofurlitla yfirbót. Mér fórust þannig orð í upphafi síðasta þáttar, að gera minn gamla læriföður, **Matthías Eggertsson**, að tilraunastjóra á Hallormsstað. Hið sanna er, að Matthías var tilraunastjóri á Skriðuklaustri frá árinu 1962 til ársins 1971. En fyrst að hugurinn er kominn á Austurland, þá skulum við vanda frekari vísnaletistur. Á dögunum barst mér ljóðabókin „Agnir“ eftir **Braga Björnsson** frá Surtsstöðum. Bókina færði mér sonur hans, **Stefán S. Bragason**, búsettur á Egilsstöðum. Þakklæti mitt er ómælt, enda Bragi í hópi minna eftirlætis vísnaðaldra. Bragi var fæddur og uppalinn á Surtsstöðum í Jökulsárhlíð og bjó þar síðan frá 1950 til 1981. Fyrsta vísa þessa þáttar prýðir upphafssíðu bókarinnar, og boðar framhaldið miklar væntingar:

*Stundum þegar einn ég er
og ekkert kys að heyra,
þá er eins og þögnin mér
þylji vísu í eyra.*

Eitt af skýrustu einkennum í vísun **Braga**, er hin einstaka list, að haga orðum eftir afar vitrænni hugsun. Samt er orðfærið svo lifandi og létt. Engin greinarmerki, aðeins talandi samfella:

*Mér hefur fundist mest um vert
á mannlífsvegi hálum
ef ég hefji getað gert
gott úr illum málum.*

*Er ég lífið yfirgef
ánægður legg á pollinn
bara ef eg aðeins hef
aura í ferjutollinn.*

*Borgarteiti síst fær seitt,
solli neita glaður;
eðlið breytist ekki neitt.
Eg er sveitamaður.*

*Andagift mig einatt skorti
á öllum vísun sést,
að ljóðið sem ég aldrei orti
er og verður best.*

Jafnvel, þegar **Braga** þótti um við menn og málefni, er orðfærið gætilegt en beitt í senn. Yfirskrift vísanna ekki skammarlegar, – aðeins „olnbogaskot“.

*Þessi andans arkitekt
æfir bókaflóði,
sálin berar sína nekt
sögum í og ljóði.*

*Sjaldan varstu viðbragðsfljótur,
var þín leti um sveitir spurð,
en þér var aldrei þungur fótur
þyrfi mann í söguburð.*

*Til að buga gamlan grun
gróinn huga inni
ekki duga okkur mun
áratugakynni.*

*Hafði á orði hjálparráð
hvar sem þorði að sinna,
en á borði, ef að var gáð,
eyddi forða hinna.*

*Mannþingum öllum á
eins og ljótur draumur
vellur þínum vörum frá
vitleysunnar flaumur.*

*Ellidaudum út af þér
upp hefst ráðabruggun.
Stofnsjóðurinn ennþá er
ættingjunum huggun.*

*Upp hann hefur ekki baun,
örðug reynist salan.
Gerir honum grikk á laun
greindarvísitalan.*

*Að gjafmildinni glotta kalt
glaptir fölskum tónum
menn sem jafnan meta allt
manngildi í krónum.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com





Landbúnaðarbyggingar

Ef þú ert að huga að nýrri byggingu eða endurbæta eldri byggingar býður BYKO lausnir sem henta fyrir hvaða verkefni sem er. Hvort sem byggingin er gerð með stálgrind eða límtré þá leggjum við okkur fram um að aðstoða þig við framkvæmdirnar. Sendu okkur línu á bondi@byko.is



Staðlaðar vélaskemmur

BYKO býður staðlaðar stálskemmur í fjórum stærðum: 80m², 150m², 250m² og 350m².


Allt efni til að fullklára skemurnar fylgir með auk þess sem þær eru fullhannaðar og tilbúnar að panta strax. Afgreiðslutími er u.þ.b 10 vikur.

Fáðu nánari upplýsingar, bondi@byko.is

Yleiningar

Yleiningar eru léttar stál-klæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauds- eða steinullarkjarna.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þríf, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.



Gripaburstar

Easy Swing gripaburstar fyrir velferð dýranna

Í samstarfi við Finneasy í Finnlandi býður BYKO nú upp á Easy Swing gripabursta af ýmsum stærðum án mótorar. Burstarnir henta gripum allt frá ungam kálfum upp í fullorðin naut. Burstarnir eru smíðaðir með mikið álag í huga. Easy Swing gripaburstartarnir eru auðveldir í uppsetningu og kosta mun minna en rafmagnsdrifnir kúaburstar.




Fjósaeiningar

Til á lager

DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsníðnar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingarnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímajósa.



Gólf í gripahús


BYKO býður nú ýmsar stærðir steinbita fyrir nautgripi á lager

Hvort sem verið er að endurnýja eldri fjós eða byggja nýtt bjóðum við steinbita sem henta fyrir öll verkefni.

Steinbitarnir eru framleiddir í vottuðum verksmiðjum og uppfylla allar kröfur um evrópustaðla.

Steinbitana er mögulegt að fá fyrir allt að 6 tonna öxulþunga.

Við bjóðum einnig sérsníðin velferðagólf fyrir steinbita.




Til á lager

Básamottur

Við bjóðum sérsníðnar gúmmimottur í ýmsum gerðum fyrir allar gerðir gripahúsa.

Flestir eru sammála að stept undirlag er ekki náttúrulegt fyrir kýr og getur valdið því að þeim líði illa og framleiði þar af leiðandi minna magn af mjólk.

Motturnar eru sérskorar fyrir hvert verkefni fyrir sig og fer því nánast ekkert til spillis auk þess sem fljótlegt er að leggja þær á gólfid.



DOBRŮ

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTIR

Kosið um sameiningu í Austur-Húnavatnssýslu 5. júní

Sveitarstjórnir Húnavatnshrepps og Skagabyggðar hafa samþykkt tillögu sameiningarnefndar Austur-Húnavatnssýslu um að sveitarfélögin fjögur í sýslunni hefji formlegar sameiningarviðræður.

Einnig var samþykkt að hvert sveitarfélag skipi tvo fulltrúa og tvo til vara í samstarfsnefnd. Um er að ræða öll sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu, þ.e. Húnavatnshreppur, Blönduós-bær, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd. Kosið verður 5. júní á kjörstað. 1. desember




2020 voru íbúar sveitarfélaganna 1893. /MHH

Kosið um sameiningu á Suðurlandi í haust

Sveitarstjórnir Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárbings eystra, Rangárbings ytra og Ásahrepps hafa samþykkt að kosið verði um sameiningu sveitarfélaganna samhliða alþingiskosningunum í haust, eða laugardaginn 25. september.

Samþykki íbúar tillöguna verður til langstærsta sveitarfélag Íslands og þar af leiðandi stærsta skipulagsumdæmi landsins. Innan marka sveitarfélagsins yrði stór hluti hálendisins, Vatnajökulsþjóðgarður,



merkar náttúruminjar og margir af helstu ferðamannastöðum landsins. Íbúar sveitarfélagsins yrðu um fimm þúsund og fjögur hundruð. /MHH



Myndin af námskeiði sem boðið er upp á fyrir matvælaframleiðendur á Norðurlandi vestra. Myndir / Vörusmiðjan

SSNV og Vörusmiðja BioPol á Skagaströnd:

Áframhaldandi stuðningur við smáframleiðendur

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Vörusmiðja BioPol á Skagaströnd hafa gengið frá samstarfssamningi um áhersluverkefnið Matvælasvæðið Norðurland vestra. Verkefnið lýtur að áframhaldandi stuðningi við smáframleiðendur á starfssvæði samtakanna og er unnið í nánú samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra.

Meðal þátta verkefnisins eru stuðningur við ýmiss konar námskeiðahald fyrir smáframleiðendur, sölubíl smáframleiðenda og vefverslun Vörusmiðjunnar. Einnig fellur undir verkefnið kynnisferð til Eldrimmer í Svíþjóð en það svæði er framarlega hvað full- og heimavinnslu varðar.

Þetta er í þriðja skiptið sem áhersluverkefni hafa verið skilgreind sérstaklega til að styðja við smáframleiðendur á starfssvæði SSNV. Slík verkefni hafa skýra skírskotun í sóknaráætlun landshlutans þar sem áhersla er lögð á fullvinnslu, sölu beint frá byli, virðisaukningu heima í héraði og stuðning við smáframleiðendur.



Vörusmiðjan heldur úti sölubíl smáframleiðenda sem fer um Norðurland vestra í reglubundnum ferðum samkvæmt leiðakerfi sem auðveldar íbúum að nálgast vörur framleiddar í héraði.

Býður upp á vottað vinnslurými fyrir smáframleiðendur

Vörusmiðja BioPol er vottað vinnslurými fyrir smáframleiðendur sem staðsett er á Skagaströnd. Þar hafa framleiðendur matvæla aðgang að aðstöðu til þróunar, nýsköpunar og framleiðslu á náttúrulegum mat- og heilsuvörum. Allur aðbúnaður í Vörusmiðjunni uppfyllir kröfur um öryggi framleiðenda og heilnæmi framleiðsluvörunnar og er

þar aðgengi að tækjum og tólum til framleiðslunnar auk stuðnings við þróun, markaðssetningu og sölu. Á heimasíðu Vörusmiðjunnar er vefverslun þar sem framleiðsluvörur smáframleiðendanna eru til sölu. Einnig heldur Vörusmiðjan úti sölubíl smáframleiðenda sem fer um Norðurland vestra í reglubundnum ferðum samkvæmt leiðakerfi sem auðveldar íbúum að nálgast vörur framleiddar í héraði. /MPP



Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, á sæti í starfshópi minni sveitarfélaga, sem vilja ekki sjá lögpvingaða sameiningu sveitarfélaga því ákvörðun eigi að vera í höndum íbúa. Mynd / MHH

Minni sveitarfélög vilja alls ekki lögpvingaða sameiningu

Það varð ljóst á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 18. desember á síðasta ári að ekki ríkir sú samstaða sem áður var haldið fram um lögfestingu íbúalágmarks sveitarfélaga. Síðan þá hefur hópur minni sveitarfélaga unnið að mótun tillögu sem gæti komið í stað íbúalágmarks í því skyni að styrkja og efla sveitarfélög, ekki síst með sameiningum.

Jafnframt að horfa til leiða sem sveitarfélög gætu sameinast um á vettvangi sambandsins, þannig að það megi betur gegna sínu hlutverki, sem sameiginlegur málsvari sveitarfélaga.

„Við höfum sent okkar tillögu til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, en frumvarp um íbúalágmark er nú í umsagnarferli. Tillagan er framlag hópsins til að ná fram sátt um hið mikilvæga mál sem er efling sveitarfélaga, íbúum

landsins til heilla. Tillagan hefur verið nokkurn tíma að mótast og tekið góðum breytingum, m.a. eftir fund starfshóps minni sveitarfélaga með stjórn sambandsins á dögnum. Tillagan í endanlegri mynd verður nú jafnframt kynnt stjórninni, sem og öllum sveitarstjórnnum. Er það von okkar að hún hljóti góðan stuðning og hægt verði að ljúka þessu máli í góðri sátt Alþingis og sveitarfélagastigsins,“ segir Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps sem á sæti í hópnum.

Aðrir sem eiga þar sæti eru Jón Páll Hreinsson, sveitarstjóri í Bolungarvík, Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri í Hvalfjarðarsveit og Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi. Að tillögunni standa um 20 sveitarfélög. /MHH

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2021:

Stórsýning í undirbúningi í Laugardalshöllinni í október

Undirbúningur fyrir sýninguna „Íslenskur landbúnaður 2021“ sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 8.–10. október stendur nú sem hæst. Að sögn Ólafs M. Jóhannessonar sýningarhaldara hafa þegar fjölmörg fyrirtæki pantað bása og stefnir í sannkallaða stórsýningu í haust. Síðasta sýning var haldin 2018 og sló hún öll aðsóknarmet í Höllinni.

„Ég er handviss um að sýningin mun vekja mikla athygli og gagnast landbúnaðinum í heild. Landbúnaður spannar allt landið og er afar mikilvægur í samfélaginu. Sjálfur held ég að greinin muni eflast í framtíðinni því að ungt fólk sækir í fjölbreytnina. Íslenskur landbúnaður er síður en svo einhæfur og getur byggt á sínu góða orðsperi sem felst í hreinum og hollum framleiðsluvörum. Þá ber að hafa í huga að milli-stéttin vex víða með ógnarhræða og þannig opnast stöðugt nýir markaðir fyrir heilnæmar landbúnaðarvörur.“

Ólafur segir að gestir geti búist við fjölbreyttu sýningu þar sem



„Það er engin spurning að landbúnaðarsýningin mun lyfta íslenskum landbúnaði. Fyrri sýning sló öll aðsóknarmet,“ segir Ólafur M. Jóhannesson sýningarhaldari.

fyrirtæki og stofnanir kynni sínar áherslur.

„Það verður mikið af stórum og litlum tækjum, bæði á úti- og innisvæði. Þarna verða allir helstu vélasalar landsins og þjónustufyrirtæki landbúnaðarins. Þá eru fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu og húsbýggingum ýmiss konar áberandi. Mikið af ýmsum rekstrarvörum verða kynntar og ekki síst framleiðsla bænda. Matvæla- og afurðafyrirtæki kynna einnig sínar fjölbreyttu og gómsætu afurðir.“

Fyrirlestrar um landbúnað

Í hliðarsal í Laugardalshöllinni verða haldnir fyrirlestrar um allt milli himins og jarðar tengt landbúnaði, bæði fyrir læraða og leikna. Á síðustu sýningu voru afar áhuga-verðir fyrirlestrar og vafalítið hefur bæst í hugmyndabankann, segir Ólafur og minnir á að dagskráin verði birt á bbl.is þegar hún liggur endanlega fyrir.

Félagsmönnum í Bændasamtökunum er öllum boðið á sýninguna og þar að auki fá fyrir-tækin sem taka þátt fjölda boðsmíða til þess að koma til sinna viðskiptavina.

„Við finnum mikinn áhuga hjá almenningi á sýningunni sem er til marks um áhuga á íslenskum landbúnaði í dag. Framtíðin í þessum geira er sannarlega björt.“

Nánari upplýsingar veita Ólafur M. Jóhannesson framkvæmdastjóri sýningarinnar olafur@ritsyn.is 698 8150 og Inga markaðsstjóri inga@ritform.is 898 8022.



Hrein íslensk fæðubót frá EYLÍF

EYLÍF vörurnar fást í öllum apótekum,
Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Melabúðinni, Nettó og Mamma veit best
Ókeypis heimsending af www.eylif.is
Íslensk framleiðsla



GUÐLAUGUR SIGURÐSSON

Loksins get ég staðið upp án fyrirhafnar og gengið óstuddur upp og niður stiga



DAGRÚN MJÖLL

Loksins get ég þrjónað aftur, ég mæli með Active JOINTS



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Ég mæli með Active JOINTS við alla



HRÖNN ÆGISDÓTTIR

Mjög ánægð með árangurinn af Active JOINTS



GUÐRÚN SIGRÍÐUR

Mun halda mig við Active JOINTS í framtíðinni



HALLDÓRA B

Hefur breytt líðan minni margfalt til hins betra!


HEILSAN ER DÝRMÆTUST

HREYSTI

LÍÐLEIKI

STYRKUR

FRÉTTIR



Kynna áform um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfirðum

Umhverfisstofnun, ásamt samstarfshópi sem vinnur að undirbúningi friðlýsingar, hefur kynnt áform um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfirðum. Svæðið nær m.a. til Dynjanda, Geirþjófsfjarðar, Vatnsfjarðar, Surtarbrandsgils og Hrafnseyrar.

Rarik færði íslenska ríkinu að gjöf jörðina Dynjanda haustið 2019 og við undirritun samkomulags vegna þess staðfestu stjórnvöld að stefnt væri að frekari friðlýsingu jarðarinnar og vatnasviðs fossins á Dynjandisheiði.

Undirbúningur hófst 2020

Vinna hófst með Vesturbyggð, Ísafjarðarbæ og Umhverfisstofnun í ársbyrjun 2020 þar sem fyrirhugað var að vinna að mögulegri stækkun á náttúruvættinu Dynjanda og friðlandinu Vatnsfirði sem er í landi Brjánslækjar. Fljótlega komu fram hugmyndir um að tengja verndarsvæðin saman í eitt stærra friðlýst svæði vegna náttúru- sögu og menningarverðmæta, sem eru alltumlykjandi á þessu svæði. Í kjölfarið var ákveðið að stofna stærri samstarfshóp og bættust fulltrúar forsætisráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Landgræðslusjóðs í hópinn.

Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita einstakt svæði fyrir komandi kynslóðir. Með friðlýsingunni verður til heildstætt svæði sem hefur að geyma ómetanlegar náttúru- og menningarminjar og sögu, segir á vef Umhverfisstofnunar þar sem greint er frá friðlýsingaráformunum.

Dynjandi var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1981. Hann er meðal hæstu fossa landsins, nær 100 metra hár og af mörgum talinn ein fegursta náttúruperla Íslands.

Vatnsfjörður var friðlýstur árið 1975 sem friðland og þar má finna mikla gróðursæld, fjölbreytt dýralíf, jarðhita ásamt menningarminjum.

Surtarbrandsgil var friðlýst sem náttúruvætti 1975 til að vernda einstakar steingerðar leifar gróðurs sem klæddu landið á teríertímabilinu.

Geirþjófsfjörður er eyðifjörður á náttúruvættisráðgjafi, þar ríkir mikil gróðursæld og kyrrð. Fjörðurinn er söguvið Gíslasögu Súrssonar og þar má finna tóftir og rústir tengdri sögunni.

Á Hrafnseyri í Arnarfirði fæddist og ólst upp Jón Sigurðsson, frelsishefja íslensku þjóðarinnar. Á Hrafnseyri er fræðslusetur tileinkað ævi og minningu hans. /MPÞ

Riðutilfelli staðfest í Húnaþingi vestra

Riðuveiki hefur verið staðfest á búi í Húnaþingi vestra í Vatnsneshólfi, samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun. Í hölfinu greindist síðast riða árið 2015. Matvælastofnun vinnur að öflun upplýsinga og undirbúningi aðgerða.

„Riðan greindist í sýni úr kind frá bænum Vatnsneshólfi í Húnaþingi en á bænum eru nú um 925 fjár. Bóndinn hafði samband við Matvælastofnun sem tók sýni úr kindinni og sendi á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum þar sem riðuveiki var staðfest.

Búið er í Vatnsneshólfi og í því

hólfi hefur riðuveiki komið upp á einu búi á undanförunum 20 árum. Síðast greindist riða á bænum árið 1999.

Ekki er talið að þetta tilfelli tengist riðutilfellunum í Tröllaskagahólfi þar sem riða greindist á fimm bæjum fyrir áramót.

Héraðsdýralæknir vinnur nú að öflun faraldsfræðilegra upplýsinga og úttekt á búinu til að meta umfang aðgerða við förgun fjár, þrif og sótttheinsun. Því næst fer málið í hefðbundið ferli hvað varðar gerð samnings um niðurskurð,“ segir í tilkynningu frá Matvælastofnun. /smh



Landeigandi hefur uppi áform um að byggja baðstað með tilheyrandi þjónustu en aðkoma að staðnum verður frá þjóðvegi nr. 1 þar sem þegar er aðkomuvegur um 400 metra austan gatnamóta við Eyjafjarðarbraut eystri.

Eyjafjarðarsveit: Umfangmiklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í landi Ytri-Varðgjár

– Nýr baðstaður rís í skógi vaxinni hlíð

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt að auglýsa tilhöfu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi fyrir baðstað í Vaðlareit í landi Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit. Skipulagssvæðið er 2,6 hektarar að flatarmáli og er það í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins skilgreint sem skógræktarsvæði og opið svæði. Samkvæmt nýrri skipulagstillögu verður það skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

Ráðgert er að á svæðinu rísi baðstaður alls um 1200 fermetrar að stærð með veggghæð að hámarki 6,5 m. Þar að auki er gert ráð fyrir um 500 fermetra baðlaugum utandyra, aðstöðu fyrir gufubað auk bílastæðis og aðkomuvegar.

Heitt vatn leitt með lögn frá Vaðlaheiðargöngunum

Landslag ehf. hefur fyrir hönd Skógarbaða umsjón með gerð deiliskipulagsins sem nær yfir hluta jarðarinnar Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit. Á svæðinu hefur landeigandi uppi áform um að byggja baðstað með tilheyrandi þjónustu en aðkoma að staðnum verður frá þjóðvegi nr. 1 þar sem þegar er aðkomuvegur um 400 metra austan gatnamóta við Eyjafjarðarbraut eystri. Heitt vatn verður leitt að staðnum með lögn frá Vaðlaheiðargöngum, í samstarfi við Norðurorku.

Baðstaðurinn verður staðsettur um 100 metra sunnan bílastæðis og munu byggingar og útsvæði standa inni í skóginum og 8-10 metrum hærra en bílastæðið. Með því að hafa baðstaðinn hærra í landi verður útsýni frá honum til vesturs mjög gott og eitt helsta aðdráttar-afl staðarins ásamt því að byggja hann inni í skóginum. Baðstaðurinn verður staðsettur um 25 metra frá standlínu lönsins, inni í þéttum skóginum, og því hefur hann ekki áhrif á aðgengi almennings meðfram fjörunni, um flatann ofan fjörunnar



Skipulagssvæðið er 2,6 hektarar að flatarmáli og er það í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins skilgreint sem skógræktarsvæði og opið svæði. Samkvæmt nýrri skipulagstillögu verður það skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

eða um núverandi stíga sem liggja um skógin.

Lóðin um 6.000 fermetrar að stærð

Gert er ráð fyrir einni lóð innan skipulagssvæðisins og er það lóð baðhússins sem nær yfir fyrirhugaðar byggingar og mannvirki baðstaðarins. Stærð lóðarinnar nemur tæpum 6.000 fermetrum og er lóðin staðsett í skógi vaxinni hlíð og nokkru ofar í landi en aðkomusvæðið og bílastæðið.

Innan byggingarreits er gert ráð fyrir þjónustubyggingu þar sem m.a. verða búningaklefar, móttöku- og þjónustusvæði gesta, aðstaða starfsfólks og tæknirými. Þá er gert ráð fyrir að innan reitsins verði laugasvæði utanhúss ásamt byggingu

fyrir gufubað. Innan byggingarreits er heimilt að reisa eina eða fleiri samtengdar byggingar á einni eða tveimur hæðum með gólfplatarmáli að hámarki 1.200 m².

Hefur jákvæð áhrif á samfélagið

Fram kemur í greinargerð um deiliskipulag í landi Ytri-Varðgjár og er á vef Eyjafjarðarsveitar að nýr baðstaður hafi jákvæð áhrif á samfélagið, enda auki hann framboð á afþreyingu fyrir ferðamenn á Eyjafjarðarsvæðinu. Þá megi gera ráð fyrir að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdatíma og þegar starfsemi hefst á baðstaðnum. Í deiliskipulagi er sérstök áhersla lögð á að mannvirki falli sem best að landslagi og raski á skógi verði haldið í lágmarki. Þá skal eins og mögulegt er reynt að láta allar framkvæmdir falla vel að umhverfinu og þannig reynt að hafa sem minnst áhrif á náttúru svæðisins.

Ekki er talið að heildarárif uppbyggingar samkvæmt deiliskipulagi hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif. /MPÞ

Innan byggingarreits er gert ráð fyrir þjónustubyggingu þar sem m.a. verða búningaklefar, móttöku- og þjónustusvæði gesta, aðstaða starfsfólks og tæknirými. Þá er gert ráð fyrir að innan reitsins verði laugasvæði utanhúss ásamt byggingu fyrir gufubað.



„Heimabyggð“ er sérstakur kæli fyrir vörurnar og sérsmíðaðar innréttingar og umgjörð, sem og hönnun kynningarefnis um vörurnar og framleiðendur þeirra. Nú þegar hefur „Heimabyggð“ verið sett upp í verslunum Nettó í Mjódd og á Glerártorgi.

Vörur úr heimabyggð í verslunum Samkaupa

Samkaup hefur í samstarfi við íslenska smáframleiðendur hrundið af stað verkefninu „Heimabyggð“. Í því felst að íslenskum smáframleiðendum býðst nú að selja vörur sínar í sérstöku rými í völdum verslunum Samkaupa, undir nafninu „Heimabyggð“.

Tilgangur verkefnisins er að gera vörum íslenskra smáframleiðenda hærra undir höfði og gera þær sýnilegrí í verslunum Samkaupa.

„Við viljum styðja við íslenska smáframleiðendur og með Heimabyggð erum við að veita þeim sérstakt pláss í verslunum okkar. Það er mikilvægt, sérstaklega á tímum sem þessum, að styðja við íslenska framleiðslu og við hjá Samkaupum erum með skýra stefnu þegar kemur að stuðningi við nýsköpun og umhverfisvernd,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Samtök smáframleiðenda matvæla og er stefnt að því að koma „Heimabyggð“ upp í verslunum

Samkaupa víðs vegar um landið. Nú þegar hefur „Heimabyggð“ verið sett upp í verslunum Nettó í Mjódd og á Glerártorgi. /MHH

Sveitarfélög innheimti umhverfisgjöld:

Skagfirðingar gagnrýna tillögu um nýja búsetutengda skatta

„Því miður er svo víða á landsbyggðinni að fólk hefur ekki val um hvort það notar bíl eður ei og nýtur ekki þeirra valkosta sem höfuðborgarsvæðið hefur með fjölbreyttari samgöngumáta,“ segir í umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar við þingsályktunartillögu um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld.

Fram kemur í bókun sem samþykkt var á fundi Sveitarfélagsins Skagafjarðar að sumar fjölskyldur þurfi jafnvel tvo bíla til að geta sinnt vinnu og sótt þjónustu.

„Þetta er því tillaga um nýja búsetutengda skatta sem munu leggjast með mestum þunga á landsbyggðina. Nær væri að koma með



Skagfirðingar telja að innheimta umhverfisgjalda, m.a. á bíla, séu mjög íþyngjandi fyrir fólk úti um allt land sem getur ekki án bíla verið. Mynd / HKR.

tillögur um hvernig sé hægt að efla landsbyggðinni svo færri séu háðir því að eiga og nota bíla.“ /MPP



Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri í Sveitarfélaginu Skagafirði, og Rósmundur Ingvarsson.

Bókasafnið á Steinsstöðum: Rósmundi pakkað fyrir gott starf

Starfsstöð bókasafnsins á Steinsstöðum í Skagafirði hefur sam-einast starfsstöð bókasafnsins í Varmahlíð og Héraðsbókasafni Skagfirðinga á Sauðárkróki.

Rósmundur Ingvarsson hefur sinnt safninu á Steinsstöðum af einstakri natni og áhuga í marga áratugi. Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri í Sveitarfélaginu Skagafirði, heimsótti Rósmund ásamt Þórdísi Friðbjörnsdóttur héraðsbókaverði og færðu honum þakkir fyrir mikið og gott starf í þágu lestrar- og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu. /MPP

Netapótek Lyfjavers

Frí heimsending um land allt!*




**Afhendum
samdægurs**

á höfuðborgarsvæðinu
mán-lau ef pantað
er fyrir kl. 13:00.

Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is

*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.



Bændablaðið

**Kemur næst út
25. mars**

LYFJAVER

lyfjaver.is

Suðurlandsbraut 22

FRÉTTIR

Skaftárhreppur leiðandi í umhverfismálum

Nýtt og glæsilegt gámasvæði hefur verið tekið í notkun á Kirkjubæjarklaustri eftir að lokið var við að koma upp flokkunarhúsi.

Skaftárhreppur hefur verið í tilraunaverkefni hvað varðar sorphirðulausnir í sveitarfélaginu sem þegar hafa skilað sér í bættri flokkun.

„Já, það er markmið okkar að vera leiðandi í umhverfismálum á landsvísu og vanda til verka, m.a. hvað varðar meðhöndlun úrgangs, og leggja okkar af mörkum við að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga,“ segir Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps.

/MHH

Grímsnes- og Grafningshreppur:

Byggt við íþróttahúsið og börnin vilja „ærslabelg“

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri og Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, voru nýlega gestir hjá Frístunda-klúbbnum á Borg. Þar voru krakkarnir búnir að undirbúa sig með spurningar sem þau lögðu fyrir þær og fengu greið og góð svör á móti.

Krakkarnir voru ánægðastir með það þegar þær sögðu frá því að í fjárhagsáætlun þessa árs væru lagfæringar á skólalóðinni og að mögulega kæmi einhvern tíma ærslabelgur á Borg. Þá á að byggja við íþróttahúsið glæsilegan líkamsræktarsal. Sveitarstjórnir og oddvitinn voru m.a. spurðar út í hvað væri skemmtilegast við starfið þeirra og hvað leiðinlegast, hvaðan peningarnir koma til sveitarfélagsins, hvað íbúarnir væru margir, hvað væri best við sveitarfélagið, sameiningar-



Ingibjörg sveitarstjóri og Ása Valdís með penna og barmmerki merkt sveitarfélaginu sem þær gáfu krökkunum.

Mynd / MHH

mál, fjöldi sumarbústaða og svona væri hægt að telja lengi áfram. /MHH



Heimilisiðnaðarfélag Íslands hefur árum saman staðið fyrir prjónakaffi fyrsta fimmtudagskvöld í mánuði. Vegna samkomutakmarkanna út af COVID-19 hefur verið brugðið á það ráð að streyma prjónakaffinu á netinu.

Heimilisiðnaðarfélagið:

Skotthúfa frá Auðar

Heimilisiðnaðarfélag Íslands hefur árum saman staðið fyrir prjónakaffi fyrsta fimmtudagskvöld í mánuði. Vegna samkomutakmarkanna hafa slíkar samkomur ekki verið mögulegar undanfarið svo nú hefur verið brugðið á það ráð að streyma prjónakaffinu á netinu.

Skotthúfa frá Auðar er viðfangsefni á prjónakaffi á veraldarvefnum fyrsta fimmtudagskvöld í febrúar og mars. Um er að ræða samprjón þar sem prjónuð er skotthúfa úr léttlopa með fallegum skúf og skotthúfuhólk. Skotthúfan er endurgerð húfu sem Auður Sveinsdóttir Laxness fékk viðurkenningu fyrir í hekl- og prjónasamkeppni Álafoss árið 1970. Auður tengdist Heimilisiðnaðarfélaginu sterkum böndum og sat m.a. í ritnefnd ársritsins Hugar og hönd árunum 1971-1984. Skemmtilegar upplýsingar um frá Auði má finna á heimasíðu Gljúfrasteins.



verður sýnt í streymi á facebook hvernig á að gera skúf á húfuna og hvaða möguleikar eru í gerð skotthúfuhólka. Framtíkið hefur þegar fengið mjög góðar viðtökur og fjöldi húfa hefur þegar litið dagsins ljós.

Skotthúfu-prjónakvöldin eru í umsjón Þórdísar Höllu

Endurgerðu uppskriftina af skotthúfunni má nálgast ókeypis á heimasíðu Heimilisiðnaðarfélagsins www.heimilisiðnadur.is. Á fyrra streymiskvöldinu í byrjun febrúar var sagt frá Skotthúfu frá Auðar og hún sýnd á ýmsum stigum, það streymi er enn aðgengilegt á facebook síðu félagsins. Seinna kvöldið fimmtudaginn 4. mars kl. 20

Sigmarsdóttur og Guðnýjar Maríu Höskuldsdóttur og eru unnin í samráði við Gljúfrastein - hús skáldsins. Það var Þórdís sem fædd er árið 1970 sem fékk þá hugmynd að prjóna skotthúfur frá Auðar á sjö saumaklúbbsvinkonur sínar í tilefni af 50tugs afmælis þeirra og í framhaldi af því kviknaði hugmyndin af prjónakaffi í streymi á netinu.

Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Öflugar rafstöðvar

Hjá Dynjanda færðu öflugar rafstöðvar, í mismunandi stærðum og gerðum sem henta fyrir margskonar aðstæður.


Við veitum þér faglega aðstoð. Hafðu samband.



Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is



DYNJANDI
allt fyrir öryggið



Ljósmyndir og litaflóð í Gallerí Vest

Dagana 11., 12. og 13. mars sýnir Áskell Þórisson, blaðamaður, litríkar ljósmyndir í Gallerí Vest við Hagamel 67 í Reykjavík. Sýningin er opin kl. 13-17.

Heimasíðan www.askphoto.is sýnir vel hvernig Áskell vinnur sínar ljósmyndir.

Grímuskylda. Fjarlægðarmörk þarf að virða.

can-am®

FREMST Í FLOKKI



ELLINGSEN

BRP@ellingsen.is / 580-8500 / Fiskislóð 1 / ELLINGSEN.IS





Í skýrslu Hafró í desember síðastliðinn, er meðaltal aldurskiptra vísitalna í fjölda næstliðinna sjö árganga í ýsu 2014 til og með 2020 rúmum fjórðungi hærra en tímabilið 1999 til 2005.

Landssamband smábátæigenda:

Ýsan vanmetin

Samkvæmt því sem segir á vef Landssambands smábátæigenda er ýsustofninn við landið vanmetinn og því ástæða til að bæta við veiðheimildir.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambandsins, segir að niðurstöður rallsins 2020 sýndu að ýsustofninn er í góðu ásigkomulagi og samkvæmt aflareglu ráðlagði Hafrannsóknastofnun um 9% aukningu frá fiskveiðiarinu 2019/2020.

„Í skýrslu Hafró í desember síðastliðinn, er meðaltal aldurskiptra vísitalna í fjölda næstliðinna sjö árganga í ýsu 2014 til og með 2020 rúmum fjórðungi hærra en tímabilið 1999 til 2005. Ráðlagður heildarflú nú er hins vegar aðeins 45.389 tonn en var fiskveiðiárið 2005/2006 105.000 tonn. Jafnframt er meðalþyngd allra þeirra árganga sem nú er verið að veiða yfir langtíma meðaltali.

Nú er fiskveiðiárið hálfnað og staða margra útgerða farin að

þrengjast. Í krókaafلامarkinu er búið að veiða um fjórðungi meira en það sem bátarnir fengu úthlutad samkvæmt aflahlutdeild. Með því að skipta þorski út fyrir ýsu úr aflamarkskerfinu hafa þeir aukið heimildir um 1.655 tonn. Þrátt fyrir það eru aðeins þúsund tonn eftir sem endast verður til loka fiskveiðiársins. Sambærilegur vandi er í aflamarkskerfinu, 11 þúsund tonn óveidd.

Fyrirsjáanlegt er að fjölmargar útgerðir, jafnt stórar sem smáar þurfa að óbreyttu að stöðva veiðar á næstunni. Við því þarf ráðherra að bregðast með því að bæta strax við heimildum en ekki biða með það til 1. september.“

Örn segir að Landssamtök smábátæigenda og Sjómannasamtökin hafi átt fund með sjávarútvegsráðherra um stöðuna og hafi ráðherra í framhaldinu komið á fundi milli samtakanna og hafrannsóknastofnunar. /NH

Landhelgisgæslan:

Samþykkt að kaupa nýlegt skipi í stað varðskipsins Týs

Nýlega kom í ljós alvarleg bilun í vél varðskipsins Týs. Landhelgisgæslan á ekki nauðsynlega varahluti, smíði þeirra er tímaflek og ekki yrði um varanlega viðgerð að ræða. Reynt var að fá varahluti úr varðskipinu Ægi en þá kom í ljós að sama bilun var í vél hans. Ríkisstjórnin hefur því samþykkt tillögu þess efnis að þegar verði hafist handa við kaup á nýlegu skipi.



Varðskipið Týr.

Mynd / Landhelgisgæslan

Í frétt á heimasíðu Landhelgisgæslunnar segir að nýlega hafi kom í ljós alvarleg bilun í vél varðskipsins Týs. Landhelgisgæslan á ekki nauðsynlega varahluti, smíði þeirra er tímaflek og ekki yrði um varanlega viðgerð að ræða. Reynt var að fá varahluti úr varðskipinu Ægi en þá kom í ljós að sama bilun var í vél hans. Einnig kom í ljós við slíptöku í janúar að tveir af tönkum skipsins eru ónýtir sökum tæringar og sjökæliferfi skipsins lekur. Slíkur leki ógnar öryggi skips og áhafnar.

Varðskipið Týr er 46 ára gamalt og ástand þess orðið bágborið. Ómögulegt er að sjá fyrir næstu alvarlegu bilanir. Kostnaður við að gera skipið siglingarhæft er talinn nema meiru en sem svara verðmæti skipsins, eða um 100 milljónum króna.

Staða á mörkuðum fyrir kaup á nýlegum skipum, til dæmis þjónustuskipum úr olíuðnaðin-

um, er talin einkar góð um þessar mundir. Um er að ræða skip sem henta vel til að sinna verkefnum Landhelgisgæslunnar með mikla dráttargetu, góða stjórnhæfni, gott dekkpláss og fullkominn slökkvi-búnað. Skip þessi eru vel útbúin til björgunarstarfa og til aðstoðar við almannavarnir. Þá eru þau mun umhverfisvænni en eldri skip.

Þjódaröryggi og almannavarnir

Í ljósi þess um hve brýnt mál er að ræða sem varðar þjódaröryggi, almannavarnir, öryggi sjófarenda og auðlindagæslu hefur ríkisstjórnin samþykkt tillögu dómsmálaráðherra þess efnis að þegar verði hafist handa við kaup á nýlegu skipi. Geta má þess að skv. 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2021 kemur fram að heimilt sé að selja varðskipin Tý og Ægi og leigja eða kaupa hagkvæmari skip í staðinn. Starfshópur þriggja sérfræðinga sem skipaður verður fulltrúum dómsmálaráðuneytis, Landhelgisgæslunnar og Ríkiskaupa mun vinna að undirbúningi og framkvæmd kaupanna. /NH



Stuðningsgreiðslur við dýralæknaþjónustu í Dölum og Ströndum Samningar lausir til umsóknar

Matvælastofnun auglýsir eftir sjálfstætt starfandi dýralæknum til að taka að sér almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu í Dölum og á Ströndum. Markmiðið er að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna þjónustu og bráðaþjónustu við dýr á landssvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna af skornum skammti.

Starfið felur í sér að gegna dýralæknaþjónustu fyrir búfé og gæludýr í Dölum og á Ströndum og að taka að sér tiltekin störf fyrir Matvælastofnun. Þjónustusamningur er gerður til tæplega fjögurra ára, gildir frá 1. júlí 2021 til og með 30. apríl 2025.

Um þjónustusvæði 2 er að ræða sem hjúpar Dalabyggð, Reykhólahrepp, Strandabyggð, Árneshrepp, Kaldraneshrepp og Bæjarhrepp.

Umsóknir skulu sendar í tölvupósti á netfangið starf@mast.is merktar "Dýralæknaþjónustusvæði 2", ásamt starfsferilskrá, prófskráeinum og kynningarbréfi. Umsóknarfrestur er til og með **29. mars 2021**. Nánari upplýsingar um samninginn er að finna á vef Matvælastofnunar: www.mast.is.

Gestsstaðir og Höfðatún í Fáskrúðsfirði

Nýhöfn fasteignasala hefur til sölu jarðirnar Gestsstaði og Höfðatún í Fáskrúðsfirði, ásamt öllum fasteignum og hlunnindum.

Gestsstaðir og Höfðatún eru næstu jarðir sem liggja að þéttbýli Fáskrúðsfjarðar, og örskammt frá Fáskrúðsfjarðargöngum.

Hlunnindi eru malartekjur úr Dalsá, silungsveiði í Dalsá og rjúpnaland upp á Hoffellsdal.

Mikið og gott útsýni er frá Gestsstöðum og Höfðatúni yfir sveitina og fjörðinn.

Óskað er eftir tilboðum í jarðirnar báðar ásamt mannvirkjum.

Hafið samband við Elvar Lund fasteignasala í síma 693 3518 eða elvar@nyhofn.is

Stærð íbúðarhúsa:
Gestsstaðir 163,2 fm og
Höfðatún 76,6 fm.
Stærð jarða samtals:
ca. 900 hektarar.



MF 5S.115



Búnaður:

- Dyna 4 skipting: 16 + 16 Rafskiptur með 4 girum og 4 milligírum Vökvavendigir
- 4 strokkar 115 hestöfl
- Ámoksurstæki með vökvadempun, 3ja sviði, Euro-SMS ramma og innbyggðum stjórnækjum
- 100 lítra vökvadæling
- 3 vökvasneiðar (3x2)
- Vökvavagnbremsuloki (1+2)
- Lyftukrókur með vökvautskoti
- 3. hraða aflúrtak, 540-540E-1000
- Frambretti, sveigjanleiki í beygju
- Dekk 540/65R34 og 440/65R24
- Húsfjödru
- Loftkæling
- Stillanlegt loftpúðasæti
- Farþegasæti m/öryggisbelti
- Útvarp m/CD, MP3, USB og Bluetooth
- Visio glerþak fremst á öikumannshúsi
- 2 vinnuljós framan og 2 aftan
- Vinnublikkljós

Verð með ámoksturstækjum kr.
12.680.000
án vsk.



Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0080 // buvelar@buvelar.is // www.buvelar.is

FRÉTTIR



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ásamt Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra SASS, við undirritun samningsins um stofnun áfangastaðastofu.

Áfangastaðastofa á Suðurlandi

Stofna á áfangastaðastofu á Suðurlandi, sem á að stuðla að heildstæðari uppbyggingu ferðaþjónustunnar á svæðinu.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hafa undirritað samstarfssamning um stofnun áfangastaðastofu á starfssvæði samtakanna.

Áfangastaðastofa er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila, sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferða-

þjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

„Ég er mjög ánægð með að við skulum komin með samning um stóra og öfluga áfangastaðastofu á Suðurlandi en þar fer um verulega stór hluti ferðamanna sem hingað koma. Áfangastaðastofan mun starfa á grunni áfangastaðaaætlunar fyrir svæðið og ég er þess fullviss að hún muni stuðla að enn heildstæðari uppbyggingu ferðaþjónustunnar á svæðinu,“ segir Þórdís Kolbrún. /MHH



Zenta og Eiríkur Vilhelm í Árbæjarhjáleigu en Zenta, sem er labrador, er aðeins með þrjár lappir.

Mynd / MHH

Tíkin Zenta spjarar sig vel á þremur löppum

Tíkin Zenta á bænum Árbæjarhjáleigu í Holtum í Rangárbænum ytra varð fyrir því óhappi síðasta haust að hestur sparkaði í hana, sem leiddi til þess að það þurfti að taka af henni hægri afturlöpp.

Það var erfið ákvörðun fyrir eiganda hennar en engin spurning þar sem hún var með þriggja vikna gamla hvolpa. Eiríkur Vilhelm Sigurðsson, eigandi Zenta, segir að það sé búið að vera hreint ótrúlegt að fylgjast með bataferlinu.

„Já, hún var nokkuð fljót að verða alveg sjálfbjarga og hefur svo braggast jafnt og þétt. Í dag leikur hún sér, smalar hrossum og gerir allt eins og áður og verðum við frekar að halda aftur af henni. Eina sem sér á henni í dag, auðvitað fyrir utan það að það vantar eina löpp, er að hún hefur gránað töluvert. Hvolparnir döfnuðu allir vel og við ákváðum að halda eftir tveimur tíkum, Skvísu og Rúsí,“ segir Eiríkur Vilhelm. /MHH



T. Armstrong Changsan, sendiherra Indlands, og Jón Valur Jónsson hjá Vallarbraut, við Sólis dráttarvél í höfuðstöðvum íslenska umboðsins á Trönuhrauni í Hafnarfirði.

Mynd / JVA

Sendiherra Indlands heimsótti Solis dráttarvélaumboðið á Íslandi

– Solis er orðið einn af 6 stærstu dráttarvélaframleiðendum í heimi

Vegna góðs árangurs Vallarbrautar ehf. í sölu á Solis dráttarvélum á Íslandi, heimsótti sendiherra Indlands, hr. T. Armstrong Changsan, fyrirtækið og kynnti sér starfsemi og tækin.

Vallarbraut hóf innflutning og sölu á Solis dráttarvélum árið 2016 og Royal Enfield mótörhjólum árið 2017, en bæði þessi merki hafa vaxið gríðarlega á heimsvísu á þessum árum.

Solis er t.d. orðinn einn af 6 stærstu dráttarvélaframleiðendum í heiminum í dag og eru vélarnar seldar í u.þ.b. 130 löndum.

Nýlega hóf Vallarbraut að bjóða nýjar tvær týpur af Solis. 26 hestafla vél með HST skiptingu og Narrow (mjóar) 90 hestafla vél.

Vallarbraut flutti í nýtt húsnæði í Trönuhrauni 5 í Hafnarfirði og hefur að undanförmu verið að koma sér fyrir þar í nýjum sýningarsal og með góðu útsvæði. /HKR.



Sendiherrann skemmti sér konunglega við að prófa traktora og mótörhjól hjá Vallarbraut.

HROSS & HESTAMENNSKA

Landbúnaðarháskóli Íslands:

Fyrsti doktorsneminna í hestavísindum

Helga Gunnarsdóttir, dýralæknir hesta, hóf nýverið doktorsnám í hestavísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Helga útskrifaðist frá Dýralæknaskólanum í Hannover í Þýskalandi árið 2002 og lauk þriggja ára sérfræðinámi í skurðlækningum stórra dýra frá Háskólanum í Ghent í Belgíu árið 2012.

Helga hefur alls um 20 ára starfsreynslu við hestalækningar, bæði hér heima og erlendis. Verkefni hennar heitir Hlutlæg greining á holti í íslenska hestin-

um (Objective lameness detection in Icelandic horses) og er hluti af stóru, fjölþjóðlegu rannsóknarverkefni á sviði hreyfigreiningar hrossa.

Markmið verkefnisins er að meta ávinning hlutlægra mælinga á holti samanborið við hefðbundna, sjónræna heltigreiningu í þeim tilgangi að auka heilbrigði, endingu og velferð íslenska hestsins. Enn fremur að bæta þekkingu á áhrifum holti á hreyfimyndur og ganglag íslenska hestsins og bæta þannig aðferðir við sjónrænt mat á holti.

Aðalleiðbeinandi Helgu er dr. Sigríður Björnsdóttir, gestaprófessor við skólann, en aukaleiðbenendur dr. Marie Rhodin og dr. Elin Hernlund frá Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar.

NH

Helga Gunnarsdóttir, dýralæknir hesta, hóf nýverið doktorsnám í hestavísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands.

**Lely Center Ísland****GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL**

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Kemur næst út
25. mars

VOR hreingerningar DAGAR**8.-20. MARS***Vertu til - vorið kallar á þig*

Aður 105.840

95.256Profuzzi 400 -
Djúphreinsavél

Aður 128.882

109.550

HD 600 - Háþrýstidæla

**RAFVER**

Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is

**KTL**
HÁGÆÐA
RYÐVÖRN**2**
2 ÁRA
ABYRGÐ**FRÁBÆR**
REYNSLA**SaMASZ****Búvís**

Búvís ehf.
Grímseyjargötu 1
600 Akureyri
Sími: 465 1332

Sjáðu meira í www.buvis.is

Áfangi í fjölþjóðlega kjarnasamrunaverkefni ITER:

Tilraun gerð með trítíum eldsneyti til að framkalla kjarnasamruna í sumar í tilraunaofni í Bretlandi

Verið er að undirbúa breskan kjarnasamrunaofn (nuclear-fusion) til að hefja lykilþrófanir á eldsneytissamsetningu sem á endanum mun knýja risa-kjarnasamrunaofninn ITER nærri Cadarache í Frakklandi þar sem gera á stærstu tilraun í heimi til að beisla kjarnasamrunaorku.

Kjarnasamruni er fyrirbærið sem knýr sólina og ef eðlisfræðingar geta framkallað og beislað slíka orku á jörðinni væri það uppspretta nær takmarkalausrar orku. Athyglisvert er að helstu iðnríki heims hafa sameinast um ITER verkefnið til að freista þess að ná þessu marki. Enda er þetta afar flókið og dýrt. Einnig er Bretland enn þátttakandi í þessu verkefni þrátt fyrir útgönguna úr ESB.

Í desember hófu vísindamenn hjá Joint European Torus (JET) að gera samrunatilraunir með trítíum – sem sjaldgæf og geislavirk samsæta vetnis sem líka er nefnd hydrogen-3 og ýmist táknað með T eða 3H.

Kjarnasamrunaofninn í Bretlandi er einn kjandi af 22 milljarða Bandaríkjadala ITER verkefni eða hefur sams konar kleinhringlaga „Tomamak“ hönnun á kjarnasamrunaofninum. Það er í fyrsta skipti síðan 1997 sem vísindamenn gera tilraunir í Tokamak ofni með „verulegu magni“ af trítíum.

Upphaflega sovésk uppfinning

Tomamak kjarnasamrunaofnar eru upprunalega rússnesk eða sovésk uppfinning sem kynnt var á sjötta áratug síðustu aldar af þáverandi sovésku eðlisfræðingunum Igor Tamm og Andrei Sakharov. Ofninn í Bretlandi er sagður þróaðasta ofngerðin í dag í samrunaorkutilraunum heimsins.


Tilraun verður gerð í júní

Í júní mun JET byrja að blanda saman jöfnu magni af trítíum og deuteríum. Deuteríum, eða hydrogen-2, er ýmist táknað með 2H eða D og er líka þekkt sem þungt vetni. Það er þessi eldsneytisblanda sem ITER mun nota í tilraun sinni til að skapa meiri orku með kjarnasamruna en sett er í ofninn. Vísindamenn JET munu nota minna en 60 grömm af trítíum við þessa tilraun. Verður broti úr grammi skotið inn í ofninn þrisvar til fjórtán sinnum á dag og er vonast til að ná út úr tilraunum 3 til 10 sekúndum af nothæfum gögnum. Ýmist verður eingöngu notað trítíum eða 50/50 blanda af trítíum og deuteríum.

Kínverjar sagðir hafa framkallað 180 milljón gráðu hita árið 2018

Í umfjöllun í blaðinu Nature segir að þetta sé eitthvað sem aldrei hafi verið sýnt fram á áður. Það er kannski ekki alls kostar rétt. Kínverjar, sem líka eru þátttakendur í ITER verkefni eina og flestar stórbjóðir heimsins, gerðu tilraun í sínum Tokamak ofni árið 2018 og náðu þá að framkalla eitt augnablik 180 milljón gráðu hita og náðu að sagt var að framkalla meiri orku en lögð var í verkefnið. Þetta verkefni er nefnt Experimental Advanced Superconducting Tokamak (EAST) og var m.a. greint frá þessari tilraun í Bændablaðinu.

Árið 2019 setti EAST markið enn herra og tilkynnti áform um að tvöfalda það hitastig árið 2020 og ná 360 milljón gráðum. Ekki hefur frést af að þetta hafi tekist en COVID-19 hafði áhrif á allar vísindalegar tilraunir í þessa veru á síðasta ári. Þó EAST liðið verði nokkrum mánuðum of seint að ná þessu markmiði getur það samt verið fyrst til þess.



Kjarnasamrunaofn af Tomamak-gerð. Ofnar sem duga til að hemja þann gríðarlega hita sem myndast við kjarnasamruna eru afar flóknir að allri gerð og þar af leiðandi mjög dýrir. Ef vel tekst til vonast menn samt til að slíkir ofnar geti umbylt framleiðslu á ódýrri vistvænni orku í heiminum.

Breski ofninn á að geta náð 100 milljón gráðu hita

Kjarnasamrunaofninn í Bretlandi ætti að hita og afmarka plasma af deuteríum og trítíum þannig að samruni samsætanna í heljum framleiði nægan hita til að viðhalda frekari samrunaviðbrögðum. Ofninn er þannig hannaður að sá gríðarlegi hiti sem myndast snertir aldrei veggina í ofninum, enda myndu þeir samstundis bráða. Heldur er ofurheitum plasmanum haldið svífandi í afar öflugum segulsviði. Hitastigið í JET á að geta náð 100 milljón gráðum. Það er margfalt meiri hiti en í kjarna sólarinnar sem talinn er vera 15 milljón gráður á Celsíus.

Spennandi verkefni

„Það er mjög spennandi núna að komast á það stig að geta framkvæmt það sem við höfum verið að undirbúa í öll þessi ár,“ segir Joelle Mailloux, sem er meðstjórnandi vísindaáætunar JET. „Við erum tilbúin í það.“ Tilraunir JET munu hjálpa vísindamönnum að spá fyrir um hvernig plasmí í ITER Tomamak muni haga sér og þróa út frá því til stillingar fyrir risatilaunina.

„Það er næst því sem við getum náð ITER aðstæðum í nútímavélum,“ segir Tim Luce, yfirvísindamaður hjá ITER. Tilraunir eru lokaáfangi við tveggja áratuga vinnu, segir Luce.

ITER mun hefja tilraunir í smáum skala árið 2025. En frá 2035 mun kjarnasamrunaverið vera keyrt á 50:50 blöndu af deuteríum og trítíum.

Bæði ITER og JET, eru með



Þjóðirnar sem standa að Iter verkefni í Frakklandi. Að vísu ætti breski fáninn að vera þarna líka eftir útgöngu þeirra úr ESB.

aðsetur í Culham Center for Fusion Energy (CCFE) nálægt Oxford. Síðustu Tomamak samrunatilraunir heims með trítíum fóru einnig fram á JET. Markmiðið var þá að ná hámarksafli og tókst þá að ná methlutfalli orku úr orku (þekktur sem Q gildi) upp á 0,67. Það met stendur enn í dag segir í Nature. Gildið 1 þýðir að jafn mikil orka fari í að framleiða orkuna og notuð er til að búa hana til. Á þessu ári er markmiðið að viðhalda svipuðu samrunaafli í 5 sekúndur eða meira, að ná eins miklu af gögnum úr tilraunum og mögulegt er til að skilja hegðun langvarandi plasma. /HKr

PELLENC

VINNUR HEILAN VINNUDAG ÁN ÞESS AÐ HLAÐA

Rafhloðudrifin lausn fyrir kröfuharða garðyrkjumenn, verktaða og sveitafélög sem vilja taka græna skrefið og vinna með afmíklum tækjabúnaði sem slær háværum bensíntækjum ekkert við í afköstum. Einfalt í vinnslu því rafhloðuna er hægt að tengja við hekkklippu, sláttuorf, greinarsög, sláttuvél og blásara og að auki er hægt að vinna fullan vinnudag án þess að hlaða. 3 ára ábyrgð á rafhloðum frá framleiðanda. Hafið samband og fáid tilboð í lausn sem hentar ykkar þörfum og leggið heyrnarhlífum.

Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær • s: 480 0000
Austurvegi 69 • 800 Selfossi • s: 480 0400
www.aflvelar.is • sala@aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki

GODO Við styðjum við íslenska ferðapjónustu

- Hótelstjórnunarkerfi
- Sjálfvirkar greiðslur
- Bókhaldstengingar
- Rekstrarþjónustur
- Skýrslugerð & mælingar

- Ferðaskrifstofur
- Markaðstorg
- Beintenging við framboð
- Ný samstörf & aukin sala
- Sjálfvirkni í sölufærli

- Hugbúnaðargerð
- Viðskiptagreinind
- Veflausnir
- Gjafabréf
- Gagnahús

- Sérhæfð síðan 2012
- Góð þjónusta
- Ánægðir viðskiptavinir
- Framtíðarsýn
- Framúrskarandi tækni

TRAVIA

RemoteLOCK regla

PROPERTY

dk hugbúnaður

PRIMO

Microsoft Dynamics NAV

SUITE

UNICONTA VALITOR

PRONTO

SaltPay Rapyd

info@godo.is - +354 5554636 - Höfðabakki 9 - Reykjavík



UTAN ÚR HEIMI

Bandarískir bændur reyna að ná vopnum sínum á ný eftir áföll vegna óveðurs og COVID-19 á árinu 2020:

Búist við áframhaldandi hækkunum á kornverði

— Hafa fengið sem svarar 3.037 milljörðum íslenskra króna í beina fjárhagsaðstoð

Landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna fór yfir stöðu landbúnaðarmála á ráðstefnu um horfur í greininni sem haldin var á netinu 18. og 19. febrúar síðastliðinn. Þemað þetta árið var seigla.

Þar kemur fram að fólk hafi upplifað mikla seiglu í landbúnaði og matvælaíðnaðinum vegna vanda sem takast þurfti á við vegna COVID-19. Bændum hafi tekist að halda áfram að halda uppi nægu framboði öruggra matvæla á viðráðanlegu verði. Jafnvel þó mjög hafi reynt á aðfangaöflun og dreifingarleiðir.

„Við höldum með bjartsýni inn í 2021,“ sagði í inngangi hagfræðinga ráðuneytisins á ráðstefnunni.

„Þrátt fyrir áframhaldandi áskoranir virka markaðir vel og fæðuframboð er áfram nægilegt, matvæli örugg og á viðráðanlegu verði. Vöruverð er hátt og endurspeglar í sumum tilvikum sögulega litlar birgðir og ótrúlega mikla eftirspurn eftir útflutningi þrátt fyrir hækkandi verð. Við höldum áfram að einbeita okkur að vera leiðandi til skamms tíma í áframhaldandi heimsfaraldri samhliða áskorunum til lengri tíma lítið til að bæta framleiðni landbúnaðarins. Einnig til að vaxa á erlendum mörkuðum fyrir bandarískar afurðir og viðhalda stöðu Bandaríkjanna með lágt kostnaðarhlutfall, sem og mestu og öflugustu matvælaframleiðslu í heiminum.“

Hækkandi verð á korni og olúfræi

Bent er á að verð á korni og olúfræi hafi farið vaxandi vegna samdráttar í framleiðslu og aukinnar eftirspurnar. Dregið hafi úr ræktun á 8 helstu korntegundum og hafi hekturum í ræktun fækkað um 8 milljónir ekra síðan 2014 (um 3,2 milljónir hektara), eða úr 257 milljónum í 249 milljónir ekra. Á síðasta ári hafi veður líka leikið bændur grátt í sumum hlutum Bandaríkjanna. Allt hefur þetta leitt til minna framboðs og hækkandi afurðaverðs.

Ráðuneytið býst við að plantað verði í flesta þá akra á árinu 2021 sem ekki voru nýttir á síðasta ári. Búast megi við að uppskeran í ár af korni, hveiti og sojabönum í Bandaríkjunum verði sú mesta síðan 2016. Mögulegt sé að lagðar verði 227 milljónir ekra undir slíka ræktun á þessu ári, eða sem svarar um 90,8 milljónum hektara.

Að mati landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna hefur þó aukin eftirspurn eftir landbúnaðarafurðum



Bændur í Bandaríkjunum fengu mikla fjárhagsaðstoð til að takast á við margvíslegan vanda á síðasta ári, m.a. vegna óveðurs og COVID-19. Þeir komu löndum sínum líka til aðstoðar með því að dreifa 100 milljónum matarpökkum til þeirra sem á þurftu að halda.



Stoltur bandarískur bóndi við dráttarvél sína á akrinum. Mynd / Kissed A Farmer

í Kína haft einna mest áhrif á hækkandi verðlag. Þá hafi birgðir í heiminum í upphafi árs 2021 á korni, sojabönum og hveiti ekki verið minni í mörg ár. Því megi búast við meiri verðhækkunum fram á næsta ár. Mögulegt sé þó að samdráttur í hagvexti víða um heim geti dregið verðið niður.

Ráðuneytið bendir á að miklir erfiðleikar hafi komið upp í mjólkur- og kjötfremleiðslu vegna áhrifa af COVID-19. Vandir við slátrun og markaðssetningu á kjöti hafi riðlað markaðnum en haft mismunandi áhrif á mismunandi kjötgreinir. Betur hafi þó gengið að komast yfir þessa erfiðleika en búist var við, en hækkandi verð á fódri muni þó áfram hafa mikil áhrif á kjötfremleiðsluna.

23 milljarðar dollara í neyðaraðstoð til bænda

Yfirvöld hafa gripið til margvíslegra ráðstafana til að styðja við bandarískan landbúnað í COVID-19 faraldrinum. Þannig var sett í gang verkefni undir nafninu Coronavirus Food Assistance Program (CFAP) og annað undir heitinu Farmers to Families Food Box Program, eða matarpakkar bænda til fjölskyldna.

í landbúnaði dragist saman úr 136,2 milljörðum dollara árið 2020 í 128,3 milljarða dollara á árinu 2021, eða um 5,5%. Inni í þessum samdrætti er tekið tillit til lækkaðs verðmats á innviðum í landbúnaði upp á 9,8 milljarða dollara. Samt er búist við 2,2% verðmætaaukningu fasteigna og lands sem standa undir 82,6% af eignastöðu landbúnaðarins. Er því spáð að verðmæti þessara

eigna fari í 2,63 billjónir dollara á árinu 2021. Eignaskuldir munu líka aukast um 3,1% á árinu 2021 og fara í 287,4 milljarða dollara. Hafa fasteignaskuldir í landbúnaði verið að aukast á hverju ári síðan 2014 og búist er við að þær skuldir standi fyrir 65,1% af heildarskuldum landbúnaðarins á árinu 2021. Hrein eign í greininni er þó enn margföld umfram skuldir. /HKr:

SÉRSMÍÐI OG FÆRI-BÖND



FÆRIBÖND

Sérsmíðum úr hágæða efnum

fyrir allan matvælaíðnað í öllum stærðum og gerðum

RYÐFRÍ STÁLSMÍÐI

Fyrir matvælaíðnaðinn. Hönnun, smíði, uppsetning og þjónusta.



JÁRN-SMÍÐI

Hönnun og smíðum eftir þínum óskum.



PLAST SMÍÐI



Hafðu samband í síma 587 1300

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 • 210 Garðabær • Sími 587 1300 • kapp@kapp.is • www.kapp.is

Við sérsmíðum lausn sem hentar þér!

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi • Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Gott framboð af áhugaverðum jörðum

jardir.is

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is

Lely Center Ísland



ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Sjúkdómaskimun í svínum 2021

Matvælastofnun skimar fyrir PRRS-veiki (Porcine Respiratory and Reproductive Syndrome) í svínum á Íslandi í ár, líkt og undanfarin ár. Sýni verða tekin frá 8 bæjum við slátrun að vori og hausti. Niðurstöður verða sendar til eigenda dýra, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð.

PRRS er einn af þeim sjúkdómum sem mikilvægt er að koma í veg fyrir að berist til landsins og bregðast þarf skjótt við ef það gerist, því hann getur haft alvarlegar afleiðingar. Ástæða þess að sýni eru tekin árlega er að einkenni geta verið óljós og því uppgötvast seint. Sjúkdómurinn getur því breiðst út án þess að vart verði við hann til að byrja með. Skimunin er liður í því að reyna að uppgötva sjúkdóminn snemma í ferlinu og kemur til viðbótar almennri árvegni og eftirliti svínabænda.

PRRS er veirusjúkdómur með fyrst og fremst tvö birtingarform: Frjósemisörðugleikar hjá gyltum/göltum og öndunarerfiðleikar hjá grísum.

- Helstu einkenni hjá gyltum eru minnkuð matarlyst, hiti, slappleiki og einkenni frá öndunarfærum. Einkenni tengd frjósemisörðugleikum geta verið færri grísir í goti,

fósturlát seint á meðgöngu, fæddir grísir geta verið veikburða og átt erfitt með öndun og dánartíðni spenagrísa eykst.

- Helstu einkenni hjá grísum geta verið slappleiki, hiti, einkenni frá lungum, hnerri og öndunarerfiðleikar.

PRRS-veiki hefur aldrei greint á Íslandi og er mikilvægt að vera laus við þennan sjúkdóm þar sem hann veldur töluverðum vandræðum hjá svínum og svínabændum víða um heim. Til þess að halda honum og öðrum smitsjúkdómum fjarri er mikilvægt að beita fyrirbyggjandi aðgerðum eins og góðum smitvörnum hjá öllum þeim sem halda svín og vinna með svín. Einnig er mikilvægt að dýraeigendur, almenningur og dýralæknar séu vel á verði til þess að geta fljótt stöðvað útbreiðslu smitsjúkdóma ef þeir koma upp. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem löggin ná yfir eða áður óþekktan sjúkdóm að tilkynna það til dýralæknis eða lögreglu.

Thelma Dögg Róbertsdóttir, sérgræinadýralæknir svína hjá Matvælastofnun



Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klíð. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum raflöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu viðs vegar á landsbyggðinni. Í mars bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðum:

Akureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær | Sauðárkrúkur | Selfoss | Vestmannaeyjar

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is



Heyrnartækni | Glæsibæ | Álftheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

SÁÐVÖRULISTINN 2021

Sjá nánar á landstolpi.is

Nýjungar! Própíonsýra og iðnaðarhampur

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Lely Center Ísland

EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

AMMANN

JARÐVEGSPJÖPPUR Í MIKLU ÚRVALI

GÆÐI SEM ENDAST

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is

FRÉTTASKÝRING

Tilraunaverkefni um heimaslátrun sauðfjár á liðnu hausti gekk vel

– Engin sýni af þeim bæjum sem bárust á rannsóknastofu innan 24 klukkustunda var með óásætlanlegt gerlagildi

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Á fundi Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með aðgerðahópi sauðfjárbænda um heimaslátrun þann 25. febrúar kom fram að hann hyggst heimila næsta haust að sauðfjárlátrun geti farið fram heima á bæjum til markaðssetningar.

Ákvörðun ráðherra kemur í kjölfar útgáfu skýrslunnar Aukin verðmætasköpun við slátrun sauðfjár á Íslandi, um tilraunaverkefni um heimaslátrun á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) sem skilað var 1. febrúar. Fjallar skýrslan um verkefni sem stóð yfir í síðustu sláturtíð. Markmið þess var meðal annars að leita leiða til að auðvelda bændum sauðfjárlátrun heima til markaðssetningar, með það fyrir augum að auka möguleika sauðfjárbænda til verðmætasköpunar.

Bændur slátruðu og tóku sýni

Í samantekt Hólmfríðar Sveinsdóttur skýrsluhöfundar kemur fram að 25 býli hafi tekið þátt í verkefninu víðs vegar á landinu og stóðu bændur sjálfir að slátrun og sýnatökum vegna mælinga á örverum og sýrustigi. Ávinningur verkefnisins er að mati skýrsluhöfundar þrífættur; könnun á áhuga bænda á slíku verkefni og lausnunum sem þar voru prófaðar, könnun á umfangi opinbers eftirlits og tímalengd skoðunar og könnun á möguleikum rafrænnar heilbrigðisskoðunar.

Þar kemur fram að magn gerla hafi aldrei verið óásætlanlega mikið þegar sýni bárust rannsóknarstofu innan 24 klukkustunda frá slátrun. Sýrustig var einnig yfirleitt í góðu lagi, en einungis á fjórum bæjum var það yfir því sem gott þykir – eftir 12 til 24 klukkustundir frá slátrun.

Tæknileg vandamál

Í núverandi reglum er gert ráð fyrir heilbrigðisskoðun opinberra dýralækna fyrir og eftir slátrun þegar um hefðbundið sláturfæri er að ræða í sláturhúsum. Í tilraunaverkefninu var bændum skipt upp í tvo hópa með tvenns konar fyrirkomulag heilbrigðisskoðunar; heilbrigðisskoðun á staðnum annars vegar og með rafrænum hætti í beinni útsendingu hins vegar. Ellefu bæir fengu heilbrigðisskoðun á staðnum en á 14 bæjum fór heilbrigðisskoðun fram með rafrænum hætti. Fjórir dýralæknar á vegum Matvælastofnunar tóku þátt í heilbrigðisskoðuninni á bæjunum.

Í tilraunaverkefninu virðist hafa gengið á ýmsu með rafrænu heilbrigðisskoðunina þegar á heildina er lítið, samkvæmt samantekt skýrsluhöfundar, Hólmfríðar Sveinsdóttur. Netsamband var til dæmis í lagi á fimm af 14 bæjum, í öllum rýmum, þar sem heilbrigðisskoðun fór fram með rafrænum hætti. Á helmingi bæja var netsamband í lagi í sumum rýmum, en á tveimur bæjum var netsamband alls ekki í lagi. Myndgæði fyrir heilbrigðisskoðun í rauntíma voru að mati dýralæknis ekki í lagi á neinum af þeim 14 bæjum sem tóku þátt í heilbrigðisskoðun á rafrænan hátt.



Slátrareymið á Vaðbrekku á Efra-Jökuldal: Brynjólfur Júlíusson, Sigurður Aðalsteinnsson, Aðalsteinn Hákonarson og Aðalsteinn Sigurðsson, bóndi á Vaðbrekku.



Hólmfríður Sveinsdóttir, skýrsluhöfundur og verkefnisstjóri. Mynd / Aðsend

Engin rafræn heilbrigðisskoðun heppnaðist algjörlega

Myndskeiðsupptökur og myndir voru hins vegar taldar í lagi á 12 bæjum af 14 þar sem rafræn heilbrigðisskoðun fór fram. Ekki náðist þó að ljúka heilbrigðisskoðun á fullnægjandi hátt með rafrænni heilbrigðisskoðun á neinum af þeim 14 bæjum sem tóku þátt með þessum hætti. Helstu ástæður sem dýralæknir nefndi voru að ekki náðist í gegnum fjarbúnað að fullvissa sig um að fullnægjandi

skoðun á eitlum hefði náðst en einnig var erfitt að meta hvort hreinlæti við meðferð afurða hefði verið gætt þar sem myndskeið og myndir voru ekki af þeim gæðum að hægt væri að meta t.d. hár á skrokk.

Í samtali verkefnastjóra við dýralækninn sem framkvæmdi rafræna heilbrigðisskoðun kom fram að myndgæði og netsamband hefðu ekki verið nógu góð til að framkvæma heilbrigðisskoðun í rauntíma. Í samantekt skýrsluhöfundar kemur fram þess beri að geta að ekki hafi verið gerð krafa um ákveðinn búnað í sambandi við upptöku eða móttöku myndefnis.

Tekið er fram að þar sem staðið er að framkvæmd rafrænnar heilbrigðisskoðunar í fyrsta skiptið í tilraunaverkefninu sé líklegt að eitt-hvað af þeim tæknilegu vandamálum sem við var að etja gæti fækkað með þeirri vitneskju sem byggst hefur upp í verkefninu og aukinni þróun í stafrænni tækni í framtíðinni.

Þar sem heilbrigðisskoðun var gerð á staðnum gekk hún almennt vel að sögn dýralækna,

sem og samskipti við bændur sem voru einnig ánægðir með samskiptin.

Samtals var 112 lömbum slátrað í verkefninu, 49 á bæjunum þar sem skoðun fór fram á staðnum og 68 lömbum á bæjum með rafræna skoðun.

Heilbrigðisskoðunin á staðnum tók að meðaltali mun skemmri tíma, 80,3 mínútur á hverjum bæ, eða um 18 mínútur á hvert lamb. Fyrir hvert lamb tók þó 43 mínútur að keyra á staðinn, skoða og rita skýrslu fyrir hvert lamb.

Rafræn skoðun tók að meðaltali 120 mínútur á hverjum bæ, eða 24,7 mínútur á hvert lamb. Það tók dýralækni að meðaltali um 31,7 mínútu á hvert lamb að skoða og rita skýrslu.

Sýrustig í góðu lagi

Í verkefninu var fylgst með eftirfarandi gæðapáttum; sýrustigi í vöðva 24 klukkustundum eftir slátrun og örveruvexti á afurðum. Bændur tóku sjálfir sýnin sem þurftu sem fyrir segir og mældu sýrustig. Sýni fyrir örverumælingarnar voru send á rannsóknarstofu.

Í skýrslunni kemur fram að vel hafi gengið hjá bændum að mæla sýrustig og taka sýni fyrir örverumælingar og koma þeim á rannsóknastofu innnan tilskilins tíma. Samtals voru 102 skrokkar sýrustigsmældir. Viðmiðunarmark á sýrustigi í vöðvum í sauðfé er 5,8 við eðlilegar aðstæður þegar 12 til 14 klukkustundir eru liðnar frá slátrun. Í verkefninu var meðalsýrustig um 5,66. Á fjórum bæjum voru meðaltalsgildi sýrustigs yfir 5,8.

Gerlamagn aldrei óásætlanlega mikið

Meðaltal gerlafjölda við 30 gráður var um 2,14 fjölda þyrpinga á hvern fersentimetra yfirborðs. Gildi fyrir ofan 4,3 telst óásætlanlegt. Enginn af þeim bæjum þar sem sýni bárust á rannsóknastofu innan 24 klukkustunda var með gildi fyrir ofan óásætlanlegt gildi og 19 bæir af 23 bæjum voru með meðaltalsgildi undir 2,8. Meðaltal iðragerla gilda var um 0,13 á hvern fersentimetra yfirborðs. Gildi fyrir ofan 1,8 telst óásætlanlegt. Enginn af þeim bæjum þar sem sýni bárust á rannsóknastofu

innan 24 klukkustunda var fyrir ofan óásætlanlegt gildi. Einungis einn bæir var með gildið 1,8 og á 15 bæjum mældust ekki iðragerlar úr stroksýnum.

Takmörkuð þekking á reglugerð um lítil matvælafyrirtæki

Í samantekt á athugasemdum frá þeim dýralækni sem fór á flesta bæina til skoðunar kemur fram að bændur hafi almennt haft takmarkaða þekkingu á reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli. Þeir hafi ekki gert sér grein fyrir að eftirlitsgjald vegna eftirlits dýralækna með kjötskoðun væri bundið við krónutölu á hvert innvegið kíló og það væri ákveðið í reglugerð. Því hefðu bændur verið búnir að ákveða fyrirfram að ef þeir myndu koma sér upp sláturaðstöðu yrði eftirlitskostnaðurinn meiri en raunveruleg efni standa til.

Í athugasemdunum kemur einnig fram að aðstæður bænda séu mjög misjafnar og vegasamgöngur sem og símasamband oft af mjög lélegum gæðum. Bæta þurfi þekkingu bænda almennt varðandi heimaslátrun um hættuna af jarðvegsmengun, til dæmis listeríu. Einnig þurfi að auka þekkingu bænda á því að skera óhreinindi í burtu frekar en að skola af með vatni. Sumir bændur hafi ekki verið meðvitaðir um það stress sem getur skapast hjá dýrum þegar þeim er lógað.

Átak til verðmætasköpunar kynnt í mars

Samkvæmt heimildum úr ANR verður átak til að ýta undir möguleika sauðfjárbænda til verðmætasköpunar kynnt í mars, en í því felst að heimila heimaslátrun sauðfjár og markaðssetningu afurðanna næsta haust. Vísar ráðuneytið til fréttatilkynningar um aðgerðaáætlun til eflingar íslensks landbúnaðar frá 17. febrúar. Þar kom fram að meðal aðgerða í mars verði að kynna átak til að ýta undir möguleika bænda til að framleiða og selja afurðir beint frá býli til að styrkja verðmætasköpun og afkomu þeirra fyrir næstu sláturtíð.

Með þeirri aðgerð verði stuðlað að frekari fullvinnslu, vöruþróun, og varðveislu verkþekkingar og menningararfs við vinnslu matvæla. Tilgangurinn sé að auðvelda landbúnaðinum að nýta betur tækifærin sem í því geta falist.

Í fréttinni kemur fram að fjármagn til að hrinda átakinu í framkvæmd sé tryggt.

Ræturnar liggja í Örslátrunarverkefni Matís

Rætur þessarar framvindu, að ANR hafi staðið fyrir tilraunaverkefninu síðasta haust og að nú hillir undir að heimaslátrun og markaðssetning afurðanna verði heimil næsta haust, ná til svokallaðs Örslátrunarverkefnis Matís frá haustdögum 2018. Þá var nokkrum lömbum slátrað heima á bænum Birkihlíð í Skagafirði samkvæmt tillögum Matís að reglum um örslátrun og afurðir úr slátruninni seldar í kjölfarið á bændamarkaði á Hofsvóli. Mælingar voru gerðar meðal annars á örverum og sýrustigi – og kjötafurðirnar bornar loks saman við afurðir sem komu úr hefðbundinni sauðfjárlátrun.

Sveinn Margeirsson, þáverandi forstjóri Matís, stóð fyrir



Ragnheiður Lára Brynjólfssdóttir og Þróstur Heiðar Erlingsson í Birkihlíð eru þátttakendur í aðgerðahópi sauðfjárþænda um heimaslátrun.

Mynd / Þorkatla Björt Sumarrós Prastardóttir

Örslátrunarverkefninu og var ákærður af Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra fyrir brot á lögum um slátrun og sláturafurðum í október 2019, en sýknaður ári seinna um að hafa gerst brotlegur við þau ákvæði laganna sem ákæran náði til.

Matvælastofnun sendi í kjölfarið frá sér tilkynningu þar sem áreittað var að óheimilt væri að dreifa eða selja kjöt úr heimaslátrun til annarra. Þar kom fram að dýrum sem slátra eigi til að dreifa afurðum þeirra á markað skuli slátra í sláturhúsum með starfsleyfi. Bændum væri hins vegar heimilt að slátra sínu búfé til eigin neyslu.

Í örslátrunartillögum Matís var ekki gert ráð fyrir kröfu um beina aðkomu dýralækna til heilbrigðis-



Kjötafurðir beint frá Birkihlíð.

skoðunar; hvorki fyrir, né eftir slátrun. Dýralæknum væri hins vegar heimilt að skoða dýrin, samkvæmt tillögnum.



Eva Margrét Jónudóttir við mælingar í tilraunaverkefni Matís á bænum Birkihlíð í Skagafirði, þar sem slátrað var samkvæmt örslátrunartillögnum.



Hafðís Sturludóttir og Matthías Lýðsson í kjötvinnslunni í Húsavík á Ströndum.



Mynd / Húsavík

Matthías Lýðsson í Húsavík á Ströndum:

Grundvallarbreyting fyrir möguleika sauðfjárþænda

– en breytir ekki afkomumöguleikum greinarinnar

Í hópi sauðfjárþænda í aðgerðahópi um heimaslátrun eru hjónin Hafðís Sturludóttir og Matthías Lýðsson í Húsavík á Ströndum. Matthías er ánægður með framvindu mála varðandi heimaslátrunarverkefnið frá síðasta hausti og fagnar því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið muni hafa fulltrúa úr aðgerðahópnum með í ráðum varðandi útfærslur á ýmsum atriðum í væntanlegri reglugerð um heimaslátrun.

Hann telur að breytingarnar muni geta gagnast þeim sem hafa verið að taka heim skrokka úr sláturhúsum til vinnslu og sölu afurða beint frá býli, þeim sem hafa selt kjötafurðir beint frá afurðastöðvum – og þeim sem hafi aðstöðu, getu og vilja til að fara út í heimaslátrun og sölu. Fyrirhugaðar breytingar muni hins vegar ekki breyta afkomumöguleikum greinarinnar sem slíkrar.

Talsverður sparnaður

„Ég þekki talsverðan fjölda þænda sem selja verulegan hluta af innlegginu strax í sláturtíðinni og fyrir þá verður þetta góð breyting. Einnig þeir sem eru með eigin vinnslu, eins og við erum með, fyrir þá getur orðið talsvert hagræði af breytingunni. Það kostar auðvitað að láta slátra fyrir sig, vinna kjötið og flytja það til baka. Staðan hjá okkur er þannig að miðað við núverandi forsendur myndum við spara okkur um milljón krónur ef við gætum sjálf slátrað þeim fjölda sem við tökum heim til vinnslu úr sláturhúsinu. Þá er ég að miða við um 200 skrokka, bæði lömb og ær.

En staðan á lambakjötsmarkaðnum er hins vegar þannig að það er offramboð á markaði þannig að það bjargar ekki greininni þó að fleiri framleið-



Um 200 skrokkar fara frá Húsavík hvert haust í sláturhús og til baka í vinnslu.

endur færi sig yfir í hóp þeirra sem selja frekar beint frá býli. Það er kaupendamarkaður með lambakjöt en ekki seljendamarkaður,“ segir Matthías. Hann bætir við að fyrir þau sé ekkert endilega víst að þau muni taka stærri skerf til sín til slátrunar og vinnslu en sem nemur þessum skrokkum sem þau taka heim núna.

Slátrun og kjötmat

Matthías telur að það þurfi að huga að ýmsum hagnýtum atriðum í reglugerðinni; til að mynda hvað verður um úrgang eins og vambir og gor – og hvernig gæðastýringin verður á þessum bæjum til dæmis. „Sumsé, það þarf að ganga frá ýmsum atriðum varðandi eftirlit og umgjörð fyrir þessari starfsemi,“ segir hann.

„Það þarf líka að gera kröfur um lágmarkskunnáttu þeirra sem munu starfa við slátrun og hægur vandi að verða sér úti um viðeigandi menntun auðvitað – ég bendi til dæmis á námskeið á vegum Matís sem heitir Slátrun og kjötmat sem leið.“

Ánægð með niðurstöður skýrslu um heimaslátrunarverkefnið

Að sögn Matthíasar er ánægja í aðgerðahópnum með skýrsluna um heimaslátrunarverkefni ANR. „Fyrst og fremst erum við ánægð með niðurstöður mælinganna. Þá á ég við örverumælingarnar og sýrustigsmælingarnar. Sýrustigsmælingarnar er áreiðanlegur mælikvarði á kjötgæði afurðanna; hvað varðar meyrni og áferð. Niðurstöðurnar voru hreint út sagt frábærar – enda höfðu lömbin ekki þurft að ferðast um langan veg til slátrunar. Síðustu dvalarstaðir lambanna voru þeirra eigin fjárhús.

Síðan eru það örverumælingarnar, sem komu mjög vel út þrátt fyrir að slátrunin fari fram við mismunandi aðstæður, á mismunandi stöðum og fólk stóð að slátruninni sem hafði mismunandi reynslu. Tilraunin sýnir mér það að ef gerðar eru kröfur um ákveðnar ytri aðstæður og innri þekkingu slátraranna þá sé þetta bara í góðu lagi.“

K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm



MHG
VERSLUN

Allt fyrir
atvinnumanninn

Steinsagir – Kjarnaborvélar – Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

Husqvarna®

Stórhuga framkvæmdir í bígerð á Odda á Rangárvöllum:

Ný Oddakirkja verður byggð og Sæmundarstofa verður menningar- og fræðasetur

Oddafélagið varð 30 ára 1. desember á síðasta ári og í tilefni af því var blásið til sóknar á ýmsum sviðum er varða kynningarmál félagsins og aukinn kraftur hefur verið settur í langtímaverkefni félagsins: Oddarannsóknina og framtíðaruppbyggingu menningar- og fræðaseturs í Odda á Rangárvöllum í nafni Sæmundar Sigfússonar. Oddafélagið hefur ráðið Friðrik Erlingsson rithöfund sem verkefnastjóra félagsins. Hann hefur setið í stjórn Oddafélagsins síðan árið 2017.

Friðrik þekkir vel til verkefna félagsins, hefur skrifað greinar um sögu Oddastaðar og hélt á síðasta sumri vel sóttan fyrirlestur í Hlíðunni á Kvoslæk um „Fingraför Sæmundar fróða“. Friðrik var meira en til í að svara nokkrum spurningum blaðsins.

Kom inn í stjórn Oddafélagsins 2017

– Hvað kom til að þú varst ráðinn verkefnisstjóri Oddafélagsins og hafðir þú mikinn áhuga á starfinu?

„Það hafði nú staðið til í svölíttinn tíma. Ég kom inn í stjórn Oddafélagsins 2017 því ég hafði verið að skipta mér af og hafa skoðanir á hinu og þessu, svo Agúst Sigurðsson, vor frábæri formaður, hvatti mig til að bjóða mig fram í stjórn þegar Drífa Hjartardóttir hætti eftir langt og farsælt starf í stjórn félagsins. Það eru mörg herrans ár síðan ég fór að fylgjast með félaginu, sótti fundi og erindi á vegum þess og fannst ég finna þar fólk sem hafði sama brennandi áhugann og ég á Íslandssögunni og miðöldum.

Um leið og fornleifauppgröftur byrjaði í Odda 2018, og svo þátttaka félagsins í rannsóknarverkefninu Ritmenning íslenskra miðalda, sem ríkisstjórnin setti af stað í tilefni af 75 ára afmælis lýðveldisstofnunar, þá var ljóst að verkefni Oddafélagsins þurftu að verða sýnilegri öllum almenningi.

Við settum líka niður framtíðaráætlun félagsins síðastliðið haust, kynntum hana fyrir sveitarstjórnunum þremur og áhrifafólki í héraði og höfum alls staðar fengið afar jákvæðar móttökur og hvetjandi viðbrögð frá öllum. Það var því kominn tími á að fá einhvern til að halda utan um verkefni og ég var svo sannarlega boðinn og búinn til þess.“

Ekki hægt að blása til fagnaðar vegna COVID-19

– Hvað felst í starfi þínu og hvernig leggst það í þig?

„Starfið leggst auðvitað mjög vel í mig. Það er engu líkara en allt það sem ég hef starfað við og grúskað í um ævina hafi verið undirbúningur að þeim verkefnum sem bíða mín núna. Félagið varð 30 ára 1. desember 2020 og það var ekki hægt að blása til neins fagnaðar út af ástandinu sem við öll könnumst við. Mér fannst rétt að svona þroskað félag ætti sér viðeigandi merki eða táknmynd og svo var kominn tími á að taka vefsíðu félagsins í gegn og endurnýja hana frá grunni.

Þessi tvö verkefni eru núna á lokametrunum og verða kynnt í mars. Það verkefni sem lengi hefur verið talað um í Oddafélaginu er einhvers konar sögusýning, sem dregur fram í dagsljósið hina ósýnilegu sögu um Sæmund fróða og niðja hans: Oddaverja. Allir þekjja þjóðsögurnar um galdramanninn Sæmund, en afar fáir gera sér grein fyrir að hann var einu sinni barn og unglingur, eiginmaður, faðir og afi. Svo var hann



Friðrik Erlingsson, nýráðinn verkefnisstjóri Oddafélagsins. Hann hvetur alla til að kynna sér málefni Oddafélagsins á oddafelagid.net (eða oddafelagid.is), skrá sig í félagið og taka þátt í uppbyggingu framtíðarinnar á merkasta höfuðbóli héraðsins.

Myndir / Aðsendar



Oddakirkja á Rangárvöllum og gestir á einni af Oddastefnunum á staðnum.

merkilegur fræðimaður, kennari og prestur, lögspakur goðorðsmaður og kirkjuhöfðingi og snjall stjórnmalamaður. Og hann er fyrsti íslenski rithöfundurinn sem við vitum um með vissu. Hugmyndin um sýningu er snúin þegar ekkert húsnæði er til staðar, en í Odda er fagur lundur umkringdur trjám og þar væri hæglega hægt að setja upp útsýningu. En svoleiðis lagað er ekki beint hrist fram úr erminni, svo núna erum við stödd í hugmyndavinnunni. Svo er undirbúningur hafinn fyrir Oddahátíðina í byrjun júlí,“ segir Friðrik.

Vagga íslenskrar menningar

– Oddi á Rangárvöllum, hvað er svona merkilegt við þann stað í Íslandssögunni?

„Oddi er einfaldlega vagga íslenskrar menningar. Svo einfalt er það. Sæmundur Sigfússon var fyrsti Norðurlandabúinn sem við vitum til að stundaði nám í Frakklandi, og þegar hann kemur heim, um 1078, er hann einn lærðasti maður landsins, ekki aðeins í klassískum menntum, kirkjustjórn og kirkjulögum, heldur ekki síður í þjóðlegum fornum fræð-


um sem hann hafði numið sem barn og unglingur.

Það er hinn merkilegi samruni klassískra mennta og innlendra fræða sem á sér stað í Odda á dögum Sæmundar og sú þróun heldur áfram eftir hans daga.

Sæmundur hélt skóla og kenndi sveinum, m.a. Odda Þorgilssyni. Eyjólfur Sæmundarson tekur við goðorði ættarinnar og heldur áfram með skólann, kennir m.a. Þorláki Þórhallssyni, sem síðar varð biskup og fyrsti dýrlingur þjóðarinnar. Og Jón Loftsson, sonarsonur Sæmundar, tekur hann Snorra litla Sturluson í fóstur þriggja ára gamlan. Í Odda þroskast Snorri til þeirra afreksverka í bókmenntum sem hann skapaði síðar.“

Stóð að setningu túndarlaga með Gissuri biskupi og Markúsi lögsögumanni

„Sæmundur fróði stóð líka að setningu túndarlaga með Gissuri biskupi og Markúsi lögsögumanni, en þau eru fyrsti almenni skattur hér á landi, sem jök stórlega tekjur biskups og kirkjueigenda. Hið konungslausa Ísland varð fyrst Norðurlanda til að samþykkja túndarlög. Og með



Listaverkið „Sæmundur á Selnum“ í Odda.

þessum auðæfum goðakirkjunnar og vel menntaðri höfðingjastétt var grunnur lagður að gullöld íslenskra bókmennta,“ segir Friðrik.

Fyrsti íslenski bókmenntagagnrýnandinn

„Sæmundur á þátt í setningu Kristinréttar, hann hvetur Ara Þorgilsson til að skrifa Íslendingabók, ásamt biskupunum í Skálholti og Hólum, og Ari fær Sæmund til að lesa bókina yfir og gera athugasemdir. Svo hann er fyrsti íslenski bókmenntagagnrýnandinn!

Það er seinni útgáfa Íslendingabókar sem við eigum í afriti í dag. Sú eldri, sem Sæmundur las yfir, er nú týnd.


Sæmundur er líka kallaður fyrsti íslenski rithöfundurinn, því verk hans um ævi Noregskonunga er jafnan talið fyrsta ritverkið hér á landi, þótt ritað hafi verið á latínu. Hann skrifaði líka ættartölu Oddaverja, sem röktu ættir sínar til Danakonunga, sem nefndust Skjöldungar, og með þessum tveimur verkum lagði hann grunninn að ritun konungasagna hér á landi. Svo er það Jón Loftsson og barátta hans við uppeldisbróður sinn, Þorlák biskup Þórhallsson; síðan Sæmundur Jónsson, uppeldisbróðir Snorra Sturlusonar; Páll Jónsson, frillusonur Jóns og Ragnheiðar, systur heilags Þorláks, sem varð biskup í Skálholti eftir móðurbróður sinn og einn merkasti lista- og menningarfrömuður síns tíma, mögulega höfundur Skjöldungasögu og Orkneyingasögu. Ég gæti haldið áfram í allan dag að telja upp hvað það er sem gerir Odda merkilegan í Íslandssögunni,“ segir Friðrik hlæjandi.

Hvetur alla lesendur Bændablaðsins að ganga til liðs við félagið

– Oddafélagið, það er magnaður félagsskapur. Hvað getur þú sagt mér um hann og hvað þarf að gera til að komast í félagskapinn?

„Það er bæði auðvelt og ódýrt að verða félagi, og ég vil nota tækifærið og hvetja alla lesendur Bændablaðsins að ganga til liðs við félagið og taka þátt í að móta framtíðina á þessu sögufrægasta höfuðbóli Suðurlands. Árgjaldið er ekki nema 2.000 kr. Gamla vefsíðan er enn þá uppi, oddafelagid.net, og þar er einfalt að skrá sig í félagið. Nýja síðan verður mögulega komin í loftið þegar þetta viðtal birtist, oddafelagid.is, og ég hvet lesendur til að líta þar inn og kynna sér sögu félagsins og verkefni framtíðarinnar.

Félagið heldur að jafnaði tvo viðburði annað hvert ár: Oddastefnu og Oddahátíð. Oddastefnan er fræðilegi hlutinn; þar koma fram félagar eða gestir með erindi um rannsóknir



Indverskir bændur mótmæla

Bændur á Indlandi sem hafa mótmælt í Delí undanfarna mánuði segja að ekki sé hægt að líta eingöngu á landbúnað sem hagfræðilega stærð sem skuli reka samkvæmt lögmálum markaðarins. Að sögn bændanna er landbúnaður hluti af lífi þeirra, hvort sem á hann sé lítið út frá félags-, menningar- eða trúarlegum forsendum.

Landbúnaður og fæðuframléiðsla á Indlandi er gríðarlega mikil enda voru Indverjar taldir vera tæplega 1,4 milljarðar um síðustu áramót og um 60% þjóðarinnar starfa í tengslum við landbúnað og fæðuframléiðslu. Talmaður bændu segir að landbúnaður sem er miðlægur í lífi og trúarbrögðum þjóðarinnar hafi hnignað mikið á síðustu áratugum og eigi í dag við djúpstæðan vanda að stríða.

Hundruð þúsunda bændu mótmæla

Frá því í nóvember á síðasta ári hafa hundruð þúsunda bændu á Indlandi safnast saman í þremur búðum í útjadhri Delí til að mótmæla nýjum lögum og stefnu stjórnvalda í landbúnaði og endurheimta það sem bændurnir segja rétt sinn til að stunda landbúnað á eigin forsendum.

Búðirnar þar sem bændurnir hafa safnast fyrir eru vel skipulagðar, með húsvögnum, stóreldhúsum og svefnskálum og mögulega gætu mótmælarnir því staðið í nokkur ár. Auk þess sem sett hefur verið upp bókasafn og önnur aðstaða til afþreyingar.

Óánægja með lagasetningu

Í september síðastliðinn samþykkti ríkisstjórn Indlands þrenn ný lög sem áttu að leiða til mestu framfara í indverskum landbúnaði í áratugi. Lögin voru samþykkt án samráðs við bændur eða forsvarsmanna þeirra í landinu og í framhaldinu hefur lögunum verið mótmælt kröftuglega. Með samþykkt laganna þykir bændum freklega framhjá þeim gengið og þeir segja að lögin takmarki rétt sinn þegar kemur að samningum við stór matvælafrirtækni. Enda hugmyndin með lögunum að auka vægi einkafrirtækja í indverskum landbúnaði og draga úr afskiptum ríkisins.

Mótmæli vegna setningar laganna hófust í landbúnaðarhérudum í norðurhluta landsins þar sem síkar eru í meirihluta. Mótmælin fóru hægt af stað og fólust aðallega í fjöldasetum við opinberar byggingar og í að loka götum og stöðva flutninga á vörum. Í nóvember varð breyting á þegar samtök bændu í landinu tóku höndum saman og hvöttu félagsmenn sína



Indverskir bændur á leið til Delí að mótmæla viðhorfi stjórnvalda og stórfyrirtækja til landbúnaðar.



Þrátt fyrir að mótmælin hafi að mestu verið friðsamleg hafa brotist út átök milli bændu og lögreglunnar.

til að taka þátt í mótmælagöngu sem halda skyldi til Delí.

Viðbrögð bændu við kallinu voru mikil og í framhaldinu tóku hundruð þúsunda bændu sig upp og stefndu til borgarinnar gangandi, á dráttarvélum eða öðrum farartækjum. Á þeim tímapunkti fór að hitna í kolunum og sums staðar kom til átaka milli bændu og yfirvalda sem reyndu að hefta för þeirra með lögregluvaldi þar sem beitt var bareflum, táragsasi og vatnsfallbyssum.

Í kjölfarið var fjöldi mótmælenda fangelsaður og nokkrir blaðamenn sakaðir um rangfærslur, meðal annars eftir að hafa sagt að lögreglan hafi skotið einn mótmælenda til bana. Stjórnvöld í landinu hafa á sama tíma brugðist illa við fréttum af mótmælunum í erlendum fjölmiðlum og sagt þær óþörf afskipti af innarríkismálum. Stjórnvöld hafa einnig farið fram á að nokkur þúsund færslur frá stjórnmalámonnum, bændum og blaðamönnum verði fjarlægðar af samfélagsmiðlum á þeim forsendum að þær séu villandi.

Viðbrögð stjórnvalda hafa eingöngu orðið til að stappa stálinu í bændurna og efla samhug þeirra um að halda mótmælunum áfram þar til lögin verða dregin til baka.

Um hvað snúast mótmælin?

Samkvæmt opinberum tölum á Indlandi starfar hátt í 60% vinnandi fólks í landinu við störf sem tengjast landbúnaði og samtök bændu í landinu því öflug.

Meðal þess sem er verið að mótmæla er að lágmarksverð fyrir það sem bændur framleiða verður afnumið og kaupendum því frjálst að þvinga verð niður eins og hægt er og engin trygging lengur fyrir því að bændur fái fyrir framleiðslukostnaði. Rök stjórnarinnar fyrir því að afnema lágmarksverð er að kaupendum muni fjölga og samkeppni aukast og verð til bændu hækka í kjölfarið. Bændur segja aftur á móti að með því að afnema lágmarksverð geti stór fyrirtæki ákveðið sjálf hvaða verð þau vilja greiða fyrir landbúnaðarvörur og hagur bændu því versna. Í kjölfarið munu þeir verða gjaldþrota og neyðist til að hætta búskap og selja jarðir sínar.

Fylgjendur laganna segja að í dag séu það eingöngu vel staðir bændur sem njóti þess að fá greitt lágmarksverð sem tryggir afkomu þeirra en að bændur sem stundi nánast sjálfsþurftarbúskap njóti þess ekki.

Annað sem fylgjendur laganna hafa bent á er að stór hluti landbúnaðar í Indlandi sé ótæknivæddur og að það verði að uppfæra hann að kröfum nútímans til að mögulegt sé að fæða

LAGERHREINSUN Á NILFISK HÁPRÝSTIDÆLUM

Nilfisk

**30%
AFSLÁTTUR**

C125.7-6 PC X-tra
Verð áður 32.800 kr.
**Tilboðsverð
22.960 kr.**



C120.7-6 PCAD
Verð áður 34.900 kr.
**Tilboðsverð
24.430 kr.**



C135.1-8 PC
Verð áður 39.799 kr.
**Tilboðsverð
27.859 kr.**



Premium 180-10
Verð áður 123.800 kr.
**Tilboðsverð
86.660 kr.**





Frá því í nóvember síðastliðinn hafa hundruð þúsunda bænda á Indlandi safnast saman í þremur búðum í útjaðri Delí.

Þjóðina þar sem íbúum landsins fer sífellt fjölgandi. Bent er á að ræktarland á Indlandi er víða komið að þolmörkum og gersneytt af öllum næringarefnum og að víða fari allt að 50% framleiðslunnar forgörðum vegna slæmra geymslu- og flutningsaðferða. Hlýnun jarðar er einnig farin að segja til sín og hafa mikil slæm áhrif á svæðum þar sem vatn er af skornum skammti.

Þeir sem tala gegn lögumum viðurkenna að ástand landbúnaðar á Indlandi sé víða bágborið en að umrædd lög séu ekki rétta leiðin til að bæta hann þar sem þau vinna gegn bændum en ekki með þeim.

Óeirðir á lýðveldisdaginn

Mótmælin mögnuðust á lýðveldisdag Indlands, 26. janúar, þegar hundruð þúsunda mótmælenda streymdu gangandi eða á dráttarvélum inn í Delí. Leiðin var fyrirfram samþykkt af lögreglunni og átti að sögn mótmælenda að fara friðsamlega fram. Hluti mótmælendanna klauf sig frá megin-göngunni og braut sér leið gegnum vegg sem lögreglan hafði komið upp til að halda mótmælendum innan fyrir fram ákveðinna marka og tók stefnuna á miðborgina.

Lögreglan brást við óeirðunum með valdi og beitti meðal annars tárágasi og bareflum og svöruðu mótmælendur lögreglunni með grjótkasti og bareflum.

Nokkrum dögum fyrir þjóðhátíðardaginn reyndu stjórnvöld að koma til móts við bændur og fresta gildistöku laganna í 18 mánuði en í huga mótmælenda var það einungis leið til að fá bændur til að hætta að mótmæla og fara heim.

Samhugur um aðgerðir

Mótmælubúðirnar þrjár þar sem bændumir hafa búið til eru staðsettar við þrjár af megin samgönguáðunum inn í Delí og geta þeir því hæglega



Ekki er annað að sjá en að bændur séu ákveðnir í að halda mótmælunum áfram.



Fjöldi mótmælenda fangelsaður og nokkrir blaðamenn sakaðir um rangfærslur, meðal annars eftir að hafa sagt að lögreglan hafi skotið einn mótmælenda til bana.

lokað borginni færast aukin harka í mótmælin.

Ekki er annað að sjá en að bændur séu ákveðnir í að halda mótmælunum áfram því þess að vera búnir að koma upp matar- og svefn- aðstöðu er búið að setja upp skóla

og læknisáðstöðu. Að sögn blaðamanna sem hafa heimsótt búðirnar er andrúmlöftið í þeim afslappað og fólk samhuga um mótmælaáðgerðirnar og ekkert sem bendi til að þeim muni ljúka á næstunni.

/VH

GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðinga- vinnu og aðrar framkvæmdir

Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVÖGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544



Lely Center Ísland SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS
Hrossabændur
óska eftir hryssum
Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Greiðum 35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581-4138.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

Gámur er góð geymsla

Stólpi Gámar bjóða gáma- lausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu



- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gáma- og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaáðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket- og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.



www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



LÍF & STARF

Ástand vega í Gufudalssveit og Reykhólasveit með versta móti:

Ferðum Baldurs verður fjölgað

Vegagerðin og Sæferðir, rekstraraðili ferjunnar Baldurs, hafa komist að samkomulagi um að bregðast við lélegu ástandi vega í Gufudalssveit og Reykhólasveit með því að fjölga ferðum ferjunnar í tvær á dag, á miðvikudögum og fimmtudögum, ef þörf krefur.

Vegagerðin og Sæfari eru með þessu móti að verða við óskum flutningsaðila og laxeldisfyrirtækja. Að auki hafa sveitarfélög á

svæðinu ákveðið að nýta ferðir úr svokölluðum aukaferðapotti sem er samningsbundinn, til þess að bæta við ferðum á þriðjudögum.

Núverandi siglingaáætlun gerir ráð fyrir að Baldur sigli tvisvar á dag, mánudaga og föstudaga, en einu sinni á dag alla aðra daga utan sunnudaga þegar ekki er siglt. Með þessum aðgerðum er möguleiki að sigla tvisvar á dag alla virka daga. Aukaferðirnar eru þó aðeins farnar ef kallað er eftir því sérstaklega.

Ástand vega í Gufudalssveit og Reykhólasveit er með versta móti þessa dagana. Spilar veðurfar stóran þátt í því hvort vegir séu færir fyrir flutningabíla. Fyrrgreindar mótvægisáðgerðir, sem hugsaðar eru til loka mars, eru því að mati Vegagerðarinnar nauðsynlegar til að stuðla að öruggum og greiðum samgöngum frá sunnanverðum Vestfjörðum að því er fram kemur á vefsíðu Vegagerðarinnar.

/MPB

Allar stærðir af AJ Power rafstöðvum:



Opnar stöðvar

Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám

Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira

Öflug og góð þjónusta

Gerðu kröfur — hafðu samband við Karl í síma 590 5125 eða sendu línu á kg@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

ÓDÝR

gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn

19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu

39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

SIJÓNTÆKJAVERSLUN

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst **METALSISTEM** hillukerfið í Rými

Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

ÞINGEYRI VIÐ DÝRAFJÖRD

GISTIHEIMILIÐ VIÐ FJÖRÐINN - AÐALSTRÆTI 26

kr. 56.900.000

TEGUND **3 íbúðir**
STÆRÐ **418 m²**
HERBERGI **14**
nánari uppl.

Sigrún Matthea
Sigvaldadóttir
Löggiltur fasteignasali
sms@remax.is
695 35 02

Skannaðu kóðann og líttu inn

FLOTFATNAÐUR
- fyrir allar aðstæður

Frístunda- og atvinnufatnaður frá REGATTA

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Lely Center Ísland

STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Ylræktun grænmetis – takmarkað vaxtarrými í brennidepli

Mjög mikil aukning hefur verið í framleiðslu lífrænt vottaðra garðyrkjuafurða í nágrennlöndum okkar á síðustu árum. Fylgja framleiðendur regluverki Evrópusambandsins þar um og sama gildir um Ísland en Íslendingar eru eftirbátar annarra þegar kemur að lífrænni ræktun.

Vottun þriðja aðila um að reglum sé framfylgt er nauðsynleg til að tryggja trúverðugleika lífrænu framleiðslunnar. Vottunarstofan TÚN sinnir eftirliti og úttektum í umboði Matvælastofnunar hér á landi innan ramma gildandi reglugerða. Tiltölulega fáir framleiðendur stunda ræktun á lífrænt vottuðu grænmeti í gróðurhúsum á Íslandi, mun færri hlutfallslega en t.d. í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Þar og víða í Evrópu hefur verið mikill uppgangur í lífrænni ylræktun til að mæta sífellt aukinni eftirspurn neytenda eftir lífrænt ræktuðum gróðurhúsaafurðum. Aðgengi að ýmsum nauðsynlegum aðföngum til lífrænnar framleiðslu er mun greiðara erlendis og kann það að skýra muninn að sumu leyti og stjórnmöld þar hafa á ýmsan hátt stutt við þá framleiðendur sem hyggjast hefja lífræna búskap.

Eitt er víst og það er að auka þarf hlut lífrænnar ræktunar meðal íslenskra garðyrkjubænda og til þess þarf samvinnu bænda, neytenda og hins opinbera. Það þjónar engum góðum tilgangi að stilla þessum eðlisólíku en þó nátengdu ræktunaraðferðum andspennis hvor annarri í heitri umræðu heldur geta þær vel þrífist hlið við hlið, bæði í faglegrum umfjöllun og á markaði.

Ylræktarbændur í sóknarhug

„Hefðbundin“ ylrækt hefur sótt verulega í sig veðrið á Íslandi á undanföllum árum en það endurspeglar aukinn áhuga neytenda á íslenskum matjurtum yfirleitt. Framsækni einkennir uppbygginguna, nýleg íslensk gróðurhús eru með þeim tæknivæddustu sem þekkjast ef borið er saman við önnur Evrópulönd og jafnvel þótt víðar væri lítið. Árangur framleiðendanna er líka eftirtektarverður, þeir skara til dæmis fram úr félögum sínum í öðrum löndum í heilsársæktun blóma og grænmetis og ræktunin verður sífellt afkastameiri.

Afmarkað rötarrými og óvirkt efni í stað moldar

Alsíða er í hátæknigarðyrkju eins og þeirri sem hefur rutt sér til rúms á Íslandi að rækta grænmeti ekki í mold, heldur í afmörkuðu rötarrými með steinull, vikri eða öðru óvirku efni sem ekki hefur teljandi áhrif á áburðarmagn eða jafnvel í vatni eingöngu, ásamt tilbúnum áburði. Það auðveldar meðal annars nákvæma stýringu á áburðargjöf og vökvun. Þessu vaxtarefni fyrir ræturnar er gjarnan komið fyrir á upphækkuðum rennum í gróðurhúsum til aukinnar hagræðingar. Vökvað er með fljóttandi áburðarlausn. Meira en 90% íslensku framleiðslunnar á tómötum og gúrkum er ræktuð með þeirri aðferð og hefur skilað örum vexti og mikilli uppskeru. Salat er sömuleiðis ræktað í hr-ingrás næringarlausnar án jarðvegs. Þessar ræktunaraðferðir eru snyrtilegar og árangursríkar en geta á engan hátt fallið undir

skilgreiningar á lífrænni ræktun og um það er ekki deilt.

Samræmdar Evrópureglur um lífræna búskap taka gildi um næstu áramót

Evrópusambandið hefur samþykkt samræmdar reglur um lífræna búskap sem öll aðildarríkin skulu fylgja og taka gildi í janúar 2022. Upphaflega stóð til að gildistakan væri 1. janúar 2021 en henni hefur verið frestað um eitt ár vegna Covid-19. Ísland er fullgildur aðili að þessu samkomulagi gegnum aðild sína að Evrópska efnahagssamningnum, EES. Meðal annars er kveðið á um að í lífrænt vottaðri ræktun verði ekki heimilt að notast við takmarkað rötarrými í óvirku ræktunarefni, heldur skuli plönturnar vera gróðursett á beð með lífrænum jarðvegi og næringu. Reglur sem snúa að skepnuhaldi munu einnig taka nokkrum breytingum með innleiðingu ESB-reglugerðarinnar.

Undanþágur frá reglum um takmarkað rötarrými heyrta brátt sögunni til

Vottunaraðilar í þremur Evrópuríkjum, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi hafa engu að síður samþykkt lífræna vottun á tómata- og gúrkuræktun í litlum jarðvegssekkjum með lífrænni mold og næringu undanfarin ár. Að minnsta kosti virðast þeir hafa horft í gegnum fingur sér þegar kom að vottuninni, því í raun hefur þessi háttar ræktun ekki verið leyfileg samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu síðast liðin ár.

Íslenskir garðyrkjubændur hafa sumir hverjir hugleitt að fara þá leið til að fá lífræna vottun á sína framleiðslu. Sú ræktunaraðferð er hins vegar á útleið, því reglur ESB um lífræna framleiðslu munu ekki heimila slíka ræktun. Framleiðendur sem komu upp þess háttar aðstöðu í sínum gróðurhúsum í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi fyrir 28. júní 2017 munu geta haldið sinni lífrænu vottun að öðrum skilyrðum uppfylltum til 31. desember 2031. Undanþágan gildir aðeins fyrir þessi þrjú lönd og ekki verður heimilt að taka aðferðina upp annars staðar í Evrópu. Undanþágur sem nágrennar okkar á Norðurlöndum hafa notfært sér heyrta því brátt sögunni til. Áfram verður hægt að óska lífrænnar vottunar á smáplöntur sem ræktaðar eru og seldar í pottum eftir aðferðum lífrænnar ræktunar, til dæmis kryddjurtir og blóm.

Reglugerð ESB um lífræna framleiðslu og merkingu lífræna vara, sem Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur samþykkt og tekur að öllum líkindum gildi um næstu áramót skerpur enn muninn milli lífrænnar og hefðbundinnar garðyrkju. Reglurnar gera auknar kröfur til lífræna framleiðenda í nágrennalöndunum en hafa í raun ekki sömu áhrif á lífræna framleiðslu á Íslandi eins og hún hefur verið stunduð því hér hefur lífrænt vottað grænmeti allt verið ræktað á beðum með lífrænni mold og lífrænum næringargjöfum, eins og gert er ráð fyrir í hinum nýju reglum.

*Ingólfur Guðnason
námsbrautarstjóri
garðyrkjuframleiðslu
Gardyrkjuskólans á Reykjum,
Ölfusi.*



Gríðarlegar hækkunir á timburverði í Bandaríkjunum


– Dæmi um 277% verðhækkun á 10 mánuðum

Timburverð á markaði hefur hækkað umtalsvert á undanföllum fimm árum vegna aukinnar eftirspurnar. Þá hefur enn bætt í þá þróun vegna áhrifa af minni framleiðslu vegna COVID-19. Tölur um framvirka samninga frá hrávörumarkaði Chicago Mercantile Exchange í Bandaríkjunum sýna þetta glögglega. Þá virðist samdráttur á innflutningi timbers til ESB-landanna vera að hafa mikil áhrif.

Á markaðnum er fjallað um timbur sem býið er að saga niður í bita eða planku og kallað „lumber“. Helstu framleiðendur sem selja í gegnum þennan markað eru í Eystrasaltslöndunum og Norður-Ameríku, en Íslendingar fá m.a. mikið af timbri frá Eystrasaltslöndunum. Það timbur sem fer í gegnum CME markaðinn er samt háð þeim skilyrðum að vera unnið í viðurkenndum sögunarmyllum í Bandaríkjunum eða Kanada.

Á vefsíðu samtaka íbúðarhúsa-byggjenda í Bandaríkjunum (NAHB) var greint frá því þann 22. febrúar síðastliðinn að timburverð hafi hækkað um meira en 180% frá því á síðasta vori. Þetta hefur síðan haft mikil áhrif á byggingarkostnað. Talað er um 8.998 dollara hækkun á meðalíbúðarhúsnæði og er þá verið að tala um timburhús.

Sem dæmi um þetta er sagt að þúsund fet (310 metrar) af grindarefni hafi kostað um 350 dollara (44.576 kr.) í apríl 2020, en hafi verið komið í 975 dollara (um 124.000 kr.) í febrúar síðastliðinn. Þá eru einnig nefnd dæmi um að verð á 1.000 fetum hafi farið yfir 1.000 dollara og í 1.010 dollara í framvirkum samningum til 2. mars. Þetta samsvarar því að metraverðið



Miklar hækkunir á timburverði í Bandaríkjunum hafa haft mikil áhrif á byggingarkostnað.

hefur hækkað úr sem nemur 144 krónum í um 400 krónur, eða um 277%.

Um fjöllun í The Wall Street Journal nýverið er á sama veg. Þar er

talað um methækkunir á timburverði og um 49% hækkun á grindarefni frá síðustu viku í janúar og fram í miðjan febrúar. Þá var verð á þúsund fetum komið í 992,4 dollara. /HK/



Ástæða timburskorts í Bretlandi er rakin til þess að mikil aukning kórónuveirusmita í Svíþjóð hafi dregið verulega úr timburframleiðslu þar á landi. Sænskt timbur er einmitt uppistaðan í timburinnflutningi Breta.

Búist við timburskorti í Bretlandi


Bretar horfa fram á timburskort á árinu 2021 samkvæmt umfjöllun á vef Architects' Journal. Er það byggt á upplýsingum samtaka timburviðskipta, Timber Trade Federation.

Ástæða timburskorts er rakin til þess að mikil aukning kórónuveirusmita í Svíþjóð hafi dregið verulega úr timburframleiðslu þar á landi. Sænskt timbur er einmitt

uppistaðan í timburinnflutningi Breta.

Haft er eftir David Hopkins, forstjóra TTF, að hann hafi skilning á því að margir Bretar eigi eftir að reidast vegna timburskorts, en við því sé lítið að gera. Bretar verði bara að taka á þessum vanda í sameiningu eins og aðrir. – „Þessi staða mun fylgja okkur langt inn í árið 2021,“ ságer Hopkins.

James Talman, framkvæmdastjóri samtaka þakverkataka, segir að þar á bæ hafi menn verulegar áhyggjur af stöðunni og að hægt verði að mæta hvatningu yfirvalda um að fólk hugi að viðgerðum og endurbótum á húsum sínum. Kallar hann eftir auknum stuðningi yfirvalda og að liðkað verði til varðandi tolla og flutninga á hráefni. /HK/



UTAN ÚR HEIMI

70 ára albatrosi

Elsti villti fugl sem vitað er um er 70 ára gamall albatrosi og það sem meira er, fuglinn er nýbúinn að klekja unga úr eggjum.

Albatrosinn, sem kallast Wisdom, var merktur árið 1956 og hefur sami fuglafræðingurinn fylgst með honum síðan þá. Þann 1. febrúar síðastliðinn klaktist ungi úr eggjum sem Wisdom verpti á Midway Atoll náttúruverndarsvæðinu, sem er á eyju í norðanverðu Kyrrahafi.



Sjötíu ára og enn í ungavafstri.

Karlfuglinn sem Wisdom á ungann með hefur verið félagi hennar frá árinu 2010 en almennt velja þeir sér einn féлага yfir ævina. Frá því að farið var að fylgjast með albatrosnum gamla hefur hún átt 30 unga, sem telst mikið af albatrosa sem gera sér hreiður og verpa annað hvert ár.

Albatrosar eru meðal fuglategunda sem eru í útrýmingarhættu vegna mengunar og aukins lofthita í heiminum. *AVH*



NC ENGINEERING

Margverðlaunað fyrir nýsköpun og hönnun

Eigum haugdælur og hrærur frá NC til á lager

Norsk hönnun og framleiðsla í 65 ár. Áratuga reynsla á Íslandi.

Getum útvegað Duun skádælur með skömmum fyrirvara

AFLVÉLAR
Austurvegi 69
800 Selfoss
480 0400
jotunn.is
jotunn@jotunn.is

Tveggja punkta festing við dráttarvélina og hæð stillanleg með vökvatjakk. Stillanlegur hræristútur. Galvanisering er staðalbúnaður.

Haugdælur:

Super 3000 - 10 fet / 3,05 m djúpar kr. 1.258.000 án vsk

Super 3000 - 9 fet / 2,75 m djúpar kr. 1.210.000 án vsk

Super 4800 - dæla/hræra 9 fet / 2,75m djúp kr. 1.524.000 án vsk

Hrærur:


20 fet / 6,1m kr. 788.000 án vsk

25 fet / 7,6 m kr. 879.000 án vsk

JÖTUNN
LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA



Lóa - nýsköpunarstyrkir



Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra auglýsir Lóa - nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina.

Tilgangur styrkjanna er að styðja við nýsköpun, eflingu atvinnulífs og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni, á forsendum svæðanna sjálfra.

Heildarfjárhæð styrkja er 100 milljónir króna, en hámarksstyrkur til hvers verkefnis er 20 milljónir króna. Úthlutað er til árs í senn.

Umsóknarfrestur er til 9. mars nk.

Allar nánari upplýsingar á www.anr.is

Bændablaðið

á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)



VÖNDUÐ GRÓÐURHÚS

- sérstyrkt fyrir íslenskt veðurfar



20 ára farsæl reynsla á Íslandi

Mikið úrval stærða, lita og aukahluta.

Verð og helstu upplýsingar má finna

á heimasíðu okkar: www.lagafellverslun.is

Lágafell
verslun og byggingar

LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
DESJAMÝRI 8, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
895-4152 - 846-7014

SIL-ALL

4x4+

MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson

S: 892-1480

Nf: gretarhrafn@simnet.is

Silostop Max stæðuplast er sterkt, einfalt og þunnt og með einstaka súrefnisheldni. www.silostop.com/uk/



Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson

Sími 892-1480

Nf: gretarhrafn@simnet.is

GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN



Comfort Slat Mat

www.comfortslatmat.com

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson

Sími 892-1480

Nf: gretarhrafn@simnet.is

Lely Center Ísland

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5f - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

SAGA MATAR & DRYKKJA



Gin og tónik á eldhúsbörðinu.

Gineiming.

Í dag er gin ekki bara rammur drykkur sem kryddaður er með einiberjum og mörgum þykir nánast ódrekkandi nema útþynntur í gosi eða ávaxtasafa.

Gin og tónik

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Gin er brennt vín sem er bragðbætt með einiberjum. Það á rætur sínar að rekja til miðalda, úr heimi grasalyfja og lækninga, og var lengi selt í apótekum sem lyf og var notað til lækninga en er í dag framleitt og selt sem áfengi.

Gin er byggt á eldra brenndu víni sem nefnist sénever og var fundið upp í Hollandi. Orðið gin á uppruna sinn í franska orðinu genièvre og orðunum jenever á hollensku og ginepro á ítölsku sem öll þýða einiber, Juniperus communis.

Gin er oft drukkið með tónik en einstaka sérvitringar drekka það í greip eða Sprite og er það stundum skreytt með límónu eða agúrku.

Saga

Þrátt fyrir að gin sé yfirleitt kennt við Bretlandseyjar og sagt þaðan vera komið frá Niðurlöndum sem sérstök útgáfa að sénever, má með rökum sýna að drykkurinn sé upphaflega



Gott tónik inniheldur kínin, sem er framleitt úr tré sem kallast kínabörkur (Cinchona officinalis).

kominn frá Ítalíu.

Arabar fundu upp listina að eima áfengi og frá þeim barst þekkingin til Ítalíu. Benediktusar-munkar í Salerno-klaustri, sem á sér langa og merkilega lækningasögu tengda grasalækningum, eimuðu áfengi að hætti Araba og notuðu spírann til að geyma í lækningaplöntum. Sagan segir að í hlíðum Salerno hafi vaxið mikið af einiberjarunnum og að munkarnir hafi snemma farið að nota berin til lækninga. Auk þess sem Rómverjar brenndu þurrar einiberjagreinir í lækningaskyni og til að fæla burt illa anda.

Framan af þótti spíri, sem hinum ýmsu plöntum var blandað út í, góður til lækninga og barst frægð lyfsins út og norður um Evrópu. Drykkja á

spíra blönduðum með einiberjum til lækninga jókst mikið á þeim árum sem svart dauði gekk í Evrópu. Trúin á lækningamátt einiberja var reyndar slík á þeim tíma að fólk bar sérstakar grímur sem fylltar voru af einiberjum og andaði í gegnum þau til að bægja pestinni frá. Eins konar einiberjagrímur.

Elsta ritaða heimild um sénever eða jenever er að finna í miðaldahandriti, eða þess tíma alfræðiriti, frá um 1350, sem kallast Der Naturen Bloeme og er eignað hollenska skáldinu Jacob van Maerlant. Fyrsta uppskriftin að sénever sem vitað er um á prenti er frá 1552 og í bók sem kallast Een Constelijck Distileerboec eftir hollenska lækningarnum Philippus Hermanni.

Heimildir segja að enskir hermenn sem tóku þátt í átta tíu ára stríði Niðurlendinga og Spánverja, 1568 til 1648, hafi drukkið talsvert af séna til að auka hugrekki sitt fyrir orrustur og drykkurinn kallaður Hollenska hugrekkið í framhaldi af því. Í kjölfar þess jukust vinsældir drykksins á Englandi og hann er nefndur á nafn, genever, árið 1623 í leikriti Philip Massinger sem heitir Hertoginn af Mila.

Um miðja sautjándu öld hóf fjöldi hollenskra og flæmskra brugghúsa að framleiða bygg- og möltuð kornvín sem voru 6 til 12% af styrkleika og bragðbætt með ýmsum kryddum, einiberjum, anís, kúmeni og kórfander svo einhver séu nefnd. Drykkirnir voru í fyrstu einungis seldir í apótekum og ætluð til lækninga á margs konar kvillum eins og nýrnasteinum, gikt, bak- og magaverkjum.

Ginneysla á Bretlandseyjum jókst talsvert eftir að hollenski prinsinn af Orange settist á valdastól á Englandi sem William III eða William af Orange árið 1689 í skjóli eiginkonu sinnar, Mary, dóttur hertogans af York. Þrátt fyrir að vinsældir William sem konungs Engendinga hafi verið takmarkaðar naut hann mikilla vinsælda í Niðurlöndum. Reyndar voru vinsældir hans svo miklar að Hollendingar tóku upp á því að rækta nánast eingöngu appelsínugular, orange, gulrætur honum til heidurs og þaðan eru komnar gulrætur eins og við þekkjum þær flest í dag.

Vinsældir gins á Bretlandseyjum héldu áfram að aukast í lok sautjándu aldar og á fyrstu áratugum átjándu aldar. Það sem gekk undir heitinni

gin á þeim tíma var ólíkt því gini sem við þekkjum í dag og drykkurinn ólíkur frá einum framleiðanda til annars og til er lýsing á einum slíkum sem virðist bragðast eins og krydduð terpentína. Gin var um tíma tengt fylgjendum Marteins Lúters og kallað mótmælendavín vegna þess að Bretakonungar sem fylgdu siðbreytingunni helltu því í hermenn sína sem börðust við kaþólikka á Írlandi og í Frakklandi.

Stjórnvöld í Bretlandseyjum gáfu framleiðslu á gini frjálsa í valdatíð Willians III en lögðu háa innflutningstolla á koníak frá Frakklandi til að auka veltu innanlands.

Lögin gerðu ráð fyrir að hver sem er gæti hafið framleiðslu á gini með því einu að setja upp tilkynningu um það með viku fyrirvara á almennum stað. Í framhaldinu flæddi á markað gin sem var bruggað úr annars flokks bygg sem ekki þótti hæft til bjórgerðar. Árin milli 1695 og 1735 eru stundum kölluð gin-árin eða ginæðis-árin. Ástæða þessa var að gin var ódýrt og neysla þess mikil meðal fátækari stétta og fjöldi ginhúsa eða gínubílla, eins og ginsólustaðir voru kallaðir, í London er áætlaður um 15

þúsund um 1730. Drykkja á sterku gini hafði öðruvísi áhrif á neytendur en drykkja á veikara áfengi og olli í auknum mæli alls konar félagslegum vandamálum sem fylgja ofdrykkju, ofbeldi, margs konar öðrum glæpum og ótímabærum dauða.

Árið 1736 reyndu stjórnvöld að draga úr neyslu á gini með því að hækka skatta á því og um leið verðið. Verðhækkunin leiddi til mótmæla og óeirða á götum og skatturinn smám saman lækkaður og endanlega aflagður 1742. Nú árum seinna voru sett lög sem skylduð brugghús að selja eingöngu löggildum smásölum gin og þannig tókst að ná böndum yfir söluna.

Í Niðurlöndum var áfram framleitt sénever úr möltuðu korni og er Schiedam í Suður-Hollandi frægasta sénever-framleiðsluborg í heimi og þar er einnig að finna holleska sénever-safnið. Smám saman aðgreindust drykkirnir í sénever og gin og um 1820 var til það sem kallast London dry gin sem enn er drukkíð í dag.

Með betri tækni og kröfum um aukin gæði hafa komið á markað sénever og gin sem eru bæði hreinni og betri en drykkir sem í boði voru undir þeim heitum fyrr á tímum. Hreinlæti við framleiðsluna er einnig ólíkt því sem áður var þegar veitingamenn bæði þynntu og „bragðbættu“ gin með terpentínu eða annarri ólyfjan.

Tónik vatn

Gott tónik inniheldur kínin sem er framleitt úr tré sem kallast kína-börkur (*Cinchona officinalis*). Rúmur helmingur framleiðslunnar á kíninu í dag er nýttur til framleiðslu bragðefnis sem notað er í kínivatn, tónik og aðrar drykkjar- og matvörur. Það sem eftir stendur er nýtt til lyfjaiðnaðar. Kínin í góðu tóniki verður sjálflysandi í útfjólubláu ljósi.

Upphaflega var tónik með kínin drukkíð sem lyf gegn malaríu en það tónik sem við þekkjum úr verslunum í dag inniheldur einungis brott af því kíninu sem drukkíð var til að draga úr hættu á sýkingu.

Snemma á nítjándu öld var farið að blanda sóða og sykri út í kínin-drykki breskra hermanna á Indlandi til að draga úr bitrbrugði lyfsins og úr varð tónik vatn. Drykkurinn varð svo vinsæll að árið 1858 var farið að framleiða hann fyrir almennan markað og fljótlega eftir það var hann orðinn vinsæll sem bland fyrir gin og aðra áfenga drykki.

Í bókinni *The Restaurant at the End of the Universe* eftir breska rithöfundinn Douglas Adams eiga 85% allra menningarsamfélaga í alheiminum það sameiginlegt að drekka gin og tónik undir mörgum mismunandi heitum og í bókinni *Dr. No* fær James Bond sér G & T með safu úr heilu límónuvaldini kreistum út í þegar hann er staddur í Kingston-borg á Jamaíka.

Framleiðsla

Í grófum dráttum eru þrjár aðferðir notaðar til framleiðslu á gini og sénever. Elsta aðferðin felst í því að láta maltað korn gerjast og eima það síðan með einiberjum eða öðrum bragðjurtum. Ná má fram hærri alkóhólstyrk með því að tvíeima lögunina. Tvíeimað gin er oft geymt í viðartunnum og verður fyrir vikið þyngra og líkt viski á bragðið. Dæmi um slík vín er Genever gin og Holland gin.

Gin sem eimað er í eimingaturnum er búið til úr 96% alkóhóli sem er blandað gerjuðum massa sem getur verið gerður úr sykri, kartöflum eða korni og síðan blandað með bragðefnum. Dæmi um þetta er London dry gin.


Að lokum eru til gin sem eru búið til úr útvötnuðum spíra og blönduð með náttúrulegum eða verkmiðjuframleiddum bragðefnum.



Lokun bannáranna fagnað.



Ólöglegu gini fargað á bannárunum í Bandaríkjunum.



Mikill munur þótti á bjór- og gindrykkju, eins og sjá má á myndunum Beer Street and Gin Lane eftir William Hogarth 1751.

Vinsælustu ginin í dag fyrir utan hefðbundið gin með einiberjakeim eru þau sem bragðbætt eru með sítrónu- eða appelsínubragði auk þess sem gin með anís, hvönn, kanil, lakris og öðru bragði þykja góð. Þegar kemur að aukinni framleiðslu á gini er hún mun meiri í tegundum með óhefðbundnu bragði fremur en einiberjum.

Bannár og hanastél

Vínbanssárin í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, 1920 til 1933,

leiddu til þess að ólöglegt áfengi var framleitt í gríðarlegu magni og þar á meðal það sem var kallað badkarsgin. Bruggunin, eins og nafnið gefur til kynna, fór þannig fram að spíra, sem var mismunandi að gæðum, var hellt í badkar og einiberjaolíu eða öðru bragðefni hrætt saman við og síðan tappað á tunnur eða flöskur til sölu. Oft og tíðum varð að blanda ginið með öðrum drykkjum til að það yrði drykkjarhæft og þannig urðu til margir vinsælir kokteilar sem drukkarnir eru enn í dag.



Drykkja á vökva blönduðum með einiberjum til lækninga jókst mikið á þeim árum sem svarti dauði gekk í Evrópu. Trúin á lækningamátt einiberja var slík að fólk bar grímur sem fylltar voru með einiberjum til að bægja pestinni frá.

Þegar kemur að flokkun á gini og sénever er það yfirleitt gert eftir framleiðsluáferð en einnig eru til gin og sénever sem eru kennd við upprunasvæði eins og Plymouth gin, Ostfriesischer Korngenever, Slovenská borovička og Kraški Brinjevec. Sloe gin er upprunnið á Bretlandseyjum og fengið með því að hella gini yfir þyrniplómu, *Prunus spinosa*, sem gefur drykknum bragðið.

Gin á Íslandi

Lengi stóð orðið gin á íslensku fyrir kjaft og talað um gapandi gin, gin- og klaufaveiki eða gin úlfsins, en litlum sögum fer af gini sem áfengi. Í jóbblaði *Alþýðublaðsins* 1933 er að finna þýðingu Magnúsar Asgeirssonar á ljóðinu Vatn eftir Nordahl Grieg og er eitt erindið á þessa leið:

*Gin amd bitter, gim and bittier!
Drykkjustofan skipuð gestum.
Gegnum hróp og glaum við bordin
glittir, skín í drykk við drykk.
Mókandi augu í móðu hitans
mara í kafi, rauð og þrútin,
dvelja kyr við daggrátt staupið
— gin and bitter, boy be quick!*

Í Hagskýrslum um innflutning á vörum árið 1936 segir að flutt hafi verið inn rúm 13 tonn af sénever og gini.

Samkvæmt heimasíðu Vínbúðarinnar er íslenskt gin í boði undir 25 vörueitum í Ríkinu og samkvæmt því talsverð gróska í framleiðslu þess hér á landi.

Búsáhaldasýningin 1921 – Aldarminning

Þótt nútíma búskapur byggist öðru fremur á vélum og tækni hefur svo ekki verið mjög lengi sé mælt á hinn stóra kvarða tímans. Í upphafi síðustu aldar var það enn handaflið með einföldum hjálpartækjum sem mestu réði um afköst manna. Þegar fyrri heimsstyrjöldinni lauk var ekki hjart um að litast hérlendis: Frosta-, pestar- og snjóávetur að baki, peningaleysi og verðfall á landbúnaðarafurðum. Kappsamir menn bitu þó í skjaldarrendur, réðust m.a. í togarakaup og blésu til sóknar í búnaðarmálum. Haldin var mikil landbúnaðarsýning í Reykjavík – Búsáhaldasýningin 1921. Þegar frá leið sást að hún hafði markað skýr skil í tækniþróun íslensks landbúnaðar; greitt fyrir komu nýrra tíma í sveitir.

Á Búnaðarþingi 1919 kom fyrst til orða að efna til búsáhaldasýningar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákvað síðan að halda hana vorið 1921. Nýir og ferskir menn voru sestir þar að stjórnarborði, m.a. Sigurður Sigurðsson, forseti félagsins, nýkominn frá skólastjórn á Hólum auk þess að hafa rífið upp starfsemi Ræktunarfélags Norðurlands. Samband var haft við fjölda manna og fyrirtækja er lagt gætu hugmyndinni lið og Alþingi hét fjármagni til stuðnings. Sigurður forseti, síðar titlaður búnaðarmálastjóri, fór um Norðurlönd sumarið 1920 og talaði þá „við marga, er höfðu hug á að senda muni til sýningarinnar og benti á, hvað myndi henta best hjer á landi.“ Eimskipafélag Íslands hét ívilnum flutningsgjalda. Að sjálfsögðu gekk misjafnlega að fá svör: „Brugðust margir vel við [erindinu], sjerstaklega erlendir verksmiðjur og verslanir; undirtektir voru öllu daufari innan lands og margir óákveðnir,“ segir í skýrslu um sýninguna. Erlendis hafði þegar skapast hefð fyrir landbúnaðarsýningum en þetta var fyrsta sýning þeirrar gerðar hérlendis. Má vera að það hafi valdið heimamönnum hiki.

Í Noregi hafði ungur Skagfirðingur, Árni G. Eylands, dvalið um árabil. Veturinn 1920 réði Búnaðarfélagið hann til sex mánaða vinnu: „...vjer ætlumst til að þjer lærið að fara með motorvjarlar (dráttarvjarlar), sprengingu á grjóti og skurðagerð, kynnið yður skurðgröfur og fleira, sem líklegt er að komið geti að notum hjer á landi“... og síðan skyldi hann „vinna að undirbúningi verkfærasýningarinnar“. Árni höfist þegar handa, tók viku námskeið fyrir „motorplog-



Frá Búsáhaldasýningunni 1921. Hluti sýningargripanna sunnan við Kennaraskólann.

Mynd / Minjasafnið á Akureyri


førere“, það fyrst sem haldið var í Noregi, og kynnti væntanlega sýningu víða; „Skeytum rigndi yfir mig og jeg bar víða niður um þáttöku í sýningunni í Reykjavík“, skrifaði Árni í endurminningum sínum.

Við Kennaraskólann og Gróðrarstöðina

Sýningarsvæði var undirbúið í og við Kennaraskólann og í Gróðrarstöðinni þar sunnan við (nú Einarsgarður við Laufásveg 79). Undirbúin voru ræktunarreitir, sýningar- og veitingatjöldum slegið, auk þess sem nálæg hús voru nýtt. Þann 27. júní 1921 var allt tilbúið svo Pétur Jónsson ráðherra atvinnamála gat sett sýninguna að viðstöddu hálfu þúsundi gesta. Í hugum Búnaðarfélagsmanna var tilgangur sýningarinnar „eiginlega tvenns konar. Annað var það, að hún átti að sýna menningarástand vort í búnaðarlegu tilliti, sýna hvernig það hefir verið og hvernig það er nú. Hitt atriðið var að fá safnað saman og reynt sem flest af þeim búsáhöldum, sem líkindi væru til að væru nothæf hjer á landi.“

Rúmlega 1.300 sýningargripir og 5.000 gestir

Sýningargripirnir urðu ríflega 1.300, þar af um 30% innlendir. Sýnendur voru alls 124, þar af 73 innlendir. Um 5.000 manns komu á sýninguna vikuna sem hún stóð.



Hestaverkfærin vöktu mikla athygli á sýningunni. Að sýningu lokinni voru þau prófuð og metin með skipulegum hætti, m.a. þessi McCormick-snúningsvél: „Vjelin rann mjög vel, er auðveld í meðferð, og virðist sæmilega traust. Má hiklaust telja hana vel nothæfa á tún og harðlendi, þar sem vel er sljett“, sagði í áliti dómnefndar.



Sigurður Sigurðsson (1871-1940), forseti Búnaðarfélags Íslands og helsti hvatamaður að Búsáhaldasýningunni 1921.

Mynd / Ævisaga SS

Þá voru landsmenn um 95 þúsund, þar af um 18 þúsund í Reykjavík. Sýningin var því vel sótt auk þess sem rækilega var um hana fjallað í blöðum. Sýningardagana voru haldnir fræðslufundir og vinnubrögð kynnt, sýndar kvikmyndir og gestum boðið að kynna fyrirtækjum og stofnunum í borginni.

Til eru rækilegar skrár um það sem sýnt var: Heimilistæki yngri og eldri sem og tæki til heimilisíðnaðar, mjólkurvinnsluáhöld og „gott sýnishorn þess, hvað hægt er að vinna úr íslenskri ull með þekking og dugnaði.“ Tilbúinn áburður var kynntur, sömuleiðis framandi trjátegundir og grjótsprengiefni. Hins vegar var búfé ekki sýnt: „Landssýning á búpeningi væri óframkvæmleg í járnbrautarlausu

landi, ef að verulegu gagni ætti að koma“, var haft eftir ráðherranum.

Nýju verkfærin vöktu mesta athygli

Mesta athygli virðast hin nýju verkfæri til ræktunar og heyskapa hafa vakið. Það var sérstafa þessarar sýningar að strax henni lokinni „töku menn til óspilltra málanna með að athuga og rannsaka sýningarmunina, svo dæmt yrði um, hvað hjer myndi best henta.“ Til yfirumsjónar þess var fenginn Anton Christensen, kennari við danska landbúnaðarháskólann, sem hafði með sér aðstoðarmann. Með þeim starfaði dómnefnd íslenskra búfræðinga. Margir flokkar verkfæra komu til athugunar, s. s. handverkfæri,

plógar, herfi, sláttuvélar og flutningatæki. Ekki aðeins voru umsagnir gefnar um verkfærin heldur voru líka gerðar samanburðarmælingar, svo sem á dráttarþunga hestaverkfæranna. Svo yfirgripsmiklar prófanir á búverkfærum höfðu ekki verið gerðar hérlendis áður en þær voru þá orðnar alsíða í nágrannalöndum.

Prófuðu 10 hestaplóga í Kringlumýrinni

Tíu hestaplógar voru reyndir í Kringlumýri og reyndist norsk plógurinn Odd best. Þar voru einnig reyndar átta gerðir herfa. Suður á Vífilstaðatúni voru reyndar sex gerðir hestasláttuvéla og þar mat prófunarnefndin þessa þætti: „1. Sláttugæði. 2. Ljettleiki í drætti. 3. Lyfting á greiðu (hve hátt má lyfta). 4. Hvernig vjelin er í stjórn yfir höfuð. 5. Traustleiki. 6. Jafnvægi. 7. Hagkvæmni í gerð vjelarinnar í heild sinni.“ Hvað lengsta stráid dró tegundin Lanz Wery sem Hugo Hartig í Svíþjóð hafði sýnt. Flutningatæki, þ.e. kerrur, vagna og sleða, rannsókuðu þeir Christensen og nefndarmenn sömuleiðis. Fyrir öllum þessum athugunum, sem eru raunar afar athyglisverðar, var rækileg grein gerð í Búnaðarriti 1921, bls. 315-357.

Sýningin var merkilegt framtak

Vert er að undirstrika hve mikilvægur vettvangur sýningarinnar var til kynningar á ýmsum innlendum verkfærum, frumhugmyndum og eftirgerðum svo sem: skurðpáli Eggerts Briem, sópljá Sigurðar á Hellulandi, dengingarvél Kristins í Leirhöfn, taðvél Steindórs á Akureyri, forarásu Ágústs í Birtingaholti, heyskúffu Hauks í Garðshorni og heysleða Jóns í Deildartungu. Af mörgu var að taka.

Ótalin er þó enn nýjungin stóra sem sýningin boðaði: Koma traktoranna – aflvéla til ræktunar. Tveir hjólatraktorar voru sýndir: Austin og Fordson, forverar þeirra dráttarvéla sem áttu eftir að bylta ræktunarförum og heyskap hérlendis. Báðir þessir traktorar eru enn til, í Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri. Þeir fagna því einnig aldar afmæli í ár. Helsta bomba sýningarinnar er vera skyldi, þúfnabaniinn frá Heinrich Lanz, náði hins vegar ekki til landsins í tæka tíð. Hann kom seinna um sumarið svo sýningargestir urðu að láta sér nægja kvikmynd af honum við vinnu. Sigurður Búnaðarfélagforseti hafði þó lagt mikið á sig til þess að ná þúfnabananum til landsins fyrir sýninguna.

Meðal mikilvægra eftiráhrifa Búsáhaldasýningarinnar má nefna sáttmála Búnaðarfélags Íslands og Sambands íslenskra samvinnufélaga sem gerður var samsumars um að áður nefndur Árni G. Eylands yrði ráðinn hjá báðum þeim til þess „að standa fyrir verkfæraeild þeirri er S.Í.S. kemur upp, en vera jafnframt leiðbeinari Búnaðarfélags Íslands í þeim efnum.“ Nokkur dráttur varð að vísu á framkvæmdinni en fljótlega varð Árni þó lykilmáður beggja aðila um innflutning búvéla og ráðgjöf til bænda um val á þeim og notkun. Þau mál hafði hann nær öll í sínum höndum næstu tvo áratugina.

Sú mikla kynning sem sýningin var á nýjum verkfærum og verkháttum, sem og umræður og aðgerðir í kjölfar hennar, þar með talið setning jarðræktarlaganna árið 1923, ýtti af stað stórfelldum breytingum í jarðrækt og heyskap. Búsáhaldasýningin 1921 markaði skil í þróun íslensks landbúnaðar á tuttugustu öld. – Hún boðaði komu nýrra tíma.

Bjarni Guðmundsson



Austin-traktorinn á akstri um sýningarsvæðið.

Mynd / Minjasafnið á Akureyri

SAMFÉLAGSRÝNI

Nemendur Garðyrkjuskólans á Reykjum:

Opið bréf til Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra

Við nemendur Garðyrkjuskólans á Reykjum, sem teljum nú 140 manns, höfum áhyggjur af framtíð skólans okkar og skorum á ráðherra menntamála að tryggja framtíð garðyrkjunáms með öflugum Garðyrkjuskóla til framtíðar á grunni gamla Garðyrkjuskólans í Ólfusi.

Nú hefur verið ákveðið að færa garðyrkjunámið frá Lbhí til FSu. Garðyrkjuskólinn var stofnaður 1939 og starfaði sjálfstætt þar til hann var sameinaður Lbhí 2005. Hann var að drjúgum hluta byggður upp með gjöfum og aðstoð velunnara skólans, þar á meðal kennurum og nemendum. Við sameiningu skólans við Lbhí fylgdu eignir skólans til sameinaðrar stofnunar og verður að segjast eins og er að eðlilegu viðhaldi á aðbúnaði garðyrkjunámsins hefur verið ábótavant síðan þá. Stöðugildum hefur fækkað og finna nemendur og kennarar vel fyrir því hversu mikið aðbúnaði og umgjörð námsins hefur hrakað. Nemar garðyrkjunáms hafa haft aðgang að fáum ræktunarhúsum sem fengið hafa lítið viðhald og öll uppbygging hefur verið í frosti undanfarin ár.



Frá fundi nemenda Garðyrkjuskólans á Reykjum með Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra þar sem nemendur afhenda ráðherra bréf þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum af stöðunni sem komin er upp í Garðyrkjuskólanum og vangaveltur um framtíð garðyrkjunáms á Íslandi. Mynd / Helena Stefánsdóttir

Eins má nefna að að 12 smá-sjár sem færðar voru Garðyrkjuskólanum að gjöf frá sambandi Garðyrkjubenda og dýrmætri möguleik sem skólinn á ásamt fleiri mikilvægum tækjum hafa verið tekin

frá nemendum Garðyrkjuskólans og færðir upp á Hvanneyri af stjórnendum Lbhí svo dæmi séu tekin.

Á sama tíma er atvinnugreinin garðyrkja í miklum uppgangi og því eru mikil tækifæri framundan með

nýrri sókn sjálfstæðs garðyrkjunáms á Reykjum, í góðum tengslum við FSu.

Garðyrkjan hefur sannað sig á Íslandi sem einn af vaxtarbroddum atvinnulífs, nýsköpunar og sjálfbærrar framtíðar búsetu hér á landi. Ráðamenn og pólitískir fulltrúar hafa verið duglegir að minna á greinina, vaxtarbrodda hennar og framtíðarmöguleika.

Því kom það nemendum garðyrkjunáms mjög á óvart þegar það kom í ljós að enginn fulltrúi Garðyrkjuskólans hvorki kennara eða nemenda, er í þeim hópi sem undirbýr flutning skólans til FSu. Meira að segja fulltrúar atvinnulífs garðyrkjunnar koma ekki að þessu ferli. Á fundi rektors Lbhí með nemendum og kennurum Garðyrkjuskólans á dögnum kom bersýnilega í ljós að Lbhí hefur hug á að slá eignarhaldi sínu á hluta af húsakosti og jarðnæði Garðyrkjuskólans sem kom okkur verulega á óvart. Varla er það til að auka á hagkvæmni reksturs Lbhí að ætla að viðhalda rekstri á mörgum stöðum. Vegna þess hversu hornreka við upplifum garðyrkjunámið hafa verið innan Lbhí óttumst

við að allar skrautfjaðrir þess verði slitnar frá skólanum og skildar eftir í Lbhí.

Við nemendur Garðyrkjuskólans á Reykjum skorum á mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur að gæta hagsmuna garðyrkjunáms á Íslandi, tryggja að fulltrúar þess fái að taka fullan þátt í yfirfærslu námsins til FSu og tryggja að allar eignir gamla Garðyrkjuskólans sem og tæki og þau tól sem skólinn átti fyrir sameiningu Lbhí fylgi með náminu á nýjan stað svo unnt verði að tryggja öfluga uppbyggingu námsins til framtíðar. Það er að auki nauðsynlegt vegna fyrri reynslu að auka aftur sjálfstæði og fjárræði Garðyrkjuskólans og ráða fagstjóra eða annars konar stjórnanda þó að hann verði staðsettur innan FSu. Með því er hægt að forðast endurtekningu og tryggja það að í framtíðinni fái skólinn það frelsi og rými sem hann svo sannarlega þarf til að vaxa og dafna á nýjan leik

Virðingarfyllt
Nemendur Garðyrkjuskólans
á Reykjum

Að standa á öndinni

– Vangaveltur um gildi þess að halda í gamalgróna stofna búfjár

Um þessar mundir er í Frakklandi og á Spáni nokkuð rætt um þá sérkennilegu staðreynd að gamall svæðisbundinn alifuglastofn, hinn norður-baskneski Kriaxera-andastofn, virðist alfarið vera ónæmur fyrir H5N8-fuglaflensuveirunni. Einhverjar vonir eru auðvitað bundnar við að vísindamönnum takist að 'rækta' þetta ónæmi inn í hina venjulegu stofna alifugla, en slíkt mun enn eiga langt í land. Sem er miður, því enn ein bylgja H5N8-veirusmits er að valda mönnum miklum búsisfjum í Vestur-Evrópu; sú þriðja á fimm árum.

Kriaxera-endur eru af fornum andastofni, sem aðallega fyrirfinnst í hinum franska hluta Baskalands. Af ýmsum sökum þótti lítið til þeirra koma þegar leið á 20. öldina (aðallega varðandi framleiðni og sérlundu í fõðrun), og um 1980 var stofninn við að deyta út báðum megin landamærunna. Aukin ferðamennska á svæðinu, meiri eftirspurn eftir vörum úr héraði og hugsanlega einnig fjölgun hágæða veitingastaða (nokkrir Michelin-stjórnumerkir staðir eru á þessum slóðum) á sinn þátt í því að nú eru u.þ.b. 30 býli og 50-60 tómsundabændur að rækta þetta svarbrúna fiðurfé. Giskað er á að núverandi stofn telji u.þ.b. 35.000 fugla.

Stór hluti venjulegrar andaræktunar í suðurvestruhluta Frakklands fer fram með geldum blendingum Barbery- og Pekinganda frá örfáum ungaframleiðendum. Mikil áhersla er lögð á framleiðslu hinnar umdeildu „foie gras“ andalífarkæfu, en kjötið er líka æði vinsæl matvara. Þessar endur eru oftast hafðar að nokkru leyti utandyra því markaðurinn gerir

kröfur um slíkt (hærra verð), en þá gjarnan í afmörkuðum gerðum eða stíum þar sem fóðrið kemur allt frá til þess gerðum fabrikkum. Vissulega eru líka til aðrir héraðsbundnir andastofnar sem ræktaðir eru með gamla laginu, en þeir fuglar geta einnig smitast af H5N8-veirunni.

Kriaxera-endurnar þrífast hinsvegar illa við aðstæður eins og lýst var hér á undan; þær þurfa jú sitt kornmeti sem bæta má með maís, en þeim er nauðsynlegt að hafa nóg af fersku grasi og kannski ekki síst; nóg af smápöddum og lirfum ýmis-konar. Án pöddufánunnar kemur ekki rétta bragðið.

Ræktendur Kriaxera-anda eru um þessar mundir í mikilli baráttu við yfirvöld smit- og búfjárskjúdóma á svæðinu, því margir hreppar þar um slóðir hafa fengið ordrur um niðurskurð á öllum andfuglum vegna H5N8-veirunnar, hverrar tegundar sem þeir séu. Benda Kriaxera-bændur gjarnan á ónæmi sinna fugla gagnvart fuglaflensuveirunni sér til stuðnings, en yfirvöld hafa jú sér til afsökunar að engar rannsóknir hafi enn staðfest að Kriaxera-endur geti ekki borið smit á milli búa.

Þarna stendur hnífurinn í kúnni í dag - og fólk stendur á öndinni hvað úr verði.

Þess má geta að nú um daginn tóku nokkrir Kriaxera-bændur sig saman og sendu ein 1400 frjóguguð egg til velunnara í flestum hornum Frakklands, þar sem þeim verður ungað út og fuglunum haldið í felum þar til deilan leysist. Þar með hætti þetta mál að gerjast í hér-adsfjölmíðlum og varð að frétt á landsvísi, þar sem nokkuð áberandi voru raddir um gildi þess að halda í gamalgróna stofna búfjár.

En hvað getur dæmi eins og þetta sagt okkur uppi á Íslandi? Ættum við að velta því fyrir okkur hverskyns varasjóður getur leynst í erfðafni „frumstæðra“ búfjárstofna? Ætti til dæmis að rækta hluta íslenska mjólkurkúastofnsins sérstaklega, án íblöndunar aðflutts erfðafnis?

Hvaða markaður væri fyrir afurðir slíkra skepna?

Þetta eru margar spurningar og skoðanir á þeim verða sjálfsagt misjafnar. En engum ætti að verða að meini að velta þessu aðeins fyrir sér.

Glerárþorpi á góunni 2021:
Sveinn í Felli



Kriaxera-andastofn virðist alfarið vera ónæmur fyrir H5N8-fuglaflensuveirunni.

Heimildir:

[<https://www.liberation.fr/environnement/kriaxera-le-super-canard-basque-qui-resiste-encore-et-toujours-a-la-grippe-aviaire-20210214KFBBKVQFR-5DR3JPXGGAE2DKNEU/>]
[<https://www.sudradio.fr/>]

[<https://www.fondazione-slow-food.com/en/ark-of-taste-slow-food/kriaxera-duck/>]
[<https://www.viandes/416-cane-kriaxera.html>]
[<https://www.fondazione-slow-food.com/en/ark-of-taste-slow-food/kriaxera-duck/>]
societe/les-canards-kriaxera-resistent-a-la-grippe-aviaire-leurs-eleveurs-refusent-les-abatages-preventifs/]

Deerhunter
Útivistarfatnaður
Frábærar buxur og jakkar í útivist og hversdags
Jakkastærðir S til 5XL

Rogaland Knit Moor Padded jakki Moor Padded jakki STRIKE buxur Lady Ann

Kr. 9.900 Kr. 15.900 Kr. 15.900 Kr. 13.900 Kr. 13.900

Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins · Laugaveg 178 · sími: 551 6770 · www.vesturröst.is

Lely Center Ísland

IAE
STÍUGRINDUR

1,23m og 1,84m

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

SAMFÉLAGSRÝNI

Garðyrkjuskólinn að Reykjum:

Hingað og ekki lengra

Um leið og Garðyrkjuskólinn á Reykjum var sameinaður LBHÍ fór að halla undan fæti, reyndar í smáum stíl í fyrstu en síðustu árin hefur staða skólans versnað.

Fjárveitingar til skólans hafa stundum ekki skilað sér og lítið verið hlustað á óskir þeirra sem bera hitann og þungann af daglegu starfi. En í tíð núverandi rektors Lbhí hefur ríkt algjört einræði af hennar hálfu.

Hún hefur frá fyrstu tíð sýnt frábæru starfsfólki skólans og þeirra skoðunum lítilsvirðingu og á stundum jafnvel lagt það í einelti.

Henni er algjörlega fyrirmunað að eiga samstarf við alla, já alla sem bera hag skólans fyrir brjósti. Þessi hrokafulla afstaða hennar og óbilgirmi er að eyðileggja allt skólalstarf.

Fyrir rúmu ári síðan var nefnd skipuð til að finna farsæla lausn og undir lok síðasta árs ákvað menntamálaráðherra að færa skólann frá Lbhí og hefja samstarf

við FSU á Selfossi. En hvað gerist þá? Ragnheiður rektor á Hvanneyri, ekki á Reykjum, færir öll í aukana og virðst róa öllum árum að ná undirtökum á skólanum sjálfum og einu aðstöðunni sem til er á landinu fyrir garðyrkjumenntun. Með fullri virðingu fyrir Hvanneyringum og af fenginni reynslu á aðkomu þeirra að skólanum síðustu ár treysti ég þeim alls ekki.

Frankoma menntamálaráðherra er óþolandi. Hún ræður þessu. Hvað ætlar þú, Lilja, með þetta fallega blómanafn, að leyfa Ragnheiði að ganga langt? Hvað er hún að skipta sér af garðyrkju þegar búið er að taka skólamálin frá henni? Og hvað er hún sífellt að erindast upp á Reykjum þegar búið er að færa skólann frá henni?

Hún virðist ætla að sölsa staðinn undir sig. Reynslan á Reykjum hefur sýnt að samstarf við háskólasamfélagið hefur reynst vel en það hefur ekki reynst eins vel að láta það stjórna.

Allt síðasta ár hef ég vonast eftir að heyra opinberlega frá þingmönnum, samtökum atvinnulífsins, Samiðn og stjórnendum tækni- og fjölbrautaskóla.

Ég veit að þið hafið eitthvað komið nálægt þessu en þið verðið að tjá ykkur opinberlega. Og þið, garðyrkjufólk, látið í ykkur heyra, annars fljóttum við söfandi að feigðarósi.

Höldum fund á Reykjum sem fyrst

Sannleikurinn í þessu máli verður að koma í ljós og það fyrr en seinna.

Sumardagurinn fyrsti er hátíðardagur skólans. Láttum þann dag verða þann fyrsta í endurreisn skólans og staðarins alls. Garðyrkjufólk, sameinumst í baráttu skólanum til heilla.

Lifið heil,
Brandur Gíslason,
skráðgarðyrkjumeistari

Björgunarsveitin Brák stendur í stórræðum

Björgunarsveitin Brák starfar í Borgarnesi og nágrenni. Sveitin stendur nú í stórræðum en sl. sumar hófst bygging á nýju húsi fyrir starfsemi sveitarinnar að Fitjum 2 í Borgarnesi. Nýja húsið verður um 760 fermetrar að stærð, þar verður fundasalur, búninga- og búnaðargeymsla og tækjasalur. Auk þess verður þar skrifstofa sem hægt verður að nota sem aðstöðu fyrir aðgerðastjórn í stærri björgunaraðgerðum.

Nú er Brák að hefja átak til að safna fé vegna húsbýggingarinnar því bygging björgunarmiðstöðvar er augljóslega stórvirki fyrir fámenna björgunarsveit, kostnaðaráætlun hljóðar upp á um 120 milljónir.

Þeir sem vilja láta eitthvað af hendi rakna geta millifært á söfnunarreikning Brákar, 0326-22-2220. kt. 570177-0369. Einnig má



benda á að Brák hefur stofnað síðu á Facebook þar sem má fylgjast með ýmsu varðandi húsbýgginguna og söfnunina, slóð á síðuna er <https://www.facebook.com/fjaroflunBrak>.

Björgunarsveitir Landsbjargar og Brák þar með hafa notið góðs

stuðnings landsmanna í gegnum tíðina og fyrir það skal þakkað. Brák leitar nú til velunnara sveitarinnar og með að styrkja byggingu þessa nýja og glæsilega húss.

Núverandi hús í Brákarey sem keypt var með myndarlegum stuðningi fyrirtækja og einstaklinga var stórt framfaraskref fyrir Brák á sínum tíma en er orðið þröngt fyrir starfsemi. Einnig eru við það ókostir, sem dæmi má nefna staðsetninguna neðst í bænum og aðstöðuleysi á útisvæði.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn björgunarsveitanna hér á landi. Þær hafa marg-ítrekað sannað gildi sitt. Er þar bæði um að ræða beina aðkomu að leitar- og björgunarsörfum og stuðning við löggæslu og aðra starfsemi sem heldur innviðum landsins í lagi.

Garðyrkjufélag Íslands:

„Viltu vinna Garðyrkjufélag?“

Garðyrkjufélag Íslands (G.Í.) fagnar 136 ára afmæli á þessu ári og hefur því ákveðið að bjóða sama fjölda fólks kost á að gerast meðlimir með fríu árgjaldi fyrsta árið, í gegnum skemmtilegan leik á Facebook. Aðrir úr garðyrkjusamfélaginu gefa einnig vinninga og má þeirra á meðal finna yfir 100 plöntur, ásamt vorlaukum, súrkáli, gróðurpokum og bókum.

Aðild að G.Í. felur meðal annars í sér afslátt hjá ýmsum verslunum og heimsent eintak af hinu veglega ársriti félagsins. Einnig njóta félagar aðgengis að klúbbum og deildum GÍ auk viðburða á borð við plöntuskiptadaga, garðagöngur og hópferðir innanlands sem utan.

Garðyrkjusamfélagið er ekki síður á netinu en úti í náttúrunni og er því leikurinn framkvæmdur í samstarfi við tvo helstu Facebook hópa garðyrkju- og plöntuunnenda landsins: Ræktaðu garðinn þinn í umsjá Vilmundar Hansen og Stofublóm-inniblóm-pottablóm hópurinn í umsjá Hafsteins Hafliðasonar.

Get ég virkilega valið á milli Teslu og Massey Ferguson?

Nei, engin vélknúin farartæki eru meðal vinninga, en það er um að



Afmælisleikur Garðyrkjufélagsins

vertu með og gerðu garðinn ómótstæðilegan

gera að taka þátt engu að síður. Í stuttu máli þarf bara að smella inn mynd af sér eða sínum í gróður-, garð- eða garðyrkjuumhverfi. Myndin má vera eldgömul, glæný eða allt þess á milli og rétt að taka fram að dýr teljast hér með í hópnum „sér eða sínum“. Það verður því vonandi gott úrval af bráðskemmtilegum og fallegum myndum sem hægt verður að dást að.

Leikurinn stendur yfir til kl. 23.59 sunnudaginn 21. mars 2021 og

í framhaldinu verða vinningshafar valdir á þrenna vega: myndir sem flestir hafa líkað við, myndir sem dómnefnd metur sem fallegastar eða skemmtilegastar og svo verður einnig valið af handahófi.

Vinningsmyndir gætu einnig átt von á að vera birtar í umfjöllun tímaritsins Sumarhúsið&Garðurinn síðar á árinu, svo það er til mikils að vinna og um að gera að taka þátt.

Nánar um leikinn og alla þessa frábæru aðila sem leggja leiknum lið á <https://www.gardurinn.is>.

Varahlutir í kerrur

stalogstansar.is

Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

Lely Center Ísland

KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Auglýsingar 56-30-300

ELDVARNIR BORGA SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Til dæmis eru kröfur um reyskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTADUR?

Búum vel ÖRYGGI • HELSA • UMHVERFI

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is | Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640

Bændahöllin stækkuð – félagslegur aðdragandi

Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda stóðu saman að byggingu Bændahallarinnar. Húsið var byggt í tveim áföngum, sá fyrri var tekinn í notkun árið 1962 en var tæpast fullbúinn fyrr en 1964.

En þótt myndarlega væri byggt, komu fljótlega fram hugmyndir um að betra væri að stækka. Það mun vera í byrjun árs 1969 sem fyrst er bókað í fundargerð stjórnar Bændahallarinnar um nauðsyn þess að byggja við Bændahöllina. Málið virðist ekki koma til Búnaðarþings 1970, en það kemur til aðalfundar Stéttarsambands bænda það ár. Þá er tillagan almennt orðuð en vakti samt blendin viðbrögð. Eftir umræður var þó gerð svofelld samþykkt:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1970 heimilar stjórn sambandsins að leggja til við hússtjórn Bændahallarinnar að kanna fjárhagslegan grundvöll fyrir stækkun gistirýmis Hótel Sögu og leggja niðurstöður könnunarinnar fyrir næsta aðalfund.“ - Tillagan samþykkt með 32 atkvæðum gegn 2.

Búnaðarfélag Íslands skuli í samvinnu við Stéttarsamband bænda tryggja lóð

Síðan er það á Búnaðarþingi árið 1971 að hlutirnir fara að gerast. Frá fjárhagsnefnd þingsins kom tillaga þess efnis að Búnaðarfélag Íslands skuli, í samvinnu við Stéttarsamband bænda, tryggja lóð og vinna aðra nauðsynlega undirbúningsvinnu vegna stækkunar á gistirými Bændahallarinnar.

Skiptar skoðanir meðal búnaðarþingsfulltrúa


Sex búnaðarþingsfulltrúar sem andsnúnir voru þessum áformum brugðust hart við og lögðu fram dagskráartillögu:

„Bændahöllin var reist til að fullnægja húsnæðisþörf búnaðarsamtakanna. Byggingarnefnd hússins og einkum framkvæmdastjóri hennar leystu verkefni sitt af hendi með frábærri þrýði, sem Búnaðarþingi er ljúft og skylt að þakka. Til þess að fá þá lóð, sem húsið stendur á, varð að gangast undir þá kvöð að byggja stórþýsi, sem ákveðið var að nota til hótélreksturs, sem síðan hefur verið haldið uppi á vegum eiganda hússins, lengst af undir ágætri stjórn núverandi hótélstjóra. Hefur ekki verið sýnt fram á annað en að húsið fullnægi húsnæðisþörf búnaðarsamtakanna um allanga framtíð, jafnframt því að hótélreksturinn virðist vera að komast á sémilegan grundvöll. Með því að húsið uppfyllir þannig upphaflegan tilgang með byggingu þess, en í ályktun fjárhagsnefndar kemur ekki fram, að kannaður hafi verið rekstrargrundvöllur stækkaðs hótels, heldur er þar þvert á móti gert ráð fyrir slíkri könnun jafnhliða eða á eftir undirbúningi að viðbyggingu, þá telur Búnaðarþing ekki ástæðu til að ræða frekar ályktunartillögu fjárhagsnefndar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

En nú var gengið til atkvæða, þau féllu þannig að 12 voru með og 12 á móti, einn sat hjá, dagskráartillagan féll þannig á jöfnum atkvæðum.

Að þessari niðurstöðu fenginni bar fjárhagsnefnd Búnaðarþings fram nýja tillögu svohljóðandi:

„Búnaðarþing ályktar að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands í samráði við stjórnir Stéttarsambands bænda og Bændahallarinnar að tryggja lóð fyrir stækkun húsrýmis Bændahallarinnar. Enn fremur verði kannaðir möguleikar á að fá innlent fjármagn til framkvæmda, ef til þeirra yrði stofnað. Þá verði gerð kostnaðaráætlun um rekstrarafkomu Hótel Sögu, miðuð við þá stækkun sem hagkvæmust þykir.“



Hótel Saga í byggingu í byrjun sjöunda áratugar síðustu aldar, líklega 1961.



Hótel Saga var tekið í notkun árið 1962.



Bygging norðurlámmunnar í smíðum 1984, en hún var tekin í notkun 1986.



Hótel Saga eins og hún var þann 19. nóvember 2014.

Mynd/HK.



Hótel Saga 5. maí 2020 eftir viðamiklar endurbætur. Útbyggingin sem hýsti veitingastaðinn Skrúð í horninu á mótum gömlu og nýju byggingarinnar er hrofin og búið að endurbyggja glervegginn á tengibyggingunni. Mynd/HK.



Þórólfur Sveinsson.

Þingið leggur áherslu á, að ekki komi annað framlag til viðbyggingarinnar af hálfu bænda og bændasamtakanna en tekjuafgangur af rekstri Bændahallarinnar.

Að lokinni þeirri athugun, sem að framan greinir, verði þær niðurstöður lagðar fyrir Búnaðarþing til endanlegrar ákvörðunar.“

Greidd voru atkvæði um þessa ályktun, 13 sögðu já, 12 sátu hjá.

Fulltrúunum Stéttarsambands bænda leist ekki á blikuna

Næst var hugmyndin lögð fyrir aðalfund Stéttarsambands bænda 1971. Þá var hugmyndin orðin nokkuð



Horft úr lofti til austurs yfir Reykjavík, af svæðinu í kringum Hagatorg, Hótel Sögu og Melavöllinn 2. ágúst 1961.

Mynd / Gunnar Rúnar Ólafsson



Hótel Saga 2020, en hótelinu var lokað vegna fjárhagerferðleika 1. nóvember 2020.

Mynd / HK.

þróaðri, en það dugði ekki til, fulltrúunum leist ekki á blikuna.

Á fundinum kom fram eftirfarandi dagskráartillaga:

„Þar sem mál það sem hér liggur fyrir, er stórmál er snertir bændastéttina alla, sem óneitanlega er lögð í verulegan fjárhagslegan vanda ef illa tekst til, og þar sem málið hefur ekki verið kynnt fyrir bændum svo sem skyldi og sjálfsagt er, telur fundurinn sér ekki fært að veita því jákvæða afgreiðslu, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessi tillaga var samþykkt með 24 atkvæðum gegn 20, og málinu þar með vísað frá fundinum að þessu sinni.

En þessi synjun aðalfundar Stéttarsambandsins, sem átti þriðjung í Bændahöllinni, virðist ekki hafa truflað stjórn Bændahallarinnar mikið. Á Búnaðarþingi 1972 kom fram að talsvert hafði verið unnið að undirbúningi málsins og að mörgu leyti skýrt mótaðar hugmyndir voru lagðar fyrir Búnaðarþing það ár. Fjárhagsnefnd þingsins lagði fram tillögu sína í 5 liðum og fylgdi greinargerð í fjórum liðum. Í fyrsta lið í greinargerð kemur fram sú röksemd að „Með stækkun hótelsins fæst hagfelldari rekstrareining, sem tryggir áframhaldandi forystuhlutverk í hótélrekstri í landinu....“

Tvö sjónarmið

Segja má að á þessum árum takist á tvö sjónarmið:

Annars vegar það sjónarmið sem kemur fram í frávísunartilögunni á Búnaðarþingi 1971, þess efnis að Bændahöllin hafi fyrst og fremst það hlutverk að fullnægja húsnæðisþörf búnaðarsamtakanna, hótélreksturinn sé ekki höfuðmarkmið.

Hins vegar það sjónarmið að hótélreksturinn sé sjálfstætt markmið og Hótel Saga skuli vera í fremstu röð meðal hótela á Íslandi.

Það fór svo að Búnaðarþing 1972 samþykkti að málinu skyldi haldið áfram, 14 sögðu já, 11 sögðu nei.

Harðar deilur um málið á aðalfundi Stéttarsambandsins

Á aðalfundi Stéttarsambandsins 1972 urðu harðar deilur um málið. Þar var tillagan um framhaldið í tveim liðum. Fyrri liður sem var um viðbyggingu á tveim hæðum austan Bændahallarinnar, var samþykktur með 26 atkvæðum gegn 14. (Þessi bygging var aldrei reist). Síðari liðurinn um byggingu norðan Bændahallarinnar með allt að 100 gistiherbergjum, var samþykktur með 25 atkvæðum gegn 15.

Þess skal einnig getið að bæði á Búnaðarþingi og á aðalfundi Stéttarsambandsins, komu fram tillögur þess efnis að málið yrði lagt í almenna atkvæðagreiðslu meðal bænda, allar hugmyndir þess efnis voru felldar.

Hugmynd um að selja Bændahöllina 1970

Árið 1970 kom fram sú hugmynd á aðalfundi Stéttarsambands bænda „að ef til vill væri heppilegast að selja nú hótélrymi Bændahallarinnar.“

Skrásetjari hefur ekki fundið eldra dæmi um þá hugmynd að selja Bændahöllina að hluta eða öllu leyti, sá sem víðaði þessa hugmynd árið 1970 var Skjöldur Eiríksson á Skjöldólfsstöðum.

Stækkun tekin í notkun 1986

Ályktunin um stækkun Bændahallarinnar sem Búnaðarþing samþykkti 1971 og aðalfundur Stéttarsambandsins árið eftir, varð að veruleika eftir áratug og síðari áfangi Bændahallarinnar var tekinn í notkun 1986. Þessar samþykktir urðu í reynd sá vegvísir sem fylgt var í málefnum Hótel Sögu, allt þar til hótelinu var lokað vegna fjárhagerferðleika 1. nóvember 2020.

Í mars 2021
Þórólfur Sveinsson

SAMFÉLAGSRÝNI

Brotið á bændum

Núverandi landbúnaðarráðherra lagði fyrir Alþingi frumvarp að lögum árið 2019 og fékk það samþykkt að Búnaðarstofa færðist í atvinnuvegaráðuneytið 1. janúar 2020. Í dag heyrir Búnaðarstofa, sem sjálfstæð starfseining, sögunni til því hún finnst hvergi innan ráðuneytis landbúnaðar.

Það er ljóst að í engu hefur verið farið eftir vilja löggjafarsamkomunnar, því í greinargerð atvinnuveganefndar Alþingis voru frómar óskir sem fylgdu Búnaðarstofu í hina nýju vist við vistaskiptin. Fyrirmæli Alþingis voru kúrskýr:

„Atvinnuveganefnd Alþingis beinir því til ráðuneytisins í ljósi mikilvægi og umfangs þeirra verkefna sem Búnaðarstofa sinnir í dag við framkvæmd búvörusamninga, hagtölusöfnun og þróun tölvukerfa að ráðuneytið afmarki með skýrum hætti verkefni Búnaðarstofu innan ráðuneytisins.“

Verkefni Búnaðarstofu við að halda utan um verkefni í tengslum við búvörusamninga ríkis og bænda, má rekja um 80 ár aftur í tímann til samninga bænda við stjórnvöld, og ætíð var talið skynsamlegt og hagkvæmt að þessi starfsemi væri samstarfsverkefni stjórnvalda og bænda. Þá höfðu menn nefnilegt heyrð talað um tengslanet í stjórn-sýslu, sem er það heitasta í þeim fræðum í dag.

Það sem er alvarlegt við þennan gjörning ráðherra er að hér er illilega farið á svig við vandaða stjórnsýsluhætti í anda stjórnsýslulaga, helsta markmið með setningu stjórnsýslulaga var að tryggja sem best réttaröryggi manna í skiptum við hið opinbera. Með því að færa stjórnsýsluverkefni í tengslum við framkvæmd búvörusamninga undir ráðuneyti landbúnaðarmála þá er tekin kæruréttur af bændum á öllum stjórnvaldsákvörðunum. Kæruleiðin hefur verið tekin af bændum með innlimun Búnaðarstofu inn í ráðuneyti landbúnaðarráðherra fyrir ári síðan.

Ef bændur telja á sér brotið af ráðherra við framkvæmd búvörusamninga, þá verða þeir að reka málið fyrir dómstólum með ærnum kostnaði. Hér er horfið mörg ár aftur til stjórnarháttu einveldisins.

Hæstaréttardómur sem staðfestir brotavilja

Hér skal rifjuð upp kæra af sama meiddi um góða stjórnsýsluhætti sem staðfestir þennan brotavilja ráðuneytisins. Hér var mér bent á mál af þessum toga og birt er í dómasafni Hæstaréttar árið 1992, bls. 1377. Það hefur í sjálfu sér ekki verið mikið skrifað hér á landi um þessa óskráðu meginreglu og það er þá helst að vikið sé að henni í álitum eða skrifum Umboðsmanns Alþingis á liðnum árum. Læt fylgja hér með athugasemdir úr frumvarpi til stjórnsýslulaga þar sem fjallað var um hin nýju ákvæði þeirra laga um stjórnsýsluákeru.

Hrd. 1992: 1377/Hólagarður
...hafði sama ríkisstofnun á hendi rannsókn í söluskattsmáli sóknaraðila og uppkvaðningu úrskurðar

á grundvelli þeirrar rannsóknar. Sóknaraðili fékk ekki komið fram endurskoðun á þeim efniságreiningi sem uppi er í málinu, hvorki með kærnu til æðra stjórnvalds né í lög-taksmáli. Með þessu móti var mál hans leitt til lykta á einu stjórnsýslustigi. Þessi máls-meðferð var svo andstæð meginreglum stjórnsýsluréttar um rétt borgaranna til endurskoðunar á stjórnvaldsúrskurði fyrir æðra stjórnvaldi.

Bændaforystan sendir Umba kvörtun

Ójöfn staða samningsaðila búvörusamninga er öllum sýnileg. Þess vegna hafa Bændasamtök Íslands nú beint því til Umboðsmanns Alþingis að taka málið upp. Stjórn Bændasamtakanna færir fyrir því rök að framkvæmd búvörusamninga, hagtölusöfnun í landbúnaði og eftirlit með markmiðum búvörusamninga eigi ekki að liggja hjá sjálfstæðri stjórnsýslustofnun sem væri undir yfirstjórn annars samningsaðilans, heldur hjá sjálfstæðri stofnun er lúti sérstakri stjórn, þó hún heyrir stjórnar-farslega undir landbúnaðarráðherra.

Búvörusamningar eru samstarfs-samningar ríkis og bænda til að efla íslenskan landbúnað í þágu þjóðar-hags m.a. til að tryggja fæðuöryggi Íslendinga á viðsjárverðum tímum. Hnökralaus framkvæmd búvörusamninga skiptir framleiðendur í landbúnaði, neytendur og stjórnvöld miklu máli.

Samstarfsaðilar að gerð búvörusamninga, stjórnvöld og bændur, þurfa að koma sér saman um hvar verkefni í tengslum við framkvæmd búvörusamninga liggja, þar sem hagsmunir fara saman. Það er þýð-ingarmikið að traust ríki milli samningsaðila um framkvæmd samninganna til að tryggja gegnsæi og að markmið samninganna náist, en ekki síður til að tryggja vandaða stjórnsýsluhætti.

Sigurður Ingi reyndi að verja Búnaðarstofu

Vísir að sjálfstæðri stjórnsýslustofnun í landbúnaði, Búnaðarstofu, varð til þegar stjórnsýsluverkefni í tengslum við framkvæmd búvörusamninga og hagtölusöfnun í landbúnaði voru flutt af Sigurði Inga Jóhannssyni, þáverandi landbúnaðarráðherra, til Matvælastofnunar árið 2016 og sett inn í sjálfstæða skrifstofu innan stofnunarinnar með lögum nr. 46/2015. Þar með var ábyrgð og framkvæmd á verkefnum komin á sama stað. Vandinn við þann flutning var þó að verkefni áttu litla samlegð með eftirlitsverkefnum MAST. Í nefndarálit meirihluta atvinnunefndar með frumvarpinu dags. 11. júní 2015 segir svo um þetta (feitletrun höfundar):

„Nefndinni bárust efasemdir um að fela ætti Matvælastofnun umrædd verkefni þar sem þau eru einkum í ætt við þjónustu, framkvæmd búvörusamninga, áætlunargerð og söfnun talnaupplýsinga en ekki eftirlit sem er meginhlutverk stofnunarinnar. Með öðrum orðum var bent á að umrædd verkefni féllu ekki að þeim verkefnum sem stofnunin sinnir nú



Guðni Ágústsson.

þegar. Meiri hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og telur brýnt að verkefni-in verði skýrt afmörkuð í sjálfstæðri einingu í skipulagi stofnunarinnar.“

Allt vald er ráðherra nú gefið

Hér verður að gera bragarbót á án tafar. Í því sambandi má vísa til sjávarútvegsins, sem hefur Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun. Ekkert slíkt er fyrir hendi fyrir landbúnað, því allt vald er ráðherra gefið.

Landbúnaðarráðherra lagði Framleiðnisjóð landbúnaðarins niður um síðustu áramót, sem gegndi lykilhlutverki í nýsköpun og þróun íslensks landbúnaðar í 54 ár. Verkefni hans voru færð undir ráðuneytið, en ekki hvað!

Bændur á ykkur er brotið og háðu-

lega farið með stjórnsýslu ríkisins hvað snýr að málefnum landbúnaðarins. Nú er nóg komið. Nú er það skylda forsætisráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, sem fer fyrir ríkis-stjórninni að krefjast úrbóta í stjórnsýslumálefnum landbúnaðarins og bænda. Að tryggðir verði vandaðir stjórnsýsluhættir í anda lýðræðisríkis. Sjálfstæðisflokkurinn hefur flotið sofandi að feigðarósi með veikt ráðuneyti sem snýr að faglegum málefnum landbúnaðarins.

Hingað og ekki lengra, Bjarni Benediktsson, þinn flokkur á aðra og betri sögu gagnvart bændum. Sigurður Ingi Jóhannsson, nú reynir á þolrif þín og sögu flokks þíns. Þingmenn atvinnuveganefndar Alþingis, þið voruð sviknir og plataðir, ykkar tillögur að engu hafðar af landbúnaðarráðherra. Lögfróðir menn segja að Búnaðarstofa verði að vera sjálfstæð stofnun alls ekki síður en Fiskistofa. Endurreisn landbúnaðarráðuneytisins og lögborinna stofnana landbúnaðarins ásamt sterkri framtíðarsýn landbúnaðarins og bændastéttarinnar er fram undan. Verkefni verður að kalla heim.

Guðni Ágústsson

Bændablaðið
Kemur næst út
25. MARS



PLASTIÐJAN BJARG
IÐJULUNDUR

Furuvöllum 1 - 600 Akureyri - S:414-3780

LAMBAMERKI

Pantanir berast í gegnum bufe.is



Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



wpl
Diamond



IÐNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR

FRÁBÆR VERÐ

John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas



Reykjavík: Krókháls 5f - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Leynimakk kaldastríðsáranna

Í trjásafninu í Meltungu í Kópavogi er að finna plöntu sem ekki fer sérlega mikið fyrir. Og þó fögur sé er engin ástæða til að ætla að bakvið hana liggi dularfull saga sem teygir anga sína víða um Evrópu.

Á skiltinu stendur „Kákasusgreni – *Picea orientalis*“ og hefst sagan þar. Margir hafa eflaust ekki einu sinni heyrt um slíka tegund áður og líta bara á þetta sem „jólatrið“. Ekki skrytið, þar sem einungis er vitað um tvö skilti hér á landi, sem halda þessu nafni að almenningi.

Hitt skiltið er við gamalt tré í Grasagarði Reykjavíkur og get ég sparað ykkur sporin: Fyrir utan að vera áberandi stærra og eldra er tréð í Laugardalnum eins og merkt með sama hætti.

Það sem gerðist næst mun hneyksla ykkur og hræða!

Í sakleysi mínu deildi ég myndinni af þessu fagra tré í Meltungu með erlendum kunnátumönnum í barrtrjáfræðum. „Sjáði hvað við eigum nú fínt kákasusgreni héna í miðju Atlanshafinu“ sagði ég reyndar ekki, en svona því sem næst.

Við tók hálfgerður skrípaleikur, þar sem annar þeirra sagði: „Já en, þetta er nú ekki kákasusgreni ...“ og hinn sagði: „Þetta vaxtarform og þessi litur á barrinu útilokar raunar algerlega að þetta geti verið kákasusgreni ...“ Þetta sögðu þeir reyndar á öðru tungumáli, en ég taldi einfaldara að þýða það yfir á íslensku hér.

„Jújú, víst er þetta kákasusgreni, sjáði bara þetta fína skilti. Svo var ég líka búinn að bera það saman við kákasusgreni í okkar fína Grasagarði og þessi tré eru eins. Ég skal bara sýna ykkur fleiri myndir, af báðum trjámum, til að sanna mál mitt og halda uppi heiðri íslenskra trjáskipila!“

Við nánari myndum af yngra trénu sögðu þeir báðir að myndirnar staðfestu grun þeirra og raunar væri þeim núna báðum ljóst að um væri að ræða svokallað purpuragreni (*Picea purpurea*). Hvernig gæti það staðist, þessi planta er svo lík kákasusgreninu í Laugardal? Jú – einfalt svar: sú planta er líka purpuragreni! Um alla viðstadda



Grenið dularfulla í trjásafninu í Meltungu.

Mynd / Kristján Friðbertsson



Kristján Friðbertsson.

fór augljós hrollur. (Ég var einn við tölvuna.)

Sherlock Holmes var upptekinn

Þetta krafðist nánari rannsóknna og enginn tími til að finna annan mann í verkið. Hér voru menn sem vissu um hvað þeir voru að tala. Lagðist ég því í miklar og djúpstæðar langtímarannsóknir, sem fólu ekki síst í sér að senda skilaboð á nokkra aðila úr Garðyrkjufélaginu, Trjáræktarklúbbnum og Skógræktinni. Auk þess leitaði ég upplýsinga hjá forstöðumanni Grasagarðsins og garðyrkjustjóra Kópavogs. Mörgum árum af gagnavinnslu síðar var komin upp áhugaverð staða í málinu: Eldra tréð kom upprunalega til landsins árið 1965 frá Þýskalandi og

var þá merkt sem purpuragreni! Ég legg til að lesendur taki smá pásu hér til að ná aftur blóðþrýstingnum niður.

Fölsuð skilríki: Af hverju þurfti að leynd nafni?

Ensukur sérfræðingur kom til landsins árið 1982, sá tréð og var harður á því að merkingin gæti ekki staðist. Plantan væri í raun kákasusgreni. Það reyndist ekki vera í síðasta sinn sem Engendingur mótmælti Þjóðverjum og sökum þessa Engendingar var trjágreið skýndilega fjarlægð úr sambandi purpuragrenitjáa.

Fræga fólkíð í sögunni

Þetta leynimakk á kaldastríðsárunum var orðið ansi dularfullt. Hafsteinn Hafliðason, garðyrkjumaður Íslands, man eftir því þegar tréð kom til landsins, í strigapoka, ásamt fleiri barrtrjám. Hann var nefnilega staddur þarna við tvö aðra menn að planta þessum trjám. Þetta eintak var svo sannarlega merkt purpuragreni við komuna. En hvað þá með tréð í Meltungu, sem var plantað löngu eftir brottför Engendingans dularfulla?

Kemur þá til sögunnar annar þjóðþekktur maður og bransanum, Jón Guðmundsson, garðyrkjufræðingur og aðal ávaxtaræktandi Akraneskaupstaðar, ef ekki landsins. Upp úr aldamótum starfaði hann við gróðrarstöðina Mörk í Fossvogi og höfðu þau fengið nokkra grenisprotta frá Grasagarðinum. Hugmyndin var að reyna fjölgun þeirra. Sjálfur staðfesti hann við mig að hafa grætt þessa sprota á aðra rótarstofna af greniætt. Hann klónaði þar með tréð í Laugardalnum og árið 2011 var eitt slíkt klón gróðursett í nærliggjandi trjásafni, undir fölsku nafni móðurplöntunnar. Tréð „unga“ í Meltungu, er því í raun sama tréð og í Laugardalnum!

„Og nú á tveimur stöðum á landinu ...“

Skuldi tréð í Laugardal þá vera blendingur, sem hafi ruglað þann

enska í ríminu, eða sigldi sá kannski undir fölsku flaggi og var í raun bara pylsusali frá Oðinsvé? Líklega munum við aldrei komast að hinu sanna í málinu, en hitt virðist þó ljóst að tréð sem var upprunalega purpuragreni, er bara enn þá purpuragreni. Purpuragreni sem óttaðist kannski um framtíð sína og laumaði því afleggjara sínum í burtu á öruggara stað.

Óstöðugleiki nútímans

Öryggistilfinningin hverfur hratt þessa dagana. Stöðugleiki virðist enginn. Svart er í raun hvítt, en svo skýndilega aftur orðið svart áður en maður veit af. Við þessu er bara eitt ráð: drífa sig að skoða trén í Meltungu og Laugardal áður en skiltunum er breytt, svo maður geti haldið áfram í gömlu tímana. Sé fólk hins vegar háð sýnbreytilegri fjölbreytni nútímans, þá getur það drifið sig á staðinn sem fyrst og svo skroppið aftur ef/þegar skiltin hafa verið uppfærð. Hvíllík rússibanáreið!

Hvað með Akureyri?

Til að halda í við þessar hröðu breytingar tilverunnar þarf líklega að heimsækja þessa staði sem oftast, svo maður missi nú ekki af neinu í hasarnum. En ekki takmarka ykkur við þessa tvo staði, Lystigarður Akureyrar getur boðið ykkur upp á eintak af purpuragreni sem hefur alla tíð verið rétt merkt – eða reynist það kannski að lokum vera kákasusgreni?

Gangið, nei hlapið, í Garðyrkjufélagið og stykkið Skógræktina, heimsækið skógana sem okkur er loks að takast að rækta upp hér á landi og dásti að gördum samlanda ykkar á garðskoðunardegi Garðyrkjufélagsins. Án þessara samtaka hefði vantað heilu línurnar í þessa frásögn, svo ekki sé minnst á hinar risastóru eyður sem væru í okkar landslagi og gördum!

Kristján Friðbertsson

SAMFÉLAGSRÝNI

Mótvægisaðgerðir Þórarins Lárussonar

Það er ljóður á ráði manna að halla réttu máli til að upphefja eigin málflutning. Grein Þórarins Lárussonar Mótvægisaðgerðir ... o.s.frv. hér í Bændablaðinu 25.febr. s.l. ber því miður með sér þennan löst. Greinin er barmafull af

rangfærslum og villandi fullyrðingum. Votlendissjóður var ekki settur á laggirnar af öpiþerri hálfu. Hann var stofnaður af samfélagslega ábyrgum einstakungum, fyrirtækjum og stofnunum. Hann nýtur hvorki styrkja úr ríkissjóði né er hann

hagnaðardrifinn. Stjórn hans er ekki launuð. Sjóðurinn hefur aðeins einn launaðan starfsmann. Í kringum hann er ekkert „líð ráðið af ríkinu“. Höfundur vandar ekki verk sitt, þegar hann telur sig vera að veita upplýsingar um Votlendissjóð. Öþarfi er að eyða frekari orðum að dylgjum Þórarins um „svo-nefndan Votlendissjóð“.

Endurheimt votlendis er mikið alvöru mál sem ekki ber að hafa í flimtingum. Í samræmi við útreikninga og rannsóknir okkar eigin vísindamanna þá losar hver hektari af framræstri múri um 20 tonn af koldíoxíðsígildium. Framræst land ber ábyrgð á yfir 60% af allri losun landsins af gróðurhúsalofttegundum – hvorki meira né minna. Aðeins lítill hluti af framræstu landi er notaður til búvöruframleiðslu eða tengdra nota. Það er margyfirlýst stefna sjóðsins að ekki verði leitast eftir neinu landi sem nýtt sé til landbúnaðar. Vandinn sem við einbeinum sjónum okkar að, er þessi ógnarmikla losun gróðurhúsalofttegunda af landi sem ekki er nýtt. Þótt reynt verði að binda kolefni með margs konar gróðri, sem er góðra gjalda vert og nauðsynlegt, heldur losunin ótrauð áfram.



Pröstur Ólafsson.

Meðan hún er ekki stöðvuð jafngildir binding kolefnis í jarðvegi og gróðri því „að verið sé að sópa vandanum undir teppið“.

Hve öflug er svo binding koldíoxíðsígilda af jarðargróðri? Höfum til viðmiðunar þau 20 tonn af kolefnisbindingu sem endurheimt votlendis stöðvar árlega á hektara. Skógrækt er talin binda að meðaltali 4,4 tonn árlega af kolefniseiningum (en er þó afar breytileg eftir tegundum), landgræðsla milli 1,5

og 2,1 tonn. Eitt tré bindur um 110 til 310 kg. í heil 90 ár! Skógrækt og landgræðsla eru allra góðra gjalda verðar og nauðsynlegar en jákvæður árangur þeirra kemur ekki í veg fyrir þá losun sem framræstur jarðvegur veldur. Aðalmunurinn er sá að skógrækt og landgræðsla, sem báðar eru mikilvægar, stöðva ekki losunina. Ekkert kemur í stað þess að stöðva losunina annað en endurheimt votlendis.

Loftslagsváin er alvarlegasta ógnun mannkyns. Glímuna við hana má ekki kæfa í draumórum um óraunhæfa og ósjálfbæra framleiðslu á vöru sem nóg er af í okkar heimshluta, og lítil áhrif hefðu á framgang ofhitunar umhverfisins. Við verðum að stöðva útblástur koldíoxíðs hvar sem það ríkur út í andrúmsloftið. Ef fram heldur sem horfir með hlýnun lofthjúpsins, sjávarins og jarðarinnar munum við Íslendingar þurfa að takast á við mun alvarlegri viðfangsefni sem ekki leysast með ræktun hamps eða repju. Vinnum af skynsamlegri viti gegn þessari vá. Við munum þurfa á öllu okkar hugviti að halda.

Pröstur Ólafsson,
stjórnarformaður
Votlendissjóðs

Bændablaðið
Kemur næst út
25. mars

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420
dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

Smáauglýsingar 56-30-300

SAMFÉLAGSRÝNI

Fiskverðið er jafn vitlaust og gengisskráningin var um miðja síðustu öld

Svíkin loforð

Kvótakerfið sem nú kallast veiðigjald hefur alltaf verið mikið í umræðunni. Sérstaklega eftir að fjölmiðlar sögðu frá lækkuð veiðigjalda og hækkun arðs til þeirra sem eru með kvótann í láni. Á sama tíma ætla stjórnvöld að selja banka til að greiða niður skuldir. Það sem fæst fyrir bankann dugir skammt. Meira þarf í púkkið, eins og t.d. Landsbanka, Landsvirkjun, Leifsstöð og eitthvað fleira er kannski hægt að selja. Annað er búið að gefa eða lána án endurgjalds, eins og t.d. aðstöðu til fiskeldis. Yfirráð orkuauðlinda hefur verið afsalað til EES/ESB, sem endar með hækkun raforku hjá okkur líkt og í Noregi. Það mun skerða samkeppnisstöðu innlends iðnaðar og rústa gróðurhúsaframleiðslu.

Nú síðast hefur EES/ESB skikkað stjórnvöld til að skipta út orkumælum. Kostnaðurinn við skiptin hleypur á milljörðum. Miðað við fjárhagsstöðu þjóðarinnar mætti fjárfestingin alveg bíða, eða höfum við ekkert um það að segja?

ESB gæti með mælunum skammtað rafmagnsnotkun til heimila með hækkun einingarverðs, þegar notkun hefur farið yfir ákveðið margar kwst. Á þennan hátt gæti ESB, sem býr við orkuskort, tryggt sér meiri raforku frá Íslandi um sæstreng.

Krónan fleytti sjávarauðlindinni og þjóðinni yfir hrunið

Margir misstu mikið í hruninu, en gengisfall krónunnar skapaði kjöraðstæður fyrir sjávarútveginn. Krónan fleytti sjávarauðlindinni og þjóðinni yfir hrunið. Frá hruni hefur sjávarútvegurinn byggt sig upp með fullkomnum tækjabúnaði, nýjum skipum og að auki greitt háar arðgreiðslur til þeirra, sem eru með kvótann í láni. Þjóðin, eigandi auðlindarinnar, vill skiljanlega fá meiri hlutdeild í arðinum.

Mest svíkna kosningaloforðið frá upphafi kvótans hefur verið að ná honum til baka. Því hefur verið borið við, að margir handhafar kvótans hefðu keypt hann dýru verði og ekki hægt að taka hann af þeim. Það er ekki rétt. Kvótanum var úthlutað frítt til skamms tíma og skýrt tekið fram að hann mætti ekki selja.

Ólöglegt er að selja kvóta og haldlaus rök að eignarhald kvóta verði til með kaupum á skipi með kvóta á verði skips + verði kvóta. Þar fyrir utan eru þeir, sem þannig fóru á svig við lögin, löngu búnir að fá kaupverðið til baka og það margfalt. Svo eru aðrir sem leigja frá sér kvóta, eins og þeir eigi hann skuldlaust. Gjafakvóti er reglulega leigður og seldur fyrir hundruð milljóna króna.

Því er haldið fram að fiskvinnslufyrirtæki verði að fá nægilegt hráefni á lágu verði til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Það er langsótt. Þau semja sjálf um sölu afurða sinna og þar með um skuldbindingar sínar.

Veiðigjald ákveðið út frá afkomu greinarinnar stuðlar ekki að hagkvæmum rekstri. Aðföng er hægt að kaupa án mikillar samkeppni og alþjóðlegt viðskiptaumhverfi býður upp á alls konar tilfærslur (svindl?) með afurðirnar. Útflýgjendur geta fullunnið þær í eigin fyrirtæki í útlöndum og tekið stærsta hluta virðisaukans þar. Enn einfaldara væri að selja unnar afurðir eigin fyrirtæki í útlöndum, sem gæti selt þær áfram um allan heim. Þekkingin er fyrir hendi.

Fiskverðið myndi þá hækka í hafi frá landinu líkt og fyrir 50 árum að hráefni til álframleiðslu hækkaði í hafi til landsins, þar til Hjörleifur Guttormsson, þáverandi iðnaðarráðgjafi, stoppaði það. Stóriðjan fann þá upp nýja leið og greiðir nú í stað tekjuskatts háa



Sigurður Oddsson.

vexti til lánveitanda í útlöndum. Jafnvel til skyldra aðila og stjórnmálamenn horfa aðgerðalausir á.

Í landið eru líka komin alþjóðleg fyrirtæki, sem eru rekin með tapi ár eftir ár. Ég hef lengi velt fyrir mér hvað þessi fyrirtæki, sem gera út á tap, hafi greitt mikinn vaxtakostnað úr landi?

Ég velti líka fyrir mér, hversu mikið vaxtakostnaður af nýjum skipum og tækjum í sjávarútvegi komi niður á afkomunni og lækki þar með veiðigjöldin.

Stjórnvöld ættu að einbeita sér að því að fá meiri arð af sjávarauðlindinni og öðrum auðlindum, áður en þau selja frá þjóðinni banka og fleiri eignir.

Nú er talað um veiðigjald í stað kvóta, eins og þeir, sem eru með kvótann í láni eigi hann og í staðinn sé komið veiðigjald óháð stjórnarskránni. Katrín er að fíktu í stjórnarskránni. Tilgangurinn gæti verið að festa kvótann í sessi hjá þeim, sem eru með hann í láni. Þá geta stjórnvöld ákveðið veiðigjöld án þess að nefna kvótann á nafn. Hann er einfaldlega þarna hjá þeim sem eru með hann í láni um alla framtíð, eða þar til hann erfist. Eignatilfærslunni skal rennt í

gegnum þingið, eins og orkupakka 3 og stefnt er að með orkupakka 4.

Fiskverðið er jafn vitlaust og gengisskráningin var fyrir 65 árum

Í gegnum árin hafa íslenskar útgerðir getað greitt meira fyrir kvóta í öðrum löndum, en hér heima. Í dag greiðir útgerðin innan við 20 kr. fyrir 1 kg af þorski, sem á markaði selst hátt í 300 kr./kg. Skiptaverð til sjómanna er háð því, hvort fiskinum sé landað í fiskvinnslu eða á markað. Sum skip landa bæði á markað og í eigin vinnslu. Fiskverðið er jafn vitlaust og gengisskráningin var um miðja seinustu öld, þegar gjaldeyris var seldur á svörtum markaði.

Þeir sem hafa verið með og eru með kvótann í láni eru með mikla forgjöf til að bjóða hæsta verðið í kvótann að því leyti að þeir eru búnir að byggja upp sterk fyrirtæki í sjávarútvegi og geta boðið best. Þeir munu samt mótmæla með þeim rökum, að þeir séu búnir að fjárfesta svo mikið í fiskvinnslu og fiskiskipum. Svar við því er að fjármagnid, sem þeir fjárfestu fyrir kom úr sjónum.

Auk þess hafa sjómenn staðið undir fjárfestingunni. Fyrst með þátttöku í að greiða niður kvóta, sem útgerðirnar keyptu og enn er tekið af skiptaverði til sjómanna olfugjald til reksturs skipsins og nýsmíðagjald til

að greiða niður lán af nýjum skipum.

Áhafnir skipanna hafa ekki fengið hlutdeild í 100 milljóna eða milljarða arði, sem útgerðarfyrirtækin hafa greitt út. Það er greinilega vitlaust gefið. Stjórnvöld, sem láta viðgangast að stela svona frá þjóðinni, eru ónýtt.

– Fyrsta skref í rétta átt til að fá meiri arð af auðlindinni væri að setja allan sjávaraflla á markað með ákveðið hlutfall söluverðs í ríkissjóð.

– Næsta skref væri að skila kvótanum til byggðarlaga, sem hann var tekinn frá, og láta þau um að bjóða hann út til skamms tíma í einu t.d. tvö ár í senn. Þannig þyrftu valdhafarnir reglulega að standa skil á að byggðarlagið fengi sem mestan arð af auðlegð sinni. Kvótanum.

Þeir munu bjóða hæsta verðið, sem mest fá fyrir afurðirnar. Líklegast þeir sem fullvinna aflann og skapa mesta vinnu í landinu. Samkeppnin mun sjá um rétt veiðigjald af kvótanum.

Alþingi ber skylda til að hámarka arð þjóðarinnar af sjávarauðlindinni og tryggja að hún verði alla framtíð í eigu íslensku þjóðarinnar.

Með áframhaldandi óbreyttu fyrirkomulagi gjafakvótans mun íbúum bæja á landsbyggðinni fækka enn meir og býli, önnur en þau sem auðmenn kaupa, fara í eyði.

06.03.21.,
Sigurður Oddsson

Yfir hundrað milljónir til umhverfisverkefna

Árlega veitir umhverfis- og auðlindaráðuneytið styrki til umhverfisverkefna og reksturs félagasamtaka sem starfa að umhverfismálum á grundvelli umsókna.

Á heimasíðu ráðuneytisins segir að í ár hafi 42 verkefni hlotið styrk og að heildarupphæð styrkjanna nemi tæplega 52,5 milljónum króna. Þar af eru þrjár styrkir veittir til tveggja ára. Að auki koma til greiðslu á árinu 12,5 milljónir króna vegna verkefna sem veitt voru til 2 til 3 ára á árinu 2020.

Þá hefur ráðuneytið úthlutað 49 milljónum króna í rekstrarstyrki til 25 fjárlaga félagasamtaka.

Alls bárust ráðuneytinu 57 umsóknir um verkefnastyrki og var heildarupphæð umsókna 136,7 milljónir króna, þar af tæplega 115 milljónir fyrir árið 2021. Verkefni sem hljóta styrki að þessu sinni ná yfir fjölbreytt svið loftslagsverkefna, hringrásarhagkerfis, náttúruverndar, landupplýsinga, veiðistjórnunar, skógræktar og plasmengunar svo dæmi séu tekin.

Meðal þeirra verkefna sem nú hljóta styrki eru nýting seyru frá fjallaskálum til uppgræðslu og nýting glatvarma til matvælaframleiðslu. Eins voru veittir styrkir vegna vitundarvakningar um hringrásarhagkerfið, fatasóun

og baráttuna gegn plasmengun, sem og verkefni sem snúa að fuglalífi, votlendi, landgræðslu og landbótum. Þá má einnig nefna náttúrukort, kvikmyndasýningu, stafræna kortlagningu skógræktar, sem og ráðstefnur, málþing og fundi um ólík umhverfismál, sem og umhverfisfræðslu í ýmsu formi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson segir í tilkynningu vegna úthlutunar styrkjanna „að frjáls félagasamtök og einstaklingar inna af hendi afskaplega mikilvægt starf í umhverfismálum og náttúruvernd. Það er gríðarlega mikilvægt að geta stutt við verkefni innan þessara geira, sem ella myndu ef til vill ekki ná fram að ganga. Við höfum aukið umtalsvert við styrkfjárhæðina undanfarin ár. Bæði í ár og í fyrra lögðum við sérstaka áherslu á að styrkja verkefni sem tengjast loftslagsmálum og hringrásarhagkerfi, en hvort tveggja hefur verið áherslumál hjá mér í minni ráðherratíð.“

Þá hefur ráðgjafi úthlutað styrkjum til reksturs 25 félagasamtaka sem starfa á málavíði ráðuneytisins. Í ár námu styrkirnir 49 milljónum króna og er það aukning sem nemur um 10 milljónum króna frá fyrra ári. /NH

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

VÉLABÁSINN

Sjö sæta Maxus rafmagnsfólksbíll

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Seint á síðasta ári prófaði ég Maxus sendibílinn og var ekkert yfir mig hrifinn og með frekar litlar væntingar fór ég í Vatt ehf. og fékk til prufu sjö sæta rafmagnsfólksbílinn Maxus Euniq 5.

Bíllinn er með 177 hestafla rafmagnsvél, uppgefið tog er 310 Newtonmetrar (Nm) og uppgefin drægni á fullhlaðinni rafhlöðu er sögð vera 356 km við bestu aðstæður.

Frábært verð ef reiknað er út frá sætafjölda og aukabúnaði

Bíllinn er mjög vel útbúinn, sérstaklega ef maður skoðar öryggisbúnað, öryggisloftþúðar fyrir framan framsætin ásamt hliðaröryggisþúðum, loftþúðagardínur í hliðum, neyðarhæmlunarvari (sló inn hjá mér í akstri þegar bíll kom úr hliðarakrein og stakk sér inn í umferðina óþægilega nálægt bílnum á um 60 km hraða), blindhornsvari, akreinalesari og margt fleira. Það er örugglega erfitt að finna sjö sæta bíl á sambærilegu verði og Maxus Euniq 5, sem kostar ekki nema 6.690.000 (rétt undir milljón hvert sæti).

Það væri ósanngarnt að bera saman Maxus sendibílinn og þennan fólksbíl

Eins og áður sagði var ég með litlar væntingar um bílinn áður en ég settist inn í hann, en það átti heldur betur eftir að breytast. Þó svo að ég hafi séð margan fallelgru bílinn þá fór ég fljótlega að hugsa um bílinn svipað og þegar ég kaupði mér öryggishjálma til mótörhjólaaksturs. Hjálmar hefur fyrir mér ekkert með útlitið að gera, hann á bara að verja höfuðið þegar ég hendist á hausinn á mótörhjólinu.

Allar innréttingar eru vandadar, sætin góð og leðurklædd. Ég mátaði þau öll 7, en eina sætið sem ég var ekki að „fíla“ var miðjusætið í miðsætaröð.

Hávaðamælingin kom vel út á 90 km hraða, en þar mældist bíllinn vera í 68,9 db. (allt undir 70 db. er gott að mínu mati).

Prufuaksturinn var rétt rúmir 100 km

Þegar ég fékk bílinn var hann ekki alveg fullhlaðinn, en samkvæmt mælaborði var eftir 211 km drægni á rafhlöðunni. Þegar ég var kominn niður í 111 km drægni hafði ég ekið 64 km og ekkert að spara rafmagn í kulda (hiti í kring um +2 til -4), með miðstöðina í botni, sætishitarann á og búinn að keyra mest upp í móti og kominn á bílplanið á skíðasvæðinu í Skálafelli. Hef séð rafmagnsbíla telja hraðar niður drægnina hjá mér í prufuakstri.

Á malarvegi var fjöðrunin ágæt og heyrðist nánast ekkert malarhljóð

Helstu mál og upplýsingar

Lengd	4.825 mm
Hæð	1.778 mm
Breidd	1.825 mm



Maxus Euniq 5.

Myndir / HLJ



Öll sætin 7 eru vönduð og þægilegt að sitja í þeim öllum, en sísta sætið er miðjusætið í miðröð.




Þegar ekið er af stað sýnir skjáinn fram fyrir og nemur nágreinnið á hraða undir 20.

undir bílnum, en mér fannst flatur afturendinn sóða sig óþægilega mikið út þarna á blautum og drullugum malarvegnum. Bíllinn er heldur ekki mjög hár undir lægsta punkt, eða 16,4 cm.

Góður og notardrjúgur 12,3 tommu snertiskjárninn

Bakkmyndavélin fannst mér vera algjör snilld, 360 gráðu myndavél sem sýnir bæði aftur fyrir bílinn og nemur það sem er við hliðina á bílnum þegar bakkað er.

Ég bý í innsta raðhúsinu þar sem eru 9 húsanúmer og í fyrstu 5



Fólksbíllinn frá Maxus er mun betur hljóðeinangraður en sendibíllinn þeirra.


er almennt ekki útiljós og þegar ég bakkaði þar inn við fyrstu húsin kom það mér á óvart hvað bakkmyndavélin sýndi vel aftur fyrir bílinn í myrkrinu.

Svo þegar ekið er af stað og maður er undir 20 km hraða sýnir bíllinn fram fyrir bílinn og nemarnir sýna það sem er við hlið bílsins.

Svo er í bílnum akreinalesari sem virkar fínt og þegar maður er stöpp á ljósum við stöðvunarlínu kviknar á skjánum stöðvunarlínan og nemarnir sýna hliðar. Samanber á Grensásvegi er við hlið bíla lína og akrein sem



Þegar bakkað er í myrri sýnir bakkmyndavélin óvenju skýra mynd og nemarnir nema hliðarnar.



Mér fannst sárlega vanta úthitamæli í mælaborðið.



Með öll sæti niðri slagar plássíð upp í sendibilapláss.

ætluð er hjólreiðafólki. Bíllinn les þetta og lætur vita af hjólreiðamanni við hlið bíls þegar beðið er eftir grænu ljósi.

Lokaorð, meira jákvæð en neikvæð

Á bílnum er ljósatakkinn með „auto“ og þá eru ekki ljós að aftan þegar úti er hjart. Það er í lagi að kveikja bara ljósin og hunds það að slökva þau þegar maður stoppar og yfirgefur bílinn því ljósin slökva á sér sjálfkrafa eftir um 30-50 sek.

Eins og í öðrum rafmagnsbílum er ekkert varadekk í bílnum. Þó að sætin séu 7 þá má ekki hlaða bílinn nema 525 kg þannig að samkvæmt

því má ekki setja í öll sætin fullvaxna 100 kg Íslendinga (þá er bíllinn komin yfir hleðslumörk).

Farangursrýmið er nánast ekkert þegar öll 7 sætin eru uppi, en þegar þau eru niðri er farangursrýmið að slaga upp í rými sendibíls.

Það truflaði mig svolítið að hafa ekki úthitamæli í mælaborðinu (sem mér finnst bráðnaðsynlegt á Íslandi).

Þótt útlitið hafi verið að trufla mig á bílnum þá er svo mikið spunnid í þennan bíl að hann ætti að henta mörgum, er umhverfisvænn, ódýr og vel útbúinn öryggislega séð.

Nánari upplýsingar um bílinn er hægt að nálgast á vefsíðunni www.vatt.is.

Lely Center Ísland

ZETOR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Rétt að verða ár frá fyrstu forvarnarskrifum um COVID-19

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Margt hefur verið skrifað síðastliðið ár um COVID-19, en það er rétt tæplega ár síðan ég skrifaði í þessum forvarnarpistlum um COVID-19. Satt best að segja var vitneskja mín lítil um þennan faraldur, en eftir mikinn lestur um faraldurinn og hlustun á fróða menn er ég aðeins fróðari um veiruna.

Annað er þó víst að miðað við upphafsorð mín í pistli fyrir tæpu ári er ég enn á sömu skoðun varðandi óheftan innflutning á landbúnaðarvörum. Fyrir ári byrjaði greinin svona:

COVID – 19. Það verður ekki komist hjá því að skrifa um þessa veiru sem allir eru að tala um og ógnar landinu þessa dagana. Frétt sem var ný fyrir klukkutíma er orðin úrelt klukkutíma seinna og eflaust verður megnið af því sem hér er að neðan orðið úrelt þegar Bændablaðið kemur út þar sem þetta er skrifað nokkrum dögum fyrir prentun blaðsins.

Fyrir mér er þessi veira lýsandi dæmi um hættuna sem getur skapast við óheftan innflutning á fersku kjöti. COVID-19 kemur með ferðamönnum erlendis frá og ekkert getur stoppað hana Hins vegar er verið að reyna að hægja á henni með ýmsum höftum. Í áraraddir hefur innflutningur á kjöti verið takmörkum háð og ekki enn komnar umfangspestir við þann innflutning.

Ekki hægt að slaka á forvörnum í brád

Ég er enn á sömu skoðun varðandi innflutt kjöt og aðrar landbúnaðarvörur, vil heldur borga örlítið meira fyrir hreina íslenska vöru sem er ekki með í-sprautuð efni sem ég veit ekkert hvernig virka á minn gamla skrokk. Um síðustu helgi skaut sér niður



Slökkvitæki utan á traktor, en er þetta tæki auðlosanlegt?



Svona augnskolsbúnaði hef ég góða reynslu af.



Þessi er alltaf sigild og segir allt sem segja þarf.

smit af COVID úr afbrigði sem kennt er við Bretland. Þetta smit sýnir að við verðum að vera vakandi allt þangað til að búið verður að bólusetja landsmenn í það miklum mæli að hættan á útbreiðslu veirunnar verður hverfandi.

Mikið hef ég hugsað um hvernig er tekið á smiti og smitvörnum af völdum þessarar veiru síðastliðið



Það eitt að vera með sjúkrakassan alltaf fyrir augunum, minnir undir-meðvitundina á að vera á varðbergi.

ár og líkt þeim aðgerðum í huganum um forvarnir til að forðast slysum, bruna og önnur áföll. Ef allir hugsuðu almennt um aðrar forvarnir eins og tekið hefur verið á COVID værum við í góðum málum gagnvart slysum, öðrum áföllum og tjónum. Til samburðar benti írski heilbrigðisstofnunin (H.S.A. Health and Safety Authority) á að þegar kreppti að í írskum fjármálum og minna fé var varið til forvarna þá sást það strax á auknum slysum á

Írlandi (eftir írski fjármálahrunið var skorið niður í fjármálum til forvarna um nálægt 30%, stuttu seinna var aukningin á slysum orðin 30% líka). Það sama virðist vera að gerast hér gagnvart COVID, en greinilegt að það má ekki slaka neitt á forvörnum gagnvart COVID eða öðru.

Hvað getum við gert fyrir okkur sjálf

Það þarf ekki alltaf skoðunarmenn, námskeið eða úttektaraðila til að koma manni af stað í að huga að forvörnum. Það eitt að eiga nokkra plásturspakka á ýmsum stöðum getur gagnast manni og að vera með alvöru sjúkrakassa á góðum stað þar sem umgangur er mikill upp á vegg minnir mann á það að vonandi þarf maður aldrei að opna þennan kassa. Það að hafa sjúkrakassan fyrir allra augum hjálpar


manni í undir-meðvitundinni að fara varlega. Þeir sem vinna mikið með tæki og tól þar sem aðskotahlutur getur hugsanlega farið í augu ættu að huga að tvennu. Að vera með öryggisgleraugu og að eiga augnskolsbúnað. Slökkvitæki hafa oftast verið nefnd hér í þessum pistlum rétt fyrir jóla, en slökkvitæki má alveg æfa sig aðeins á. Taka það niður úr festingunni, sem getur vafist fyrir sumum (smellur geta verið ótrúlega stífar og erfitt að opna, þá er bara að liðka smelluna með smurningu). Öryggispinninn getur verið ryðgaður fastur í slökkvitækinu. Hann þarf að taka reglulega úr og liðka, en passa í leiðinni að sprauta ekki úr tækinu að öþörfu eða óvart þegar öryggispinninn er kominn úr. Höldum áfram að lifa lífinu, en hugsum í forvörnum, sama hvort það er COVID eða aðrar hættur sem hugsanlega læðast að okkur.

SMÁHÝSI - 40 M² - 100 M²

NÝR VALKOSTUR - SMÁHÝSI ÚR STÁLGRIND

5 X 8 M - ÓEINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.550.000 KR. M/VSK.
5 X 8 M - EINANGRAÐ SMÁHÝSI - 2.150.000 KR. M/VSK.

Smáhýsi úr Z - stálgrind. Fæst með tvenns konar klæðningum. Stærð grunngerðar er 5 x 8 m / 40 m². Vegghæð 2,8 m. Stærð á hurðargati 3 x 2,5 m.



EINFÖLD HÚS - AUÐVELD UPPSETNING

GRÓÐURHÚS

Tryggðu þér vandað gróðurhús!



Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR sala@bkhonnun.is
SÍMI 571-3535
VEFFANG www.bkhonnun.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	147	DROLLA	SPLÆSTU SKRÁ	SVEIM	GRUNDA	SKAGI Í A-ASÍU FÍNGERD	FRAM AÐ	
		VEIDAR-FÆRI						ÞUS
		FISKUR			ADHEFST			
		VÍÐ-FRÆGING			GRÍPA			
					NÍÐA			
		NÓTA		MISSA				AFDREP
		BEYÐU		EINS				
SNIGIL-SKEL	ÖRK	GEYMSLA HVÍLA			SMÁN	TVEIR EINS FUGL		
			SAMTÖK GRAMUR		NASL			FRAM MED
BENDU				FÉLAGI		PLÁSS GLEÐI		
GJALD-MÍÐILL				VERKFÆRI	VARKÁRNI			
HJÁ					BORINN			
		HLUTDEILD	ÝFA			EINFALT		
			DÁLKAR			Á NÝ		
		SÁÐJÖRÐ			SPII			UM-KRINGJA
		SLYS			KK NAFN			
HLÍFÐAR-LAG				FJÖRGAST				ÍÞRÓTTA-FÉLAG SLEKT
				HÖFGI				
RIFTUN				MANNA-LÆTI		ALA		
SKEMMU						SKIL		
				HÓTUN			NÆÐI	
INN-BLÁSTUR					YRKJA			

Bændablaðið

Þau mistök voru gerð í síðasta blaði að endurbirt var krossgáta úr 3. tölublaði og eru krossgátunnendur beðnir velvirðingar á þessu

Blaðið kemur næst út 25. mars

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Arnór Ari Sigurðsson er fæddur og uppalinn á Breiðdalsvík. Hann er lærður vélvirki og starfar við löndun og sinnir viðhaldi á tækjum tengdum því. Jórunn Dagbjört Jónsdóttir er fædd og uppalin á Stöðvarfirði. Hún er með stúdentspróf frá Menntaskólanum á Egilsstöðum en starfar sem stuðningsfulltrúi í Grunnskóla Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar.

Ólafía Jónsdóttir föðuramma og Hermann Guðmundsson stjúpafi Jórunnar byggðu bæði íbúðarhúsið, vélarskemmuna og byggðu við fjárhúsin á Þverhamri. Arnór og Jórunn keyptu Þverhamar haustið 2018.

Búið var að útbúa gistingu á neðri hæð íbúðarhússins og reka þau hana samhliða búinu. Í byrjun árs keyptu þau hlut í Breiðdalsbita og vonast þau til þess að geta gert spennandi hluti í samstarfi við Guðnýju Harðardóttur.

Býli: Þverhamar 3.

Staðsett í sveit: Breiðdal í Fjarðabyggð.

Ábúendur: Arnór Ari Sigurðsson, Jórunn Dagbjört Jónsdóttir, Árdís Eva Arnórsdóttir, Elvar Freyr Arnórsson og Ester Lóa Arnórsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Arnór á hana Árdísi Evu 9 ára úr fyrra sambandi, en saman eiga þau Elvar Frey, 4 ára og Ester Lóu, 2 ára. Svo eiga þau tvo hunda, Pílu og Mola.

Stærð jarðar? Við hreinskilnislega munum það ekki ...

Gerð bús? Sauðfjárbúskapur og ferðaþjónusta.

Fjöldi búfjár og tegundir? 350 kindur og tveir hundar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Eins og núna á veturna, þegar það er búið að hýsa féð, þá fara Jórunn og börn í vinnu og leikskóla. Arnór fer og gefur morgungjöf og fer svo beint í vinnu. Jórunn sækir börnin í leikskóla og fer með þau heim og sinnir þeim og heimilinu. Arnór kemur úr vinnu og fer svo í kvöldgjöfina. En það eru ekki allir dagar eins í sveitinni og störfin eru fjölbreytt.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Okkur finnst sauðburður og smalamennskur skemmtilegustu störfin. Í rauninni finnst okkur ekkert verk leiðinlegt sem viðkemur búinu en þau geta verið miserfið.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Framtíðarsýn okkar væri að koma öllu fé á gjafagrindur, stækka fjárhúsin og fjölga fénu talsvert.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum? Við sjáum fyrir okkur að nýta hluta af afurðunum í gegnum Breiðdalsbita. Koma með nýjar og spennandi vörur á markað.

Svo væri draumurinn að Íslendingar yrðu sjálfum sér nógir í fram-



Þverhamrar 3



leiðslu á íslensku kjöti og vörum, til þess þyrfti að vera minna af innfluttu kjöti. Þar af leiðandi þyrftu tollamál að vera í lagi.

En á innanlandsmarkaðinum mætti bæta framsetningu íslensku vörunnar með áherslu á gæði og hreinleika.



Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör, ostur, tómatsósa, kokteilsósa og skyr.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambalæri eða pitsa.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Fyrsti sauðburðurinn var frekar eftirminnilegur. Ester Lóa fæddist 29. apríl 2019 og voru þau á sjúkrahúsinu í um rúma tvo daga og komu heim 2. maí. Sauðburðurinn byrjaði á fullu 6. maí, þá var nóg að gera. Arnór sá um sauðburðinn með hjálp fjölskyldu og vina og Jórunn sá um börn, heimili og gistingu á meðan sauðburðinum stóð. Þetta var mjög krefjandi en mjög dásamlegur og gefandi tími.

MATARKRÓKURINN

Grænmeti og möndluhjúpaður kjúlli



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

Við skulum vera heiðarleg, grænmetismeðlæti getur orðið einhæft og stundum erfitt að fá hugmyndir en það er auðvelt að baka grænmeti og prófa framandi grænmeti til að krydda lífið. Svo er hægt að auka skammtinn til að fá fjölbreytt mataræði með fullt af vítamínum.

Ristað fennel og spergilkál

Hráefni

- › 1 haus spergilkál
- › 1 fennel skoríð í sneiðar

Sinneps-skalottlauks kryddlögur

Hráefni

- › 2 litlir skalottlaukar, smátt saxaðir
- › 1 hvítlauksrif, smátt saxað
- › 2 tsk. Dijon sinnep
- › 4 msk. góð olía
- › salt og pipar

Aðferð

Hitið ofninn í 200 gráður.

Blandið saman skalottlauk, hvítlauk og sinnepi í skál og þeytið saman. Bætið næst olíunni í stöðugum straumi meðan þið þeytið til að þykkja marinerunguna. Saltið og piprið eftir smekk og setjið til hliðar.

Undirbúið grænmeti. Skerið toppinn af fennel. Skerið fennelið í fjórðunga og fjarlægjið harðan kjarna frá rótinni og sneiðið í sneiðar. Setjið fennel-sneiðar á fat.

Bætið við spergilkálsblómum og dreifið grænmeti út á smjörpappír og



steikið við 200 gráður í 30-40 mínútur eða þar til fennel er mjúkt. Stráið ríkulega yfir ferskun parmesanosti.

Möndluhjúpaður kjúklingur

Kornflögur – eða jafnvel Rice Krispies – er oft notað til að hjúpa kjúkling.

Möndluhjúpaður bakaður kjúklingur er eins og naggar sem flestir elskuðu þegar þeir voru krakkar, en nú er komin hollari útgáfa. Hreint út sagt ljúffengt!

Þessi möndluhjúpaði kjúklingur er frábær þegar þú vilt fá góða stökka húð á kjúklinginn.

Það skiptir ekki öllu máli ef þú notar egg til hann festist betur við, eða mjólk hægt er að nota bara vatn. Kjúklingurinn er stökkuur og safaríkur í hvert skipti. Þú getur notað kjúklingabringur, læri eða jafnvel svínakótelettur!

Hráefni

- › 500 g kjúklingur
- › 300 g möndlumjöl
- › 50 g heilar möndlur, kornflex eða annað stökkt korn



- › Paprikuduft, salt og pipar fyrir krydd
- › Egg, vatn og/eða mjólk hrært til að hjúpa kjúklinginn

Aðferð

Að búa til möndluhjúpaðan kjúkling er svo auðvelt!

Blandið saman kryddinu við möndluur og möndlumjöl í kraftmiklum blandara eða í skál.

(Ekki vinna saman of mikið, annars byrðu til möndlusmjör.)

Dýfðu kjúklingi í eggja og vatnsblöndu (eða mjólk) og svo í möndlurnar.

Kjúklingurinn er settur á bökunarplötu klæddri smjörpappír þar til hann er orðinn gullinnbrúnn og safinn glær.

Bakaðir sætakartöflubitar

Einfalt og hollt meðlæti til að breyta til frá djúpsteiktum kartöflum sem sumum finnst vera reglan með stökkuum kjúklingi.

Hráefni

- › 4 heilar sætar kartöflur, vel skolaðar og skornar í bita eða fleyga
- › 3 msk. ólífúolia
- › 1 tsk. blandaðar kryddjurtir
- › 1 tsk. paprikuduft

Aðferð

Hitið ofninn í 200 gráður. Smyrjið bökunarplötu létt, eða klæðið hana með bökunarpappír.

Blandið olíu og papríku í stóra skál. Bætið við sætum kartöflum og dreifið þeim jafnt yfir.

Setjið bita í eitt lag á bökunarplötu og bakið í 40 mínútur.

Hægt er að forbaka annað grænmeti eins og sellerírot eða gulrætur líka til að fá lífríkt grænmeti.

HANNYRÐAHORNID

Vetrarskjól á herra

Hálskragar með axlarsæti hafa verið vinsælir í vetur og þessi fallegi kragi fyrir herra hittir í mark. Þrjónað úr Drops Nepal ofan frá og niður.

DROPS Design: Mynstur ne-344.

Stærðir: S/M (L/XL) XXL/XXXL

Garn: DROPS NEPAL (fæstí Handverkskúnst)

200 (200) (200) g litur á mynd: millibrúnn nr 0612

Þrjónfesta: 17L x 22 umf í sléttu þrjóni = 10 x 10 cm.

Þrjónar: Hringþrjón 40 og 60 cm nr 4,5 og 60 cm nr 5.

GARÐAPRJÓN (þrjónað fram og til baka):

Lykkjurnar eru þrjónaðar slétt í öllum umferðum.

ÚTAUKNING (á við um axlarsæti):

Á UNÐAN PRJÓNAMERKI: Útaukning hallar til hægri; Notið vinstri þrjón til að taka upp þráðinn á milli 2ja lykkja, þráðurinn er tekinn upp að aftan og lykkjan er þrjónuð slétt í fremri lykkjubogann.

Á EFTIR PRJÓNAMERKI: Útaukning hallar til vinstri; Notið vinstri þrjón til að taka upp þráðinn á milli 2ja lykkja, þráðurinn er tekinn upp að framan og lykkjan er þrjónuð slétt í aftari lykkjubogann.

KRAGI – STUTT ÚTSKYRING Á STYKKI:

Stykkið er þrjónað í hring á hringþrjóna, ofan frá og niður. Aukið er út fyrir axlarsæti í hvorri hlið.

Síðan skiptist stykkið – bakstykkið og framstykkið er þrjónað fram og til baka á hringþrjóna hvort fyrir sig til loka máls.

KRAGI: Fitjið upp 96 (112) 128 lykkjur á stuttan hringþrjón nr 4,5 með Nepal. Tengid í hring og setjið þrjónamerki sem marker upphaf umferðar. Þrjónið stroff hringinn (frá vinstri öxl að aftan þegar kraginn er mætaður) með 2 lykkjur brugðið og 2 lykkjur slétt, 10 cm, eða að óskaðri lengd. Setjið nú 4 þrjónamerki í stykkið (þetta er gert án þess að þrjóna lykkjurnar). Þrjónamerkin eru sett á milli lykkja og þrjónamerkin eru notuð þegar auka á út fyrir axlarsæti. 1. þrjónamerkið er í byrjun á umferð, teljið 26 (30) 34 lykkjur (= bakstykki), setjið 2. þrjónamerki á undan næstu lykkju, teljið 22 (26) 30 lykkjur (= öxl), 3. þrjónamerki er sett á undan næstu lykkju, teljið 26 (30) 34 lykkjur (= framstykki), 4. þrjónamerki er sett á undan næstu lykkju. Það eru 22 (26) 30 lykkjur eftir í umferð á



DROPS DESIGN
www.garnstudio.com

eftir að upphafsþrjónamerki (= öxl). Skiptið yfir á hringþrjón 5 og aukið út fyrir axlarsæti eins og útskýrt er að neðan.

ÚTAUKNING FYRIR AXLARSÆTI: Þrjónið slétt yfir 26 (30) 34 lykkjur á bakstykki og framstykki og stroffþrjón eins og áður yfir 22 (26) 30 lykkjur á hvorri öxl. JAFNFRAMT er aukið út um 4 lykkjur í hverri umferð fyrir axlarsæti þannig: Aukið út á UNÐAN 2. og 4. þrjónamerki og á EFTIR 1. og 3.

þrjónamerki – sjá ÚTAUKNING (= 4 lykkjur fleiri – útauknar lykkjur tilheyra framstykki og bakstykki, þ.e.a.s. að 22 (26) 30 axlalykkjurnar haldast stöðugar). Aukið svona út í **HVERRI** umferð alls 14 (15) 15 sinnum = 152 (172) 188 lykkjur á þrjóninum. Í næstu umferð eru alxalylkkjurnar felldar af og þrjónað er frá byrjun á umferð þannig (= við 1. þrjónamerki): Þrjónið 5 lykkjur brugðið, slétt þrjón yfir næstu 44 (50) 54 lykkjur, 5 lykkjur brugðið, fellid af næstu 22

Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.

Drops garn á Drops verði
...og mörg hundruð friar uppskriftir með því

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

Bændablaðið
Kemur næst út
25. mars

(26) 30 lykkjur með brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur og sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur, 5 lykkjur brugðið, slétt þrjón yfir næstu 44 (50) 54 lykkjur, 5 lykkjur brugðið, fellid af næstu 22 (26) 30 lykkjur með brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur og sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur. Bakstykkið og framstykkið er síðan þrjónað hvort fyrir sig fram og til baka á hringþrjóna.

BAKSTYKKI: = 54 (60) 64 lykkjur. Skiptið yfir á hringþrjón nr 5 og þrjónið fyrstu umferð frá réttu þannig:

5 kantlykkjur í GARÐAPRJÓNI – sjá útskýringu að ofan, þrjónið slétt þrjón þar til 5 lykkjur eru eftir í umferð, þrjónið 5 kantlykkjur í garðapþrjóni. Haldið áfram fram og til baka í sléttu þrjóni með 5 kantlykkjum í garðapþrjóni í hvori hlið þar til stykkið mælist ca 34-35 cm frá uppftjunarkanti (mælt frá miðju að aftan). Þrjónið 1 umferð frá röngu eins og áður, en aukið

JAFNFRAMT út um 2 (0) 0 lykkjur jafnt yfir = 56 (60) 64 lykkjur. Næsta umferð er þrjónuð frá réttu þannig:

Skiptið yfir á hringþrjón nr 4,5. Þrjónið 5 kantlykkjur í garðapþrjóni, þrjónið stroff (2L slétt, 2L brugðið) þar til 7 lykkjur eru eftir, þrjónið 2 lykkjur slétt og 5 kantlykkjur í garðapþrjóni. Þrjónið með garðapþrjón yfir garðapþrjón, sléttar lykkjur yfir sléttar lykkjur og brugðnar lykkjur yfir brugðnar lykkjur þar til stroffið mælist ca 4 cm. Fellid af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Stykkið mælist ca 39-40 cm frá uppftjunarkanti mitt að aftan.

FRAMSTYKKI: = 54 (60) 64 lykkjur. Þrjónið alveg eins og bakstykki.

Frágangur: Gangið frá endum, þvoidi stykkið og leggið til þeris.

Þrjónakveðja mæðgummar í Handverkskúnst www.garn.is

Létt

9	2		1	5		7
	3	7		9		8
				6		4
3	6	5	7			1
		2				9
		1		5	4	3
5			9			
	4	3		2	5	8
	8		3	4		6

Miðlungs

	4	2				5	8
	7	6	8	4			1
				5			
					5		6
2							5
1	5		6				
				8			
3				7	9	1	2
	9	5				8	7

Pung

	9		7				1
2			6				5
					3	4	
8			3			9	2
			2	1			
	6	2		9			8
	4	6		6			4
1				6			4
9				4		3	

Þyngst

7			2	3			
					1		7
	6	1					3
				9	4	6	
6	7						4
		9	1	8			
	9				4	5	
4		7					
			5	9			2

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Emil er verðandi uppfinningamaður

Nafn: Emil Kári Arnarsson.

Aldur: 9 ára.

Stjórnumerki: Vog.

Búseta: Seltjarnarnes.

Skóli: Mýrarhúsaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Heimilisfræði og sund.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Köttur.

Uppáhaldsmatur: Pítsa.

Uppáhaldshljómsveit: Queen.

Uppáhaldskvikmynd: Ready player one.

Fyrsta minning þín? Að sjá litla bróður minn nýfæddan.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Já, ég æfi handbolta og fimleika og spila á píanó.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ég ætla að verða upp-



finningamaður.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Að fara í vatnsrennibrautagarð á Tenerife.

Ætlarðu að gera eitthvað skemmtilegt um páskana? Ekkert sérstakt.

Næst » Ég skora á Jónas Guðjónsson, frænda minn, að svara næst.

SAMFÉLAGSRÝNI

Af viðskiptum við eftirlitskerfi Matvælastofnunar

Ég ætla að fara hérna yfir það á gagnrýninn hátt hvernig það er að eiga hross á höfuðborgarsvæðinu, bæði úti og inni. Sérstaklega mun ég taka til umfjöllunar eltingaleik Matvælastofnunar og furðulega framkomu starfsfólks stofnunarinnar við mig og aðra. Það hefur verið gert í nafni dýravelferðar sem svo hefur sýnt sig að vera fyrst og fremst til fjáröflunar. Þetta verður ekki tæmandi upptalning, frekar stiklað á stóru en af nógu er að taka. Frekar að það vefjist fyrir mér á hverju á að byrja.

Þetta er tímabil sem nær yfir nokkuð mörg ár. Það er ekki svo að þetta verði í réttari daga eða áráð. Í fimm ár var ég með sautján hektara haglendi á leigu á fyrrum stórbýlinu Blikastöðum. Það gefur auga leið að það dugar ekki mörgum hrossum yfir árið, en þarna var gott að hafa trippi í uppeldi yfir veturinn því að þegar fór að sneystast um haga þá var stutt að fara og þægilegt að gefa út. En þarna var illmögulegt að hafa hross að vetri til vegna sífelldra tilkynninga fjölda sérfræðinga sem áttu leið um Vesturlandsveginn til Mast um að þarna væru haldin hross við heldur bág kjör eins og það er orðað í skýrslunum. Það virðist vera svo að hver sem er geti sigað þessu eftirlitsfólki einsog óðum hundum hvert sem er á hvern sem er hvenær sem er.

Er verið að þjóna einhverju öðru en dýravelferð?

Þegar þetta á sér stað jafnvel með



Valur Jónsson.

viku millibili þá er ekki hægt annað en álykta sem svo að þetta eftirlit þjóni einhverjum öðrum tilgangi en dýravelferð. Það er eftirtektarvert að myndir sem fylgja skýrslunum eru alltaf teknar í slagveðursrigningu þegar hrossin eru blaut og hnúpin. Þau hin sömu hross og sögð eru í sömu skýrslu að séu í ágætum holdum.

Mast lætur sitt fólk aldrei fara erindisleysu

Í upphafi var mér sagt af nágrönnum í hesthúshverfinu að ég væri öruggur með að hafa Mast á bakinu næstu árin og það með að Mast léti sitt fólk aldrei fara erindisleysu, ef ekkert væri út á hrossin að setja þá væri leitað að einhverju öðru. Það er víst gert til þess að geta sent reikninga.



Í upphafi var mér sagt af nágrönnum í hesthúshverfinu að ég væri öruggur með að hafa Mast á bakinu næstu árin og það með að Mast léti sitt fólk aldrei fara erindisleysu, ef ekkert væri út á hrossin að setja þá væri leitað að einhverju öðru. Það er víst gert til þess að geta sent reikninga.

Ein frú á stórbýli í Kjósinni sagði mér að sífelldar ástæðulausar eftirlitsferðir væru trúlega vegna þess að það væri stutt að fara og þá væri hægt að senda reikninga. Það bendir margt til að það sé rétt.

Það að einstaklingar geri ráðningarsamning við Mast gerir þá ekki að sérfræðingum og aðra að fávítum sem beri að umgangast sem slíka. Ég ætla líka að geta þess þegar ég sótti nokkur folöld norður í land nokkuð snemma vegna óvenju mikilla snjó. Eitt af þeim hafði verið undanvilt, sennilega í mánuð uppi í fjalli, það var orðið grindhólað eðlilega. Reglugerðin segir bla bla og þó enginn hafi á móti henni þá er ekki þar með sagt að það sé auðvelt eða sjálfsagt að fara eftir henni. Nema hvað, þessi folöld hirti ég þannig til að byrja með að ég gaf þeim að kvöldi eftir vinnu, nógu til að duga sólarhringinn en þau fóru lítið út en það hefur hingað til ekki drepjið nokkurt folald.

Grípa átti glæpamenn glóðvolga en fóðrun og umhirða sögð í besta lagi

Þarna kom þá ágætt tækifæri fyrir nágrannakonunni mína sem ekki var ýkja hrifin af mér sem nágranna að tilkynna það til Mast að þarna væru haldin folöld sem væri bara gefið öðru hvoru. Samkvæmt ábendingunni áttu folöldin að vera illa fóðruð, skitug og að lítið eftirlit væri haft með þeim.

Eftirlitsdýralæknarnir Hrund Lárusdóttir og Ragnhildur Ásta Jónsdóttir fóru í óvænta heimsókn sem virðist vera venjan þegar grípa á glæpamenn glóðvolga, en komu að húsinu læstu. Þá hringdi Ragnhildur heldur öflug og kvartaði yfir því að húsið væri læst og fór fram á það að ég hleypti þeim inn. Ég sagðist geta það eftir komandi helgi. Sú heimsókn líður mér seint úr minni. Þær töluðu við mig eins og algjöran fávíta sem aldrei hefði séð hross, Ragnhildur heldur verri, þegar dónaskapurinn gekk svo fram af mér að ég neitaði frekara viðtali, þá sagði Hrund: „Ég er ekki hissa.“

Hissa varð ég hins vegar þegar skýrslan kom. Fóðrun var ekki ábótavant og umhirða að mestu í lagi og að ég virtist hafa áralanga reynslu af umhirðu og fóðrun hrossa þar með talið folalda. Þarna fékk „fíflið ég“ óvænt hrós.

Eltingleikurinn var hafinn

Sumir telja að eltingaleikur Mast við mig hafi byrjað með þessu. Enn aðrir halda því fram að eltingaleikurinn hafi byrjað þegar Grétar Þór Bergsson, sem kallar sig hestamann, hringdi í mig seint að kvöldi til þess að fara fram á það að ég færi með heyrúllu til hrossanna,

um nóttina, af því það væri byrjað að snjó. Ástæðan sú að þarna var svartur veturgamall foli sem honum fannst vera á sína ábyrgð þarna hjá mér. Nokkuð sem ég vissi ekki um. En forsaga veru hans hjá mér var sú að haustið áður sótti ég átta eða tíu folöld að Hnaukum í Alftafirði til Rúnars bónda þar, sem Grétar þessi hafði selt flest til Reykjavíkur nema þrjú folöld sem ég seldi. Ég fæ þetta svarta folald til baka af því hann var svo horaður, eins og reyndar öll folöldin, kaupandinn sagðist ekki nenna að koma honum í viðunandi hold. Ég hafði hann svo á húsi um veturinn. En merarnar sem stóðu í heyi voru vatnslausar og þar af leiðandi steingeldar. Ég benti Rúnari á þetta, því ekki hafði Grétar vit til þess. Ég tilkynnti þetta ekki enda hefði það ekkert bætt.

Grétar fór daginn eftir að jörð varð alhvít við annan mann í girðinguna hjá mér til að bjarga þeim svarta og fór með hann austur að Arnarstöðum í Flóa. Ég sleppti því að kæra hann fyrir innbrot og þjófnað sem ég hefði getað gert.

Áfram heldur eltingaleikurinn

Þann 10.04. 2013 fóru eftirlitsdýralæknarnir Pia, Gunni og Ragnhildur Ásta að landi Korpu við Vesturlandsveg (þar hef ég aldrei haft hross) til að kanna aðstæður hrossa á útgangi við að sýndist bágar aðstæður. Hrossin stæðu við hey en plast og net ekki fjarlæggt og haginn nauðbitinn. (Hver þekkir til hrossa sem ekki geta rífið plast af rúllum). Við skoðum kom í ljós ... bæði trippi og fullvaxin hross. Nýleg heyrúlla sem þær töldu nokkuð góða og voru hrossin að éta úr rúllunni (takið eftir). Plast og net hafði ekki verið fjarlæggt en skorid langsum eftir rúllunni til að skapa aðgengi (það er rétt, ég sker alltaf 5 til 6 sporöskjulaga göt á plastið og það hefur gefist vel. Þá treðst ekkert niður. En net og bönd fjarlæggt ég alltaf undantekningarlaust). Svo segir:

„Leifar af annarri rúllu lágu skammt frá þar sem plast og rúllunetadræsur lágu innan um afgangsheyið.“

Því er til að svara að mögulega hefur verið þarna plast af síðustu rúllu. Hitt er einfaldlega lygi að þarna hafi verið netadræsur og afgangshæy.

Þær tala um töluvert moldarsvað þar sem heyið er gefið. Það er önnur lygi, þeim var alltaf gefið á malarbornum götugrunni sem gengið var frá þegar það átti að byrja að byggja þarna í góðærinu forðum daga.

Svo taka þessir snillingar eftir því að það er rennandi vatn í skurðum en taka ekki eftir því að það rennur lækur úr Úlfarsfellinu. Héldu þær að hrossum hafi alla tíð verið vatnað úr

fötu, líka þegar elítan hjá Fákí var með þetta sama stykki?

Töluvert járnarusl sjá þær í haganum sem „gæti“ verið slysagildur, gamlar tunnur úr ræsi sem voru grafnar upp þegar götustubburinn var gerður og lágu lengi ofan á moldarrúðningnum. Álfka hættulegt og gamalt rafmagnskefli sem legið hefur í mörg ár sundurtætt í hestagirðingu neðan vegar á góðu býli í uppsveitum Árnessýslu. En gaddavírsspotta sá þær líka og það var verri. Það er mikið búið að leita að honum og ekki fundist. Við áþreifan virtust hrossin vera í reiðhestahöldum. Tvö hross á járnum að hluta.

Hefðu þær gert svo lítið úr sér að spyrja þá hefði verið hægt að segja þeim af hverju. Þær hafa ekki séð eða hafa máskje ekki vit á hvað klaufarhófur er.

Gerður eru athugasemdir og kröfur um bla, bla, og áfram halda þessir leikþættir.

Þrengsl og ókyrrð

Í febrúar 2015 mætti valdsmannsleg Elín Bergsdóttir vegna tilkynningar um að í hesthúsinu hjá mér væru þrengsl og ókyrrð. Sennilega nágrannakonun sem tilkynnti, þá var ég búinn að breyta stúfsterðum öðrum megin til þess að þrengja að tveimur merum sem börðust alla daga og sjálfsagt nætur líka, en eigendur sem voru vinkonur vildu ekki skilja að. Þar með hættu þær að ná höggi hver á aðra en ég sem húshaldari bar ábyrgð á slysum á þeim. Þar með varð líka til þriggja hesta stífa frekar þröng en ekki til vandræða sem var notuð þannig þann vetur.

Það rúmast ekki í reglugerðinni né hjá Elínu að svona vandamál geti komið upp. Hrossin í fínu standi tilkynnti hún mér í stöðluðu skýrsluformi viku seinna. Enn fremur að stíur væru góðar en of litlar samkvæmt reglugerð en munaði þó ekki miklu. Þetta yrði ekki svona næsta vetur. Mér vitanlega eru stúfsterðir óbreyttar enn í dag.

Enn fremur var tilkynnt um að hrossin fengu lítið að vera úti. Síðan hefur gerðinu verið skipt svo nú getur nágrannakonun lático sín hross út án þess að annarra manna hross séu þar fyrir. Það var í þessari ferð sem hún byrjaði að athuga hvort það væri rennandi vatn í brynningarskálunum. Þegar ég sagði henni að svo merkilegt sem það væri þá væri rennandi vatn í öllum húsum í hverfinu, þá skammaðist hún sín og fór út.

Þetta er þó bara sýnishorn af afskiptum þessarar eftirlitsstofnunar, meira um það síðar.

Valur Jónsson
Freyshestar@hotmail.com

Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólástillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260



Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík



PG Startþjónustan
Alternatarar & Startarar

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

Svampur.is

Bjódum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólahýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Rafhitarar

í skip, hús og sumarhús

Ryðfrír neysluvatnshitatarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

KAUP FÉLAGIÐ

MEÐ JÓNI GNARR



Hlustaðu á hláðarp Bændablaðsins á vefnum bbl.is og Soundcloud



Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Gervigras fæst gefins. Talsvert magn af gervigrasi fæst gefins. Gervigrasið er staðsett í Hveragerði og er hægt að fá hvort heldur lítið magn eða mikið en í heildina er um meira en 2000 fermetra að ræða. Uppl. fást í síma 660-3908.



Óska eftir amerískum pallbíl. Helst eitthvað sem þarfnast lagfæringar að einhverju leyti, en ég skoða líka bíla í lagi á góðu verði. Endilega hringja eða senda skilaboð í síma 774-4441.



Háprýstidælur fyrir verkta og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitatar fyrir háprýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is eða í síma 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m - 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélur. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf., sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, sími 892-4163, netfang: hak@hak.is



Bretttagafflar með Euro-festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. Sími 892-4163 - hak@hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstaeki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. Sími 892-4163 - hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélur og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnar gólfhræver. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skruflu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólf: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háprýstardælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum-búnaði. Aðrir aflugar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háprýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflugjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsgandi dælur úr sjóþolnum kópum eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1", 2", 3", 4". Aflugjafar: Rafmagn, bensín/dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótora staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Innihræver fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærunnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



HISPEC - HAUGSUGA

- SA-R 2600
- Dekk 800/65 R32 Alliance
- Dæla, 11.000l
- Stærð tanks 11.593l
- Sjálfvirkur áfyllibúnaður

4.470.000 kr.*



STORTH- HAUGDÆLA

- 6" dæla með þrítengi
- Stillanlegar lengdir
- Að fullu galvaniseruð
- Skilvirk fjögurra blaða skrúfa
- 1.225 m³/min

1.216.000 kr.*



SULKY - DX20

- Með upphækkun og loki
- 1.500l

890.000 kr.*



SULKY - X40 Econov GPS

- Með upphækkun og loki
- Quartz stjórntölva
- GPS búnaður
- Trappa
- 3D jaðarbúnaður með isobus tengimöguleika
- 3.200l

3.690.000 kr.*



SULKY - Master P30 loftsáðvél með HR160 pinnatætara

- 3 metra - 24 rása

4.990.000 kr.*

* Verð miðað við gengi evru 156

* Öll verð eru án vsk.



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi

480 5600

www.landstolpi.is

landstolpi@landstolpi.is

AS MOTOR



ILLGRESIBURSTI
AS 30 WeedHex 140
Bursti 35 cm, 700 m²/klst,
Mótor 2,1 kW (2,8 hp)



SLÁTTUVÉL
AS 510 ProClip 4T A
Breidd 51 cm, 2300 m²/klst,
Mótor 3,2 kW (4,3 hp)



RUDDASLÁTTUVÉL
AS 63 4T B&S
Breidd 61 cm, 2300 m²/klst,
Mótor 3,7 kW (5,1 hp)



SLÁTTUTRAKTOR
AS 920 Sherpa 2WD
Breidd 90 cm, 9450 m²/klst,
Mótor 16,5 kW (22,4 hp)
Drif á afturhjólum



SLÁTTUTRAKTOR
Með fjarstýringu og 4WD
AS 940 Sherpa 4WD RC
Breidd 90 cm, 6000 m²/klst,
Mótor 16,5 kW (22,4 hp)



SLÁTTUTRAKTOR
AS 1040 YAK 4WD
Breidd 100 cm, 6800 m²/klst,
Mótor 15,5 kW (21,1 hp)



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kerra fyrir tvö mótörhjól eða fjórhjól. Heildarburður 750 kg. Krossviðsbotn. Nefhjól og ljósabúnaður. Rampur fylgir. Sturtanleg. Til á lager. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. hak@hak.is



Til sölu er þessi nýlegi og vel með farni LYNX snjósléði, árg. 2019, ekin 900 km, 600 cc fjórgengisvél. Sparneytinn og fjölskylduvænn sleði. Uppl. í síma 664-7000.



Við bjóðum 5% AFSLÁTT af öllum dráttarbeislum og rafkerfi. Bjóðum upp á ísetningu á góðu verði. Uppl. í síma 837-7750, www.bilxtra.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Mitsubishi Outlander Phev, árg. 2017. Einn með öllu, einn eigandi, alltaf verið fyrir norðan. Reyklaust ökutæki. Ekin 57.000 km. Nánari uppl. í síma 862-9062.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Ópið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Fórum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Ópið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 g. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Ópið frá kl. 13.00-16.30.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Ópið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa. Ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af tveggja og þriggja hesta kerrum. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Ópið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Hestakerrur tveggja og þriggja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Ópið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



VERDO gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is Ópið frá kl.13.00-16.30.



Þjóðbúningur. Til sölu mjög vel með farninn upphlutur með öllu tilheyrandi, fimn svuntur og ferner blússur. Viravirkni er gyllt. Nánari uppl. í síma 863-8733.



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro-festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Diesel-hitari 12v blásari og kerti 5000w eyðir 0,28 l á klukkustund, 5 l tankur innbyggður, tveggja ára ábyrgð. Allir varahlutir. Verð: 48.990.- með aukahlutum. Fjarlestur ehf. Uppl. í síma 662-1444.



Volvo V60 Cross Country D3, árg. 2018, ekin 42 þ. Einn eigandi, sumar- og vetrardekk, umboðsbíll og fengið toppviðhald frá umboði. Verð: 4.390 m. Uppl. í síma 869-3242 eða á gulli.gf@simnet.is



Toyota Hilux Extra Cab, árg. 2007. Ekin 218 þ. Verð: 1.350 þ. Uppl. í síma 840-3017.



River-bátarnir frá Noregi eru að koma til landsins í stærðum frá 2,9 m til 4,6 m. Forsölutilboð í mars. Bataþjónustan ehf. Lynghálsi 3 (baka til), 110 Reykjavík. www.bathjonustan.is, info@bathjonustan.is eða í síma 615-2030.



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrári duftuhúð (pólyhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. + vsk. Hákonarson ehf. Hafíð samband á hak@hak.is eða í síma 892-4163.



Rúllugreip með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftigetna 1.000 kr. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. + vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. hak@hak - www.hak.is



Álbrautir fyrir kerruna. Pantið frá 400 kg í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Pantið frá kr. 19.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111, ópið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Vélaút ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Uppl. í síma 527-2600.



Vönduð og sterk tveggja öxla kerra - BILXTRA CONDOR II. Verð: 750.000 m vsk. H.þyngd: 2700 kg, In.mál: 330x180. Uppl. í síma 837-7750, info@bilxtra.is



Lokuð farangurskerra með afturhlara sem hægt er að leggja niður. H.þ: 750 kg, 204x115x150. Verð: 550.000 m. vsk. Uppl. í síma 837-7750, info@bilxtra.is



Öflugar dælur! Öflugar dælur fyrir málefni bænda. XM



Til sölu lítið notaður laxateljari frá Vaka með videomýndavél og internettengingu. Tölva, sendir og móttakari fylgir með. Mjög flott og fullkomin græja. Tilb. til niðursetningar. Uppl. í síma 893-3887.



Mjög þægilegur og vandaður rafmagnsnuddbekkur frá Eirberg. Sérstaklega vönduð þrýstijöfnunardýna. Lítið notaður. Hægt að hækka og lækka. Lengd 160+40 með höfuðpúða upp. Breidd: 55 cm eða 83 cm með báða armpúða uppi. Eykur gæði og þægindi vinnustöðu til muna. Verð: 80.000,- eða tilboð. Uppl. í síma 690-9413.

TIL SÖLU

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband í síma 5905100 eða sala@klettur.is



KOMATSU PC210

Árgerð: 2010
Notaður: 8.335 vst
Ný vökvadæla, hraðtengi, 1 skófla
Verð: 8.500.000 + vsk



CAT 305C

Árgerð: 2007
Engcon rototilt og 3 skóflur, vinnuþyngd upb. 5300 kg, gúmmibelti
Verð: 4.950.000 + vsk



SCANIA R500

Árgerð: 2006
6x4, glussakerfi fyrir sideloader, keyrður 515.000 km, 500 hestöfl
Verð: 2.700.000 kr. + vsk



CAT 444F

Árgerð: 2014
Notaður: 4.800 vst
engcon rototilt, 2 skóflur
Verð: 11.200.000 + vsk



NÝTT TÆKI: EP20AN

Lyftigeta 2000kg, lyftimiðja 500mm. Þrefalt mastur. Lyftihæð 4800 mm. Hliðarfærsla á göfllum, strikfrí dekk öryggisljós, bakkflauta, blikkljós.
Verð: 4.350.000 + vsk



SCANIA R420

Árgerð: 2004
Notaður: Keyrður 272.000 km
420 hestöfl
Verð: 1.900.000 kr. + vsk

KLETTUR

LÍF & STARF

Biobú með heilsuþætandi húðkrem í þróun:

Á að jafnast á við bestu húðkremin á markaði

– Fimm ára þróunarferli að baki og stefnt á markaðssetningu á árinu

Mjólkurbúið Biobú, sem framleiðir lífrænt vottaðar mjólkurvörur, er nú með lífrænt vottað húðkrem í vöruþróun sem nýtir virku efni mysunnar og ætlað verður til útflutnings en einnig markaðssetningar innanlands.

Sverrir Örn Gunnarsson, framleiðslustjóri hjá Biobú, hefur stýrt verkefninu og hann segir að það sé á lokastigi.

„Búið er að prófa kremið í neytendakönnun og niðurstöður voru afgerandi jákvæðar. Því er tilhlökkunin enn meiri að koma vörunni á markað.“

Kúabóndinn og máttur mysunnar

Sverrir segir að forsaga vöruþróunarinnar sé orðin nokkuð löng.

„Ætli megi ekki rekja hana alveg aftur til kynna minna af bónda einum sem hugsaði alla tíð vel um dýrin sín. Hann sagði mér frá mætti mysunnar. Þegar kálfarnir hjá honum fengu einhvers konar exem þá gaf hann þeim vel af mysu, úr varð að þeir fengu skjótan bata og enduðu með silkimjúkan feldinn. Ég hlustaði vel á bóndann því sjálfur er ég með exem, sem blossar upp þá og þegar, og hef prófað mörg kremin í gegnum



Sverrir Örn Gunnarsson, framleiðslustjóri hjá Biobú.

ævina. Úr varð að ég talaði við sérfræðinga hjá Matís um hvort ekki væri hægt að vinna heilsuþætandi efni úr mysunni sem fellur frá við gerð skyr og grískrar jógurtar. Fengum við frábærar undirtektir hjá Matís sem er með mjög færa sérfræðinga á sínum snærum, tæki og tól sem geta unnið faglega vinnu sem þessa.“

Snyrtivöruafurð með virk efni

„Markmið verkefnisins var að þróa snyrtivöruafurð sem inniheldur virk efni úr íslenski lífrænt vottaðri mysu. Megnið af mysu sem fellur til við mjólkurvinnslu er hent og því eru möguleikar á mikilli verðmætaaukningu út úr þessu verkefni.“

Hugmyndin þróaðist og hafist var handa með að finna virku efnið í mysunni, þau einangruð og á endanum blandað út í lífrænan kremgrunn sem tók einnig tíma að finna. Þetta kann að hljóma sem einfalt ferli, en það var svo sannarlega ekki raunin,“ segir Sverrir.

Andoxunavirkni

Hann lýsir ferlinu svo nánar sem tók alls fimm ár.

„Prófað var að aðskilja mismunandi þætti mysunnar með himnusiúbúnaði á tilraunaskala sem er staðsettur hjá Matís. Einnig voru mismunandi ensím prófuð til að brjóta niður prótein í mysunni niður í smærri einingar sem kallast peptíð. Þau voru flokkuð eftir stærð með síubúnaðinum og frostþurrkuð. Virkni þessara mismunandi efniþátta var prófuð hjá Matís þar sem til dæmis var kannað hvort þeir hefðu andoxunavirkni eða hvort þeir hefðu virkni til að hemja vöxt bólu myndandi örvera. Þeir efniþættir sem komu best út voru notaðir við þróun á kremi.“

Þar voru prófaðir mismunandi kremgrunnar, framleiðsluáferðir, framkvæmdar geymsluþolsprófanir



Himnusiúbúnaðurinn sem notaður var til að aðskilja mismunandi þætti mysunnar.

og umbúðir valdar. Kremið var að því loknu prófað í neytendakönnun þar sem þátttakendur fengu krem með eða án efniþátta úr mysu,“ segir Sverrir um hið flókna tilraunaferli.

Jafnast á við bestu húðkrem á markaði

„Ég er mjög sáttur með teymið sem kom að rannsókninni hjá Matís, en markmið númer eitt, tvö og þrjú var að vanda til verka og fullgera gæðavöru sem er samkeppnisfær við bestu húðkrem sem eru á markaðnum. Hátt var stefnt enda einvala lið vísindamanna sem Biobú fékk aðgang að.“

Þessi vinna hefði seint farið af stað nema með aðkomu nýsköpunarstyrkja, vísindavinna sem þessi er ekki á færi allra fyrirtækja. Við fengum fyrst styrk frá MiMM (Mjólk í mörgum myndum) og síðar frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og að lokum styrk frá Matvælasjóði í byrjun þessa árs. Að því sögðu stefnum við að því að klára vöruþróun á þessu ári og koma vörunni á markað ef allt gengur upp,“ segir Sverrir að lokum. /smh



Mysukrem í krukum, þar sem afurðin er tilbúin en umbúðirnar eru bráða-birgða.

RÉTTUR



- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

TS 13



Verð: 2.096 kr.
100% burstaður bómull

TS 19
Teygjubolur



Verð: 2.592 kr.
95% bómull, 5% spandex

Frábærir bolir frá Texstar. Halda stærð og lit mjög vel í þvotti.

TEXSTAR

KH
VINNUFÓT

Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Varmadæluskjól

Vönduð - evrópsk framleiðsla

Tilboð
á meðan birgðir endast
kr. 27.990
Verð áður kr. 39.986

Kristján G. Guðjónsson
-heildverslun síðan 1941



Varmadælubúðin

Allar frekari upplýsingar: www.kgg.is
www.kgg.is - 55-20000 - kgg@kgg.is

VÉLBOÐA mykjudreifarar!

Í fjórum útfærslum og mörgum stærðum



VÉLBOÐI
S: 565-1800
www.velbodi.is

Samstarf Skógræktarfélags Reykjavíkur og Tækniskólans um Skógarnytjar: Nemendur kynnast skógrækt og viðarvinnslu frá fyrstu hendi

– Innflutningur viðarafurða losar árlega 50 þúsund tonn koltvísýrings

Skógarnytjar er heiti á samstarfsverkefni Skógræktarfélags Reykjavíkur og Tækniskólans sem felur í sér að nemendur í trésmíði fái að kynnast skógrækt og viðarvinnslu frá fyrstu hendi – frá því að tré er fellt úti í skógi þar til búið er að framleiða úr því smíðavið.

„Fyrsti hópurinn kom í Heiðmörk fimmtudaginn 4. mars og voru það nemendur í húsgagnasmíði undir handleiðslu Sigríðar Óladóttur, húsgagnasmíðameistara og kennara við Byggingatækniskóla Tækniskólans. Sævar Hreiðarsson, skógarvörður Heiðmerkur, fræddi nemendurna um skógrækt, trjátegundir, viðargæði og -vinnslu. Þá felldi hann tré og sagði niður í borð og planku,“ segir í tilkynningu frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Meira verði notað af íslenskum viðarafurðum

Í samstarfsverkefninu er gert ráð fyrir að allir nemendur í húsgagna- og húsasmíði við Tækniskólann komi í heimsókn í Heiðmörk einhvern tíma á námstímanum. „Boðið verður upp á fræðslu um skógrækt, ferlið frá því að tré er fellt og þar til búið er að vinna úr því þurran borðvið, umhverfismál, kolefnisspor viðarins



Sumar trjátegundir sem eru í ræktun á Íslandi geta bundið um og yfir þrjú tonn af kolefni á líftíma sínum.

Mynd / smh

og ávinninginn af því að vinna með innlent timbur. Fleiri hópar úr Tækniskólanum eru væntanlegir í Heiðmörk og verður samstarfið þróað áfram á næstu misserum.

Skógræktarfélag Reykjavíkur leitast við að kynna innlent timbur sem valkost og ýta undir þá þróun að meira sé notað af íslenskum viðarafurðum. Fyrir nokkrum árum var keypt flettsög og hefur félagið selt útiþurran borðvið og bolvið, auk eldiviðar og kurls. Nú hefur verið komið upp lager af inniþurru timbri úr Heiðmörk sem hægt er að nota til að smíða til dæmis húsgögn og innréttingar,“ segir í tilkynningunni.

Nytjaskógar binda meira kolefni

Fram kemur í tilkynningunni að elstu trén í Heiðmörk hafi verið gróðursett fyrir rúmum 70 árum og

víða sé þörf á að grisja skóglendið. Regluleg grisjun viðhaldi vexti og heilbrigði skógarins og auki verðmæti hans, bæði sem útivistarsvæði og þegar kemur að afurðum. Þá sýni rannsóknir að nytjaskógar binda um tvöfalt meira kolefni en skógar sem vaxa óáreittir. Við grisjun fellur svo til timbur sem hægt er að nýta á margvíslegan hátt.

„Íslenskt timbur er umhverfisvænna en innflutt timbur þar sem flutningar til landsins eru orkufrekir. Árlega eru um 50 þúsund tonn af koltvísýringi losað við innflutning viðarafurða. Um leið er timbur loftslagsvænn og endurnýjanlegur kostur. Með nýskógrækt væri hægt að binda mikið kolefni. Sumar trjátegundir sem eru í ræktun á Íslandi geta bundið um og yfir þrjú tonn af kolefni á líftíma sínum,“ segir í tilkynningu Skógræktarfélags Reykjavíkur. /smh

Íslenskar gjafagrindur

Bendum á söluaðila okkar um land allt, www.vig.is

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í 20 ÁR.



Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. Vatnsenda Flóahreppi
vig.is - vig@vig.is - S: 486 1810



Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600



Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
s. 896 9565
loftur@fasteignasalan.is

Þarft þú að selja fasteign?
Persónuleg þjónusta
Fagleg vinnubrögð

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 512 3400 • www.fasteignasalan.is



Heilsárhús efnispakki 123,6 m²

Smáhýsi 24 m²

Sjá nánar á husoghardvidur.is

PÓSTKASSAR

Þessir sígildu -
sterkir úr stáli.
Verð 11.500kr



Léttitækni

Sími 567-6955
lettitaekni@lettitaekni.is

EYJALIND Startarar og Alternatorar

- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

– STARTARAR OG ALTERNATORAR –




Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Ratgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafniðdur. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemas fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufellur 24V í 12V, truflanapættar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Smetninguþjónusta fyrir Landrover. Sínumself fyrir báttaskútur. Bússasællur. Öxulhressur. Spennustöðlar. Dúkur. Rafþjónustakætur. Jarðsamband. Dúðubúgar. Reimskilur fyrir alternatorar. Væðingstæki. Startarar. Legur í alternatorar. Kól í alternatorar. www.asco.is

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAFMAGN

THULE
BRUGGAR
LÉTTBJÓR
BARA TIL
AÐ GETA
AUGLÝST



A.M.K. HEIÐARLEGUR
„LÉTTBJÓR“